



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

**Handbók um heimildaskráningu
samkvæmt APA staðlinum
1. útgáfa**

**Sett saman af Andreu Guðmundsdóttur
Gildir frá skólaárinu 2023-2024**

Efnisyfirlit

Heimildaskráning samkvæmt APA.....	8
Af hverju þarf að fylgja reglum við notkun og skráningu heimilda?.....	8
Tilgangur heimildaskráningar.....	8
Ritstuldur (e. plagiarism).....	8
Sjálfsritstuldur (e. self-plagiarism).....	10
Grunnreglur heimildaskráningar.....	10
Frumheimildir og afleiddar heimildir.....	10
Grunnatriði heimildaskráningar.....	12
Höfundur/-ar heimildar.....	12
Reglur varðandi skráningu höfunda.....	12
Sérstök tilfelli varðandi nöfn höfunda.....	15
Ártal heimildar.....	16
Hvaða ártal á að skrá?.....	17
Dagsetning sem verk var sótt.....	17
Titill heimildar.....	17
Viðbótarupplýsingar við titil.....	18
Uppruni verks.....	19
Hvenær á að skrá staðsetningu fyrir uppruna verks?.....	20
Sjálfstæð verk með útgefanda.....	20
Tímaritsgreinar.....	21
Ritstýrð verk.....	22
Vefslóð.....	22
Samfélagsmiðlar.....	23
Lokaritgerðir.....	23
Notkun á DOI- eða vefslóð (URL).....	23
Tilvísanir.....	25
Nafn höfundar innan sviga.....	25
Nafn höfundar utan sviga.....	26
Tilvísanir í fjölda verka innan eins sviga.....	27
Fleiri en eitt verk eftir sama höfund í sama sviga.....	28
Þegar leggja á áherslu á eitt verk umfram önnur í sama sviga.....	28
Hversu marga höfunda á að nefna í tilvísunum?.....	28
Heimildir með sama höfund og sama ártal.....	29
Höfundar mismunandi verka með sama eftirnafn.....	29

Höfundar sama verks með sama eftirnafn	29
Skammstöfun fyrir heiti hóps í tilvísunum	30
Samræmi á milli tilvísana í texta og heimildaskrá.....	30
Frávik.....	32
Vísað í viðtöl.....	32
Heimildir úr kennslukerfi og á innra neti	32
Annað efni úr kennslukerfi.....	33
Munnlegar heimildir	33
Klassísk verk	34
Vefur/vefsvæði í heild sinni	34
Þegar upplýsingar vantar	34
Beinar tilvitnanir	36
Blaðsíðutal fyrir beinar tilvitnanir	36
Það sem breyta má í beinni tilvitnun án útskýringar	37
Það sem ekki má breyta í beinni tilvitnun án útskýringar.....	37
Villa í beinni tilvitnun	38
Bein tilvitnun sem inniheldur sjálf beina tilvitnun í annað verk	38
Bein tilvitnun sem inniheldur tilvísanir í lok setningar	38
Tvöfaldar gæsalappir í beinni tilvitnun sem er færri en 40 orð	39
Gæsalappir í beinni tilvitnun (fleiri en 40 orð) sem eru afmörkuð frá texta	39
Tilvitnun í fleyga setningu	40
Tilvitnanir í þátttakendur rannsóknar	40
Uppsetning á beinum tilvitnunum	40
Óbeinar tilvitnanir	43
Uppsetning á heimildaskrá	44
Stafrófsröðun í heimildaskrá.....	44
Uppröðun á heimildum eftir sama fyrsta höfund í heimildaskrá	45
Dæmi um vafamál og mögulegar lausnir	46
Hver er höfundur?.....	46
Hversu oft þarf að setja tilvísun í sama verk í sömu efnisgrein?	46
Hvað á að setja í stað blaðsíðutals fyrir beinar tilvitnanir í verk sem eru án blaðsíðutals?	46
Uppflettirit	47
Tímarit.....	47
Tímaritsgrein, prentútgáfa.....	47
Fræðileg tímaritsgrein með DOI slóð	47

Fræðileg tímaritsgrein með vefslóð	48
Fræðileg tímaritsgrein með DOI slóð, 21 eða fleiri höfundar	48
Fræðileg tímaritsgrein með bæði einstaklings- og hóphöfundum, með DOI slóð	48
Fræðileg tímaritsgrein með númer greinar eða eLocator	48
Fræðileg tímaritsgrein, forútgáfa á vef (e. advance online publication)	49
Fræðileg tímaritsgrein, í prentun (e. in press)	49
Fræðileg tímaritsgrein, gefin út á öðru tungumáli en ensku	49
Fræðileg tímaritsgrein, endurútfegin þýðing	49
Tímaritsgrein (e. magazine article)	50
Dagblaðsgrein, bæði í prentútgáfu og prentútgáfu á netinu	50
Bloggpóstur	51
Athugasemd við grein eða póst	51
Ritstjórnargrein (e. editorial)	51
Bækur	51
Bók, önnur útgáfa, með DOI slóð	51
Bók, án DOI slóðar, prentútgáfa eða úr akademískum gagnagrunni	52
Rafbók eða hljóðbók, án DOI, ekki með vefslóð í gagnagrunn	52
Bók þar sem nafn ritstjóra kemur fram á bókakápu	52
Bók með fleiri en einn útgefanda	52
Ritstýrð bók (án höfund), án DOI, úr akademískum gagnagrunni eða prentútgáfa	53
Kafli í ritstýrðri bók, með DOI slóð	53
Kafli í ritstýrðri bók, endurútgáfa, þýtt verk	53
Bók á öðru tungumáli en ensku	54
Endurútgáfa af þýddri bók	54
Endurútfegin bók, rafbók eða hljóðbók	54
Eitt bindi af mörgum bindum	55
Trúarleg verk	55
Forngrísk eða rómversk verk	55
(Sjúkdóms)greiningar handbók	56
Færslur í orðabókum og alfræðiritum	56
Orðabók, samheitaorðabók eða alfræðiorðabók (í heild sinni)	56
Færsla í orðabók, samheitaorðabók eða alfræðiorðabók – hóphöfundur	57
Færsla í orðabók, samheitaorðabók eða alfræðiorðabók – einstaklingshöfundur	57
Færsla á Wikipedia	57
Skýrslur og gráar bókmenntir	58

Skýrsla á vegum ríkisstofnunar eða annarrar skipulagsheildar	58
Skýrsla eftir einstaklingshöfunda á vegum ríkisstofnunar eða skipulagsheildar	59
Skýrsla eftir einstaklingshöfunda á vegum ríkisstofnunar (hluti af seríu)	59
Skýrsla á vegum verkefnahóps (e. task force) eða vinnuhóps (e. working group)	59
Ársskýrsla	60
Siðareglur	60
Styrkur	60
Stefnuskrár og stefnuskrárbreytingar	60
Fréttatilkynningar	61
Stjórnarsýsluheimildir	61
Lög og reglugerðir	61
Þingskjöl, frumvörp og greinargerðir (úr A-deild Alþingistíðinda)	61
Ræður og umræður úr þingsölum (úr B-deild Alþingistíðinda)	61
Dómar	62
Efni kynnt á ráðstefnum	62
Ráðstefnufundur (e. conference session)	62
Kynning á fræðigreini (e. paper presentation)	63
Veggspjaldakynning (e. poster presentation)	63
Framlag á málþingi (e. symposium contribution)	63
Lokaritgerðir	63
Útgefin lokaritgerð (aðgengileg rafrænt t.d. á Skemmunni)	63
Útgefin lokaritgerð (aðgengileg rafrænt í erlendum gagnagrunni)	64
Útgefin lokaritgerð (aðgengileg rafrænt á netinu – ekki í gagnagrunni)	64
Óútgefin lokaritgerð (ekki aðgengileg rafrænt)	64
Gagnrýni	64
Kvikmyndagagnrýni í fræðitímariti	64
Bókagagnrýni í dagblaði	65
Gagnrýni á sjónvarpsþátt birt á vefsíðu	65
Óútgefin verk	65
Óútgefið handrit að rannsóknargrein (e. unpublished manuscript)	66
Handrit í undirbúningi (e. manuscript in preparation)	66
Handrit lagt fram til útgáfu (e. manuscript submitted for publication)	66
Gagnasett, hugbúnaðir, og mælitæki	66
Gagnasett	67
Óútgefin hrá gögn	67

Tölfræðiheimildir (grunnöggn, töflur, línurit, myndrit)	67
Hugbúnaður	68
Hugbúnaður	68
App	69
Efni sem kemur fram í appi	69
Mælitæki	69
Handbók fyrir próf (e. test), mælikvarða (e. scale) eða úttekt (e. inventory)	69
Próf, mælikvarði eða úttekt (án stuðningsrits)	69
Hljóð- og myndefni	69
Kvikmynd	71
Kvikmynd á öðru tungumáli	72
Sjónvarspáttasería	72
Sjónvarps- eða vefþáttur	72
TED Talk	72
Upptaka af vefnámskeiði	73
YouTube myndband eða annað streymt myndband	73
Tónlistaralbúm	74
Eitt lag	74
Hlaðvarp	75
Einn þáttur í hlaðvarpi	75
Upptaka af ræðu	75
Listaverk á safni eða á vefsíðu safns	75
Skýringagraf (e. Infographic)	76
Kort	76
Ljósmynd	76
PowerPoint glærur eða fyrirlestraglósur	77
Samfélagsmiðlaefni	77
Tíst (e. Tweet)	78
Prófíl á Twitter (e. Twitter profile)	79
Færsla á Facebook	79
Facebook síða	80
Instagram mynd eða myndband	80
Veffærsla (e. online forum post)	80
Vefsvæði og vefsíður	80
Fréttagrein af fréttavef (e. webpage on a news website)	81

Vefsíða með hóphöfundi	81
Vefsíða með skilgreindum einstaklingshöfundi	82
Vefsíða á vefsvæði með skráðri dagsetningu þegar efnið var sótt.....	82
Reglur um rithátt og notkun á greinarmerkjum	83
Notkun á punkti	84
Notkun á kommu	84
Skáletrun	85
Notkun gæsalappa	86
Notkun á tvípunktum	87
Framsetning áherslupunkta (e. bulletpoints)	87
Einn svigi í stað tveggja sviga á eftir hvor öðrum	87
Hástafir og lágstafir	87
Titil-ritháttur (e. title case).....	88
Setninga-ritháttur (e. sentence case)	89
Hvenær á að skrifa tölur með tölustöfum og bókstöfum	90
Tíð sagna í mismunandi köflum rannsóknarritgerða	91
Viðmið um uppsetningu skjala samkvæmt APA	93
Blaðsíðutal.....	93
Línubil.....	93
Spássúr	94
Jöfnun efnisgreina.....	94
Inndráttur efnisgreina (e. indentation).....	94
Fyrirsagnir	94

Handbók um akademísk vinnubrögð samkvæmt APA staðlinum

Heimildaskráning samkvæmt APA

Nemendur og starfsmenn í félagsvísinda- og viðskiptadeild við Háskólann á Bifröst eiga að nota APA staðalinn við heimildaskráningu. APA staðallinn er gefinn út af American Psychological Association. Þessi handbók er unnin úr upprunalegu handbókinni. Íslensk þýðing á staðlinum er í samræmi við þær reglur og staðfærslur sem Ritver Háskóla Íslands notast við. Hugtök sem ekki hafa verið þýdd af Ritveri Háskóla Íslands hafa verið þýdd eftir bestu getu. Notast er við nýjustu útgáfu APA staðalsins (7. útgáfu) sem kom út árið 2019. Handbókin verður uppfærð í samræmi við uppfærslur á staðlinum.

APA reglurnar eru mjög ítarlegar. Huga þarf að ýmsum smáatriðum eins og það hvaða upplýsingar á að gefa og í hvaða röð, notkun á greinarmerkjum, skáletrun og notkun hástafa og lágstafa. Hér á eftir er farið ítarlega yfir þessar reglur. Einnig er gefið uppflettirit sem hagnýtt er að nota til upprifjunar við vinnslu verkefna. Dæmin eru ýmist fengin úr upprunalegu APA handbókinni, uppspunnin eða raunveruleg dæmi. Að lokum er farið yfir reglur um rithátt og notkun greinarmerkja ásamt uppsetningu skjala samkvæmt APA.

Þótt að leitast hafi verið við að setja eftirfarandi leiðbeiningar fram villulausar, þá er ekki unnt að ábyrgjast að ávallt sé svo. Ef nemandi eða starfsmaður verður var við villur, ósamræmi við upprunalega handbók APA eða vöntun á upplýsingum, má láta vita í gegnum netfangið: andregud@bifrost.is Handbókin er uppfærð eftir atvikum.

ATH: Lagadeild Háskólans á Bifröst notast við OSCOLA staðalinn.

Af hverju þarf að fylgja reglum við notkun og skráningu heimilda?

Tilgangur heimildaskráningar

Tilgangur heimildaskráningar er að gefa nauðsynlegar upplýsingar til að hægt sé að nálgast öll þau verk sem vísað er til í textanum. Til þess að það sé hægt þarf að sjá til þess að allar upplýsingar séu rétt skráðar. Sérstakrar varúðar skal gæta þegar notast er við heimildaskráningarforrit á borð við Zotero, sérstaklega ef upplýsingum um heimildir er hlaðið sjálfkrafa niður í forritið af netinu. Þá geta upplýsingar komið fram á röngum stöðum sem skilar sér í rangri uppsetningu í heimildaskrá. Þegar notast er við sjálfvirka heimildaskráningu úr slíkum forritum þarf alltaf að yfirfara upplýsingarnar. Einnig þarf að athuga sérstaklega hvort að DOI-slóðir og vefslóðir séu réttar og passa að engir punktar komi á eftir þeim.

Heimildaskráning kemur einnig í veg fyrir ritstuld en með því er átt við orðanotkun, notkun upplýsinga og hugmynda, ásamt notkun á myndrænu efni í eigin verki án þess að geta þess hvaðan það kemur. Í siðareglum Háskólans á Bifröst kemur fram: „Kennarar, rannsakendur og nemendur setja ekki fram hugverk annarra sem sín eigin. Þeir virða höfundarrétt og geta heimilda, í samræmi við viðtekin fræðileg vinnubrögð“ (2019, hlutinn Kennsla, rannsóknir og nám). Sjá nánar um siðareglur Háskólans á Bifröst hér:

<https://www.bifrost.is/um-haskolann/stefnur--og-aaetlanir/sidareglur>

Ritstuldur (e. plagiarism)

Ritstuldur neitar höfundum upprunalegra verka um þann heiður sem þeir eiga skilið fyrir sín verk og vanvirðir framlög þeirra til fræðasamfélagsins. Það kemur líka í veg fyrir að hægt sé að rekja hugmyndir til upprunalegra heimilda og afvegaleiðir hvaðan þekkingin kemur og með hvaða hætti var komist að niðurstöðu. Slíkt skiptir máli þegar kemur að

réttmæti og áreiðanleika upplýsinga. Í handbók nemenda (Háskólinn á Bifröst, 2022, bls. 17) segir:

Virðing fyrir hugverkum annarra er undirstaða vandaðra og fræðilegra vinnubragða. Höfundaréttur er talinn til eignaréttar sbr. lög nr. 73/1972, um höfundalög. Viðurlög við brotum gegn honum er í samræmi við það og ná til allra hugverka sem teljast birt. Það er mikilvægt að í námi við Háskólann á Bifröst sé vandað til verka hvort sem um verkefni í námskeiðum er að ræða eða í lokaritgerðum. Ritstuldur er ekki liðinn innan skólans og um meðferð mála þegar slík tilfelli koma upp gilda ákvæði í reglugerð skólans (29. gr. og 34. gr.).

- Reglugerð Háskólans á Bifröst 29. gr.

Nemendum ber í hvívetna að fara að fyrirmælum og reglum um notkun heimilda í ritgerðum og verkefnum. Sé það ekki gert getur nemandi fengið einkunnina 0 fyrir verkefni, ritgerð eða námskeið. Brjóti nemandi reglur um próftöku eða hafi rangt við skal hann hljóta einkunn 0. Brot geta valdið áminningu eða brottrekstri úr skóla, sbr. 34. gr. reglugerðar þessarar.

- Reglugerð Háskólans á Bifröst 34. gr.

Rektor getur veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu hafi hann gerst sekur um brot á lögum eða reglum háskólans.

Hversu alvarlegar afleiðingar ritstulds eru fer eftir aðstæðum og hvort ritstuldurinn var vísitandi eða óviljandi. Dæmi um óviljandi ritstuld er rangar upplýsingar eða villur í heimildaskráningu sem hafa yfirsést. Þótt að slíkt geti komið fyrir alla einstaka sinnum þá er það ekki afsakanlegt þegar heimildir eru ítrekað rangt skráðar, til dæmis vegna þess að notast var við sjálfkrafa heimildaskráningu í heimildaskráningarforriti án þess að yfirfara hana. Slíkt getur leitt til frádráttar í einkunnagjöf og/eða beiðni um lagfæringu.

Dæmi um vísitandi ritstuld er þegar afritun á sér stað. Jafnvel þótt að einhverjum orðum sé breytt getur verið að um ritstuld sé að ræða ef efnið er að miklu leyti eins og í upprunalegri heimild (e. patchwriting). Að falsa eða afbaka upplýsingar, gögn eða niðurstöður rannsókna eða að nota hugverk annarra sem eigið verk brýtur einnig á siðareglum Háskólans á Bifröst (2022, hlutinn Kennsla, rannsóknir og nám) en þar segir:

Kennarar, rannsakendur og nemendur setja ekki fram hugverk annarra sem sín eigin. Þeir virða höfundarrétt og geta heimilda, í samræmi við viðtekin fræðileg vinnubrögð.

Kennarar, rannsakendur og nemendur eru gagnrýnir á sjálfa sig og vanda störf sín. Þeir falsa ekki eða afbaka upplýsingar, gögn eða niðurstöður rannsókna og forðast hvers kyns mistök og villur. Verði þeim slíkt á viðurkenna þeir mistökin og gera það sem þeir geta til að bæta fyrir þau.

Sjá nánar siðareglur Háskólans á Bifröst (2022) sem finna má hér: [Siðareglur - Háskólinn á Bifröst \(bifrost.is\)](https://www.bifrost.is/sidareglur)

ATH: Ef verið er að endurframkvæma útgefna rannsókn eða notast við hana til hliðsjónar við gerð eigin rannsókna (t.d. varðandi uppbyggingu, skilgreiningar, mælitæki, framkvæmd, rökfærslu, tillögur eða annað) þarf að gera grein fyrir því.

Sjálfsritstuldur (e. self-plagiarism)

Það að notast við eigið efni sem hefur áður verið gefið út líkt og það sé frumverk (verk sem verið er að gefa út í fyrsta skipti) er sjálfsritstuldur. Þetta á einnig við þegar notast er við verkefni sem áður hefur verið skilað inn í námskeiði.

Ef að nemandi vill nota verkefni sem unnin voru í námskeiðum í lokaritgerð þarf að ræða það sérstaklega við leiðbeinanda og fylgja settum reglum skólans. Undantekning frá sjálfsritstuldi er þegar verk sem hefur fengið litla dreifingu er dreift á stærri skala. Sem dæmi má nefna mastersritgerðir eða doktorsritgerðir sem síðar eru gefnar út í fræðiritum að hluta eða í heild sinni. Þá er nægjanlegt að gefa til kynna að verkið sé byggt á viðkomandi ritgerð í athugasemdum höfundar (e. author note).

Besta leiðin til að forðast ritstuld er að fylgja þeim reglum sem settar eru varðandi meðferð og skráningu heimilda ásamt siðferðislegum reglum.

Grunnreglur heimildaskráningar

Þumalputtareglan er sú að vísa í verk einstaklinga sem hafa haft bein áhrif á eigið verk. Hugmyndir, kenningar eða rannsóknir aðra fræðimanna gefa bakgrunnsupplýsingar, styðja við eða hafna eigin rökfærslu og/eða gefa mikilvægar skilgreiningar og gögn. Það á bara að vísa í heimildir sem hafa verið lesnar og eru notaðar í eigin skrifum. Alltaf skal notast við upprunalegar heimildir þegar mögulegt er. Það að styðja við endursögn annarra höfunda í stað upprunalegrar heimildar getur skekkt merkingu frumheimildar.

Auk þess að vísa í hugmyndir annarra fræðimanna þarf að geta heimilda fyrir allar staðreyndir og upplýsingar sem ekki eru almenn þekking. Hvað telst vera almenn þekking er vissulega háð túlkun, en gott er að hugsa um almenna þekkingu sem slíka að fólk þarf ekki að afla sér sérstakra upplýsinga til að hafa þá vitneskju. Jafnvel þótt að heimild sé ekki útgefin eða aðrir geti ekki að nálgast hana, eins og munnlegar heimildir, þarf engu að síður að skrá þær með formlegum hætti.

Það þarf alltaf að vísa í heimildir, hvort sem um ræðir óbeinar tilvitnanir (endursögn) eða beinar tilvitnanir. Finna þarf jafnvægi á milli þess að vísa of sjaldan í heimildir (sem getur leitt til ritstulds) og að vísa of oft í heimildir sem gerir textann þungan og erfiðan yfirlesturs.

Frumheimildir og afleiddar heimildir

Ávallt skal nota frumheimildir (e. primary sources) þegar mögulegt er. Ástæðan er sú að afleiddar heimildir (e. secondary sources) greina og túlka frumheimildir og þar með er ekki sjálfgefið að sú greining eða túlkun sé rétt. Hér ber sérstaklega að hafa vara á þegar afleidd heimild hefur ekki farið í gegnum ritrýningarferli (e. peer review). Sem dæmi er varasamt að treysta endursögn á frumheimildum í lokaritgerðum. Þumalputtareglan er sú að leita alltaf í frumheimild ef vísa á í hana fremur en að styðja við það sem sagt er í afleiddri heimild. Ef lokaritgerð ræðir áhugaverða heimild sem verðugt er að vísa í, er betra að fletta upp þeirri frumheimild í heimildaskrá lokaritgerðarinnar, fá aðgengi að henni, lesa og vísa í hana. Sem dæmi, ef kennari ræðir kennslufni í fyrirlestri er betra að fara í kennslufnið, lesa það og vísa í það, fremur en að vísa í fyrirlesturinn. Undantekning á þessu er þegar frumheimild er óaðgengileg, á öðru tungumáli eða þvúmlíkt. Ef verið er að notast við það

sem sagt er um frumheimild í afleiddri heimild (án þess að lesa frumheimildina) á að vísa í afleiddu heimildina og skrá hana í heimildaskrá. Með öðrum orðum, þá á ekki að vísa í frumheimild ef að hún hefur ekki verið lesin. Þegar notast er við afleidda heimild þá þarf að skrá tilvísun á eftirfarandi hátt:

Uppsetning á tilvísun þegar notast er við afleidda heimild í stað frumheimildar:

Höfundur frumheimildar,	Ártal frumheimildar,	eins og vísað er til í	Höfundur afleiddrar heimildar,	Ártal afleiddrar heimildar
-------------------------	----------------------	------------------------	--------------------------------	----------------------------

Dæmi þegar notast er við afleidda heimild í stað frumheimildar:

Tilvísun með nafn höfundar í sviga:

(Rabbitt, 1982, eins og vísað er til í Lyon og fleiri, 2014)

Tilvísun með nafn höfundar í setningu:

Samkvæmt Rabbit (1982, eins og vísað er til í Lyon og fleiri, 2014)...

Í dæminu hér að ofan er Rabbitt (1982) frumheimildin og Lyon og fleiri (2014) afleidda heimildin sem vitnar í Rabbitt. Sá sem er að skrá hér tilvísun, hefur ekki lesið frumheimildina (Rabbitt, 1982) heldur einungis það sem Lyon og fleiri skrifuðu um Rabbitt. Það inniheldur greiningu og túlkun á orðum Rabbitt. Í þessari tilvísun er því verið að gefa til kynna að það sem rætt er um Rabbitt sé samkvæmt endursögn Lyon o.fl.

ATH: Þar sem notast var við afleidda heimild (verk Lyon o.fl. frá 2014 í dæminu hér að ofan) er einungis sú heimild skráð í heimildaskrá. Frumheimildin er einungis nefnd í tilvísun (Rabbitt frá 1982 í dæminu hér að ofan).

Grunnatriði heimildaskráningar

Að jafnaði þarf að skrá eftirfarandi upplýsingar um hverja heimild í heimildaskrá, að því gefnu að upplýsingarnar séu til staðar:

- **Höfundur/-ar heimildar:** Hver er ábyrgur fyrir þessu verki?
- **Ártal heimildar:** Hvenær var verkið gefið út?
- **Titill heimildar:** Hvað kallast þetta verk?
- **Uppruni verks (e. source):** Hvar er hægt að nálgast þetta verk?

Höfundur/-ar heimildar

Þegar talað er um höfund í samhengi heimildaskráningar er átt við þann eða þá aðila sem ábyrgir eru fyrir verki. Þetta geta verið höfundar greina, bóka, skýrsla og annarra verka en einnig þeir sem spiluðu lykilhlutverk í sköpun verks, svo sem ritstjóri, leikstjóri, aðalrannsakandi skráður fyrir rannsóknarstyrk, þáttastjórnandi hlaðvarps o.s.frv.

Höfundur eða höfundar verks geta verið einn einstaklingur, nokkrir einstaklingar, hópur (skipulagsheild) eða nokkrir hópar, eða bæði einstaklingar og hópar.

Oftast er nöfn höfunda getið á heimildinni en stundum þarf einnig að geta sér til um það út frá samhengi. T.d. er höfundur skýrslu sú skipulagsheild sem gaf hana út nema nöfn einstaklinganna sem skrifuðu skýrsluna fyrir hönd skipulagsheildar séu nefnd í skýrslunni. Það sama á við efni á vefsíðu skipulagsheildar.

Ef ómögulegt er að finna út hver er ábyrgur fyrir verki færast titill verksins í höfundarsætið í staðinn.

Reglur varðandi skráningu höfunda

Nöfn allra höfunda eru skráð í heimildaskrá í þeirri upprunalegu röð sem þau eru nefnd í heimildinni. Ef höfundar hafa fleiri en eitt eftirnafn er röð eftirnafnanna höfð sú sama og í heimildinni. Ekki á að stytta eftirnöfn eða sleppa þeim, jafnvel þó þau séu fleiri en eitt.

Alltaf er vísað í höfund(a) í tilvísunum. Hversu margir höfundar eru nefndir í tilvísunum fer eftir fjölda höfunda og hvort að um fyrstu tilvísun sé að ræða eða áframhaldandi tilvísanir (á eftir þeirri fyrstu). *Sjá nánar í kaflanum um tilvísanir.*

Skráning höfunda í erlendu riti. Þegar um erlend rit er að ræða eru höfundar skráðir eftir eftirnafni, ásamt upphafsstafi fornafns eða fornafna (ef viðkomandi hefur fleiri en eitt fornafn). Sett er komma á milli eftirnafna og fyrsta upphafsstafs og bil á milli upphafsstafa ef um fleiri en eitt fornafn er að ræða.

Uppsetning:

Eftirnafn erlends höfunds, Upphafsstafur fornafns. Upphafsstafur fornafns.

Dæmi:

Adams, D. E.

Undantekning:

Ekki er þörf á að skrá eftirnafn á undan upphafsstafi fornafns í tveimur tilfellum: Ef tilvísun er ekki skráð í heimildaskrá (eins og í tilfelli munnlegra heimilda) eða þegar nöfn koma fram í miðri setningu og því ekki verið að stafrófsraða eftir þeim nöfnum.

Dæmi:

Rice, R. E. og Atkin, C. K. (2008). Public communication campaigns. Theoretical principles and practical applications. Í J. Bryant og M. B. Oliver (ritstj.), *Media effects: Advances in theory and research* (3. útg., bls. 436-468). Routledge.

Hér að ofan er verið að skrá heimild sem er kafli í ritstýrðri bók. Höfundar kaflans eru aðrir en ritstjórar bókarinnar. Í heimildaskrá er heimildinni raðað í stafrófsröð eftir eftirnöfnum höfunda kaflans (sem í þessu tilfalli eru Rice og Atkin) og því eru eftirnöfn þeirra skráð á undan fornöfnum þeirra en það skiptir ekki máli í nöfnum ritstjórnanna (þar sem ekki er verið að stafrófsraða eftir nöfnum þeirra) og því koma upphafsstafir fornafna þeirra á undan eftirnöfnum þeirra.

Skráning höfunda í íslensku riti. Þegar heimildin er íslenskt rit á að skrá nöfn höfunda eins og þau koma fyrir í heimildinni og samkvæmt íslenskri nafnahefð þar sem fornafn er skráð á undan eftirnafni. Þetta á bæði við um íslenska og erlenda höfunda. Fullt nafn er gefið (ekki bara upphafsstafir fornafna eins og tíðkast þegar um ræðir erlend rit). Þetta á við bæði í heimildaskrá og tilvísunum.

Dæmi:

Davíð Þorláksson og Linda Petersen.

Þegar um ræðir íslenska höfunda í erlendu riti eru nöfn þeirra skráð á erlendan máta, þ.e.a.s. eftirnöfnin koma fyrst og síðan upphafsstafir fornafna. Skrá á nöfnin eins og þau eru rituð í erlenda ritinu (t.d. Th í stað Þ).

Dæmi:

Gudmundsson, A.

Fleiri en einn höfundur. Ef um fleiri en einn höfund er að ræða er notast við „og“ á íslensku og „and“ (utan sviga) eða „&“ (innan sviga og í heimildaskrá) á ensku á undan nafni þess höfundar sem síðast er nefndur. Ekki er sett komma á undan „og“ merkinu á íslensku en það er gert á ensku á milli einstaklingshöfunda.

Dæmi á íslensku – engin komma á undan „og“:

Guðrún Kjartansdóttir og Lína Egilsdóttir.

Dæmi á ensku – komma á undan „&“:

Travis, E., & McPhearson, K.

Það þarf að skrá nöfn höfunda upp að 20 höfundum. Þegar höfundar eru 21 eða fleiri eru gefin fyrstu 19 nöfnin, . . . og svo nafn síðasta höfunds.

Dæmi um grein með 21 eða fleiri höfundum:

Kalnay, E., Kanamitsu, M., Kistler, R., Collins, W., Deaven, D., Gandin, L., Iredell, M., Saha, S., White, G., Woollen, J., Zhu, Y., Chelliah, M., Ebisuzaki, W., Higgins, W., Janowiak, J., Mo, K. C., Ropelewski, C., Wang, J., Leetmaa, A., . . . Joseph, D. (1996). The NCEP/NCAR 40-year

reanalysis project. *Bulletin of the American Meteorological Society*, 77(3), 437–471. <http://doi.org/fg6rf9>

Höfundur er hópur fremur en einstaklingur/-ar. Ef höfundur er einhvers konar hópur (t.d. ríkisstofnun, fyrirtæki, rannsóknar- eða vinnuhópur) skal skrifa fullt heiti hópsins í heimildaskrá. Leyfilegt er að notast við skammstöfun í tilvísununum en þó er góð þumalputtaregla að gefa fyrst fullt heiti (í fyrsta skipti sem vísað er í verkið) og gefa til kynna að héðan í frá verði notast við skammstöfun þess.

Dæmi um skráningu í heimildaskrá:

National Institute of Mental Health. (2019).

Dæmi um tilvísunarskráningu á hóphöfundi þar sem notast er við skammstöfun á eftir fyrstu tilvísun:

National Institute of Mental Health (NIMH) gaf út skýrslu (2019) þar sem...

...

...

... (NIMH, 2019).

Á ensku er vanalega sett komma á undan „and/&“ þegar verið er að aðskilja einstaklingshöfunda en það á ekki við þegar um ræðir tvo hóphöfunda.

Dæmi um tilvísunarskráningu á ensku:

American Psychological Association and National Institutes of Health.

Óþekktur höfundur. Ef höfundur er óþekktur eða erfitt er að geta sér til um hann (eða einhvern annan sem kemur að verkinu, s.s. ritstjóra eða útgefanda) er titill verks settur í stað höfunds.

Dæmi um tilvísunarskráningu á fréttagrein af fréttavef með óþekktum höfundi:

Borgar sig að efla háskólana (2023).

ATH: Ef að titillinn á að vera skáletraður í heimildaskránni er hann líka skáletraður í tilvísuninni. Ef titillinn er ekki skáletraður í heimildaskrá eru settar gæsalappir í kringum titilinn í tilvísun. Fyrir enska titla skal nota titil-rithátt (hástafi á helstu orðum) í tilvísun, en ekki í heimildaskrá. Ef titillinn er langur skal stytta hann í tilvísun.

Dæmi um tilvísunarskráningu þar sem bókartitill kemur í stað höfunds:
(*Interpersonal Skills*, 2019)

Dæmi um tilvísunarskráningu á tímaritsgrein eftir óþekktan höfund:
("Understanding Sensory Memory" 2018)

Titill tímaritsgreinar er ekki skáletraður í heimildaskrá og því eru notaðar gæsalappir í staðinn í tilvísun. Notast er við titil-rithátt (hástafi) í tilvísuninni en ekki í heimildaskrá.

Einungis í þeim tilfellum þar sem „óþekktur höfundur“ (e. anonymous) er skráður í heimildinni skal skrifa það í höfundarsætið. Með öðrum orðum, þá á ekki að skrá „óþekktur höfundur“ af eigin frumkvæði þegar höfundur er óþekktur.

Dæmi:

Óþekktur höfundur. (2023).

Anonymous. (2023).

Sérstök tilfelli varðandi nöfn höfunda

Bandstrik í fornöfnum erlendra höfunda. Þegar fornöfn erlendra höfunda innihalda bandstrik á að halda því á milli upphafsstafa fornafna. Í þeim tilfellum er ekki sett bil á milli upphafsstafa.

Uppsetning:

Eftirnafn, Upphafsstafur.-Upphafsstafur.

Dæmi:

Ai-Jun Xu er skráður sem: Xu, A.-J.

Ef fornafnið á eftir bandstrikinu er skrifað með lágstaf er einungis fyrra fornafnið (á undan bandstriki) skráð.

Uppsetning:

Eftirnafn, Upphafsstafur.

Dæmi:

Lee-ann Hawkins er skráð sem: Hawkins, L.

Viðskeyti í nöfnum. Ef viðskeyti fylgja nöfnum á borð við „Jr.“ eða „III“ er sett komma á eftir seinasta upphafsstafi og þar á eftir kemur viðskeytið.

Uppsetning:

Eftirnafn, Upphafsstafur. Upphafsstafur., Viðskeyti

Dæmi:

McKinsey, P. A. Jr. og Autry, L.

Forskeyti á undan eftirnöfnum. Ef forskeyti kemur á undan eftirnafni (t.d. van, de, van de(r), von, de la) eins og algengt er t.d. í hollenskum nöfnum er forskeytið skráð á undan eftirnafni. Forskeytið er skrifað með hástaf í tilfelli hollenskra nafna.

Dæmi:

Van Dijk, T. (1995)

De Vries, R. (2021)

ATH: Það geta verið mismunandi hefðir á milli tungumála hvar forskeytið er staðsett og hvort það sé skrifað með hástaf eða lágstaf. Í vafamálum er best að skoða hvernig nafnið er sett fram í heimildinni og/eða hvernig aðrir hafa vísað í það.

Aukahöfundur. Ef talað er um aukahöfund, sem gefið er til kynna með orðum á borð við e. „with...“ er sá höfundur settur í sviga á eftir aðalhöfundi.

Uppsetning:

Eftirnafn aðalhöfund, Upphafsstafur. (ásamt Eftirnafn aukahöfund, Upphafsstafur.)

Dæmi:

„Paul Spencer with John Williams“ er skráð sem: Spencer, P. (ásamt Williams, J.) Hinsvegar væri aðeins vísað í Spencer í tilvísun: (Spencer, ártal).

Einstaka nöfn. Sum nöfn eru þess eðlis að erfitt er að aðgreina þau í eftirnöfn og fornöfn. Sem dæmi má nefna Aristotle, Plato, Malcolm X, Lady Gaga, og Queen Elizabeth II. Þetta á einnig við um notendanöfn á netinu. Í slíkum tilfellum skal skrá nöfnin eins og þau koma fyrir, án þess að stytta þau eða breyta uppröðun þeirra. Setja skal punkt á eftir nöfnunum.

Titlar höfunda. Ekki á að skrá titla höfunda (t.d. forseti, forstjóri, Prófessor, PhD).

Dæmi:

Prof. Dr. Jeroen Jansz er skráður sem: Jansz, J.

President Joe Biden er skráður sem: Biden, J.

Undantekning:

Þegar annar aðili en höfundur er settur í höfundarsætið er aðkoma viðkomandi aðila að verkinu skilgreind í sviga á eftir nafninu.

Dæmi:

Spielberg, S. (leikstjóri).

ATH: Ef verið er að vísa í kvikmynd, þátt eða myndband er leikstjóri verksins yfirleitt settur í höfundarsætið.

Notendanafn á netinu. Ef notendanafn á netinu er skráð með „@“ merkinu er @notendanafnið sett í [hornklofa].

Uppsetning:

Nafn einstaklings, hóps eða skipulagsheildar sem notast við notendanafnið [@notendanafnið].

Dæmi:

Kristin Mariella [@respectfulmom].

Ártal heimildar

Ávallt skal setja ártal í sviga á eftir upptalningu höfunda.

Dæmi:

Ásgerður Jónsdóttir. (2019).

ATH: Setja á punkta bæði á eftir nafni höfundar og ártali í sviga.

Stundum er viðeigandi að skrá nákvæmari tímasetningu. Þetta á sérstaklega við fréttir eða efni á netinu sem getur breyst eða efni af miðlum (t.d. fréttamiðlum og bloggsgíðum) sem gefa út mikið efni og því er erfiðara að staðsetja efnið einungis eftir ártali. Algengast er að gefa dagsetningu en einnig má skrá árstíð, mánuð eða viku – allt sem gefur nánar til kynna hvenær verkið var gefið út. Ártalið er alltaf skráð fyrst á undan dagsetningu (ártal, dagur. mánuður).

Dæmi:

(2014, 11. október).

ATH: Þótt að nákvæmari tímasetning sé gefin í heimildaskrá er einungis gefið ártal í tilvísunum.

Hvaða ártal á að skrá?

- Fyrir bækur skal skrá höfundarréttardagsetningu (e. copyright date), jafnvel þó að bókin var útgefin á öðru ári. Sem dæmi, ef bók er gefin út í desember 2019 en ártal höfundarréttar er 2020 skal skrá 2020.
- Fyrir tímaritsgreinar skal skrá árið sem árgangurinn kom út, jafnvel þó að ártal höfundarréttar sé annað.
- Ekki á að nota ártal höfundarréttar (e. copyright year) fyrir efni á vefsíðum, sem kemur oft fram neðst á vefsíðu. Ef að engin dagsetning er gefin á því efni sem verið er að nota af vefsíðu skal skrá heimildina með enga dagsetningu (e.d.).
- Fyrir óútgefið efni skal setja ártalið sem verkið var framleitt.
- Ef að verk hefur verið samþykkt til útgáfu en hefur ekki enn verið útgefið er sett „í prentun“ (e. in press) í stað ártals.
- Ef um forútgáfu á vef (e. advance online publication) er að ræða skal segja það á eftir heiti fræðirit. Sjá dæmi í uppflettiriti. Um leið og lokaútgáfa hefur verið gefin út skal nota það ártal (e. final publication date).
- Ef ómögulegt er að notast við nákvæma dagsetningu er skrifað “c.a.” á undan þeirri dagsetningu sem notuð er.

Dagsetning sem verk var sótt

Þrátt fyrir að flestar upplýsingar á netinu séu uppfærðar reglulega þá eru sumar upplýsingar á netinu líklegri til að breytast. Þetta á t.d. við orðabókaskilgreiningar, efni á samfélagsmiðlum, upplýsingar á Google Maps, TripAdvisor, Vísindavefnum o.s.frv. Þetta á líka við efni um árlega viðburði þar sem upplýsingarnar fyrir hvern viðburð breytast árlega. Þegar slíkar heimildir eru skráðar skal gefa dagsetningu þegar efnið var sótt til að gefa til kynna að útgáfan af efninu sem lesandinn sér getur verið öðruvísi en sú sem höfundur notaðist við. Þegar eldra efni er varðveitt (e. archived) er óþarfi að setja slíka dagsetningu. Í raun er sjaldgæft að slík dagsetning sé gefin. Ef svo er, er dagsetningin skrifuð á undan vefslóð: Sótt 11. apríl 2023, af <http://xxxxx>

Titill heimildar

Þegar titill heimildar er skráður þarf fyrst að huga að því hvort að verkið sé standi eitt og sér (t.d. bók eftir einn höfund) eða hvort það sé hluti af stærra heildarverki (t.d. grein í tímariti eða kafli úr ritstýrðri bók eftir marga höfunda).

- Ef verkið er sjálfstætt (ekki hluti af stærra heildarverki) er titill verksins skáletraður.

Dæmi:

Burgess, R. (2019). *Rethinking global health: Frameworks of power*. Routledge.

- Ef verkið er hluti af stærra heildarverki (t.d. grein í tímariti eða dagblaði, eða kafli í ritstýrðri bók eftir marga höfunda) er titill verksins ekki skáletraður heldur er það heildarverkið sem er þá skáletrað.

Dæmi:

Anderson, M. (2018). Getting consistent with consequences. *Educational Leadership*, 76(1), 26-33.

- Skrá skal bæði yfir- og undirtitil. Á milli yfir- og undirtitils er settur tvípunktur og eitt stafbil á eftir. Á eftir tvípunkti kemur hástafur á fyrsta orði.
- Alltaf skal setja punkt á eftir titli, nema titillinn sjálfur endi á öðrum greinarmerkjum sem kemur í stað punkts (t.d. spurningarmerki).

Viðbótarupplýsingar við titil

Stundum eru skráðar viðbótarupplýsingar til að skýra betur upplýsingar um titil. Þessar upplýsingar eru alltaf settar innan sviga eða hornklofa til aðgreiningar á eftir titli. Punkturinn sem á alltaf að koma á eftir titli kemur þá á eftir sviganum eða hornklofanum.

Viðbótarupplýsingar um gerð heimildar. Gefnar eru viðbótarupplýsingar um gerð heimildar ef hún er í óhefðbundnu formi. Þetta á við ef það er á einhvern hátt nauðsynlegt að útskýra gerð heimildar til að gefa betur til kynna hvernig heimild þetta er og í hvaða skyni upplýsingarnar eru gefnar (t.d. upplýsingabæklingur eða auglýsing). Gerð heimildar kemur [í hornklofa] á eftir titlinum. Fyrsti stafur innan hornklofa er með hástaf þegar heimild er skráð á ensku en ekki á íslensku.

Dæmi um efni í óhefðbundnu formi þar sem gefa þarf tegund efnis til kynna:

- Bloggfærsla
- Fréttatilkynning
- Gagnasöfn
- Gagnrýni eða ritdómur
- Hljóðbók eða hlaðvarp
- Hugbúnaðarforrit eða öpp
- Lokaritgerðir
- Tegund samfélagsmiðlaefnis – svo sem mynd, stöðuuppfærsla, tíst, eða myndband;
- Auglýsing eða smáauglýsing
- Sjónvarpsþáttaröð eða kvikmynd;
- Power Point glærur eða annars konar kennsluefni

Dæmi á íslensku:

Helga Birgisdóttir. (2017, 21. desember). *Þegar hjartað missir taktinn* [gagnrýni um bókina *Saga Ástu* eftir Jón Kalman Stefánsson]. Vísir.

<https://www.visir.is/g/20171261032d>

ATH: Í eftirfarandi tilfelli þarf ekki að bæta við viðbótarupplýsingum því að titillinn gefur ótvírætt til kynna að um ræðir ritdóm:

Jóhannes Hraunfjörð Karlsson. (2021, 1. mars). *Ritdómur um Spegil fyrir skuggabaldur*. Kjarninn. <https://kjarninn.is/skodun/2021-03-01-ritdomur-um-spegil-fyrir-skuggabaldur/>

Dæmi á ensku:

Comprehensive meta-analysis (Version 3.3.070) [Computer software].

Viðbótarupplýsingar um útgáfu verks. Ef frumútgáfa verks hefur verið endurútfegin er best að notast við nýjustu útgáfu verks. Vísa þarf í þá útgáfu sem notuð er. Númer útgáfu er tekið fram í sviga (óskáletrað) á eftir titli verks.

Uppsetning:

Höfundur. (Ártal). *Titill* (x. útgáfa). Útgefandi.

Ef sérstaklega er getið þess á heimildinni að útgáfan hafi falið í sér mikla endurskoðun á frumútgáfu eða fyrri útgáfum, má geta þess sérstaklega.

Dæmi:

Höfundur. (Ártal). *Titill* (x. útgáfa, aukin og endurbætt). Útgefandi.

Viðbótarupplýsingar um þýðanda verks. Ef heimildin er þýðing á erlendu verki er nafn þýðandans sett í sviga á eftir titli (óskáletrað).

Uppsetning:

Erlendur höfundur. (Ártal). *Titill bókar* (nafn þýðanda þýddi). Útgefandi. (Frumútgáfa xxxx)

Dæmi:

Scheffler, A. og Donaldson, J. (2022). *Greppikló* (Þórarinn Eldjárn þýddi). Forlagið. (Frumútgáfa 1999)

Tilvísun í sviga: (Scheffler og Donaldsson, 2022/1999)

Tilvísun í setningu: Scheffler og Donaldsson (2022/1999)

Viðbótarupplýsingar fyrir lokaritgerðir. Ef heimildin er óútfegin lokaritgerð á háskólastigi skal setja sviga á eftir titlinum þar sem stendur (óútfegin bakkalárritgerð; óútfegin meistararitgerð; eða óútfegin doktorsritgerð).

Uppruni verks (e. source): Útgefandi/útgáfurit/útgáfumiðill/hýsill

Uppruni verks (e. source) gefur til kynna hvar hægt er að nálgast verkið - hvar það er hýst eða á vegum hvaða aðila það er gefið út. Upplýsingarnar eru alltaf staðsettar á eftir titli. Þær upplýsingar sem gefnar eru um uppruna verks fer eftir tegund verksins.

Þegar verk er hluti af stærra heildarverki (t.d. grein í tímariti, kafli í ritstýrðri bók þar sem mismunandi höfundar koma að hverjum kafla) er heildarverkið (tímaritið eða ritstýrða bókin) uppruni verksins.

Þegar verk stendur sjálfstætt (er ekki hluti af stærra heildarverki, t.d. heil bók, skýrsla, lokaritgerð, kvikmynd, sjónvarpsþáttur, hlaðvarp, gagnagrunnur, samfélagsmiðlar, vefsíður) er uppruni verksins sá sem kemur að útgáfu þess. Hvað er nákvæmlega skráð fer eftir gerð verks.

ATH: Sleppa má upplýsingum um uppruna verks ef sömu upplýsingarnar koma fyrir í höfundarsæti. Það er að segja, ef útgefandi og höfundur er sá sami og heiti útgefandans kemur því nú þegar fram í höfundarsæti má sleppa því að nefna útgefanda í útgefandasætinu til að forðast endurtekningu.

Hvenær á að skrá staðsetningu fyrir uppruna verks?

Þegar uppruni verks er tengdur við ákveðna staðsetningu, (t.d. þegar verkið er kynning á ráðstefnu) þarf að gefa upplýsingar um staðsetninguna (t.d. hvar ráðstefnan fór fram). Þá er gefið borgarheiti (eða heiti fylkis eða héraðs, og heiti lands. Notast er við skammstafanir fyrir fylki í Bandaríkjunum (og í öðrum löndum þar sem notast er við skammstafanir á fylkjum, t.d. í Ástralíu og Kanada).

Dæmi:

New York, NY, Bandaríkin
 Vancouver, BC, Kanada
 Sydney, NSW, Ástralía
 Istanbul, Tyrkland
 Lima, Perú
 London, England

ATH: Staðsetning útgefanda sjálfstæðra verka (s.s. staðsetning bókaútgefenda) er ekki skráð.

Sjálfstæð verk með útgefanda

- Heiti útgefanda er skráð fyrir bækur, kafla í ritstýrðum bókum, skýrslur, hugbúnaði, öpp og gagnagrunna.
- Á eftir heiti útgefanda er settur punktur.
- Staðsetning útgefanda er ekki skráð.
- Skrifa á heiti útgefandans eins og það kemur fyrir í heimildinni og setja punkt á eftir.
- Ekki á að skammstafa heiti útgefandans nema slíkt sé gert í heimildinni sjálfri.
- Ef heiti útgefanda er skrifað með hástöfum á hverjum staf í verkinu sem verið er að vísa í skal gera slíkt hið sama. Dæmi: SAGE Publishing.
- Nákvæmt heiti útgefandans getur verið aðeins mismunandi eftir heimildum (t.d. SAGE Publishing vs. Sage Publications). Ekki er þörf á að samræma heitin á milli mismunandi heimilda. Betra er að skrifa heiti útgefanda eins og þau koma fyrir í hverri heimild fyrir sig.
- Ef verkið er gefið út af dótturfélagi eða undirútgáfu (e. imprint eða e. division) sem er hluti af stærri útgefanda á að skrá undirfélagið sem útgefanda.
- Sleppa á orðum sem gefa til kynna rekstrarform útgefandans (t.d. Inc. Ltd. LLC) í heiti útgefanda.

- Ef um rafrænar bækur er að ræða er bætt við DOI-slóð eða vefslóð á eftir nafni útgefanda.
- Ef útgefandi er settur í höfundarsæti á ekki að endurtaka heiti hans í útgefandasæti. Ef fleiri en einn útgefandi kemur að útgáfu verks á að nefna þá alla í þeirri röð sem þeir eru nefndir. Heiti þeirra eru aðskilin með semíkommu.

Dæmi:

Guilford Press; Basic Books.

Uppsetning:

Nafn höfundar. (ártal). *Titill bókar*. Útgefandi. www.xx

Dæmi:

Burgess, R. (2019). *Rethinking global health: Frameworks of power*. Routledge.

Ef bók, grein eða annað efni er sótt af vef er gefin DOI-slóð eða vefslóð í stað útgefanda.

Tímaritsgreinar

Þegar um tímaritsgreinar er að ræða – fræðigreinar, tímaritsgreinra, blaðagreinar, fréttablöð eða blogg – er gefið heiti útgáfurits á eftir titli verks. Á eftir heiti útgáfurits eru settar upplýsingar um árgang, númer tölublaðs og blaðsíðutal fyrir umrædda grein í útgáfuritinu.

Upplýsingar um árgang, tölublað og blaðsíðutal eru yfirleitt gefnar fyrir fræðigreinar í útgefnum fræðitímaritum en líklegt er að margar greinar af netinu (t.d. á fréttavefum og bloggveitum) séu án slíkra upplýsinga. Í slíkum tilvikum má sleppa þeim upplýsingum og skrifa einungis titil útgáfurits. Dæmi: *The New York Times*.

ATH: Hér þarf að huga vel að smáatriðum:

- Skrifa á heiti útgáfurits eins og það kemur fyrir í frumheimild. Ef heiti útgáfuritsins er skammstafað í verkinu á að halda þeirri skammstöfun. Hins vegar á ekki að skammstafa heiti útgáfurita af eigin frumkvæði né halda skammstöfun sem notuð er í afleiddri heimild (t.d. í annarri heimildaskrá) áfram ef það er ekki gert í upprunalegri heimild.
- Heiti erlendra útgáfurita er skrifað með hástöfum á helstu orðum, það nefnist titilrítháttur (e. title case). Góð þumalputtaregla er að skrifa heitið eins og útgáfuritið birtir það.
- Heiti útgáfurits og númer árgangs er skáletrað. Á milli heiti útgáfuritsins og númer árgangs er sett komma (ekki skáletruð).
- Númer tölublaðs kemur í sviga beint á eftir árgangi þegar það á við. Ekkert bil er á undan sviganum og ekki skáletrun innan svigans.
- Á eftir sviganum er sett komma, og þar á eftir blaðsíðutal. Hvorugt er skáletrað. Á eftir blaðsíðutali kemur punktur.
- Ef grein er sótt af netinu er gefin DOI-slóð eða vefslóð.

Uppsetning:

Nafn höfundar. (Ártal). Titill greinar. *Titill útgáfurits, árgangur*(tölublað), xx-xx. <https://>

Dæmi:

Priante, A., Ehrenhard, M. L., van den Broek, T., & Need, A. (2018). Identity and collective action via computer-mediated communication: A review and agenda for future research. *New Media & Society*, 20(7), 2647–2669.

<https://doi.org/10.1177/1461444817744783>

Ritstýrð verk

Fyrir ritstýrða bókakafla (þar sem mismunandi höfundar skrifa hvern kafla) og færslur í uppflöttiritum (t.d. orðabókaskilgreiningar), er uppruni verks ritstýrða heildarverkið/uppflöttiritið. Áður en titill heildarverks er nefndur er nafn eða nöfn ritstjóra nefnd og skilgreint innan sviga að um ritstjóra sé að ræða. Bæði í tilfelli erlendra og íslenskra ritstjóra koma fornöfn á undan eftirnafni (þetta er undantekning þar sem nafn ritstjóra er ekki í höfundarsæti).

Uppsetning:

Nafn höfundar. (ártal). Titill kafla/greinar. Í Nafn ritstjóra (ritstjóri), *Titill bókar* (bls. xx-xx). Útgefandi. <https://doi...> eða www.xx

Ef gefa þarf auka upplýsingar um útgáfu og/eða árgang þarf að bæta því við innan svigans á undan blaðsíðutali. Upplýsingarnar eru aðskildar með kommu.

Titill bókar (2. útg., bindi 3, bls. xx–xx).

Dæmi:

Jóhannes B. Sigtryggsson. (2011). Komma. Í Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstjóri), *Handbók um íslensku* (bls. 106–111). JPV.

ATH: Það á ekki að vísa í gagnagrunna fyrir fræðilegar tímaritsgreinar, svo sem APA PsycNET, PsycINFO, Academic Search Complete, CINAHL, Ebook Central, EBSCOhost, Google Scholar, JSTOR, MEDLINE, Nexis Uni, Ovid, ProQuest, PubMed Central, ScienceDirect, Scopus, Web of Science, Leitir.is og Academia.edu. Einu undantekningarnar eru þegar söfn greina eru ekki aðgengileg víða, sem dæmi JSTOR primary sources collection, gagnagrunnur ProQuest fyrir lokaritgerðir og PubMed Central authors' final peer-reviewed manuscripts. Þetta á líka við um Skemmuna.

Vefslóð

Þegar verk má finna á vefsíðu er heiti hennar skráð sem uppruni verks (e. source). Heitið er ekki skáletrað. Punktur er settur á eftir heiti vefsíðunnar. Á eftir kemur vefslóðin. Þumalputtareglan sú að vísa eins ítarlega í efnið og hægt er:

- Gefa nákvæma vefslóð (sem dæmi er ekki nóg að vísa í forsíðu ef efnið kemur fram á undirsíðu).
- Ekki skal skrifa „doi:“ eða „sótt af“ fyrir framan DOI-slóð eða vefslóðina.

ATH: Ef búið er að færa heiti vefsíðunnar í höfundarsætið á ekki að nefna það aftur í uppruna verks til að forðast endurtekningu.

Samfélagsmiðlar

Það á einungis að nota samfélagsmiðla sem heimildir þegar efnið var upprunalega gefið út þar. Í þeim tilfellum er heiti samfélagsmiðilsins gefið sem uppruni verks (ekki skáletrað). Á eftir heitinu er settur punktur og svo vefslóðin.

Lokaritgerðir

Heimildaskráning fyrir lokaritgerðir fer eftir því hvort þær séu útgefnar eða ekki. Hér skiptir máli hvort að lokaritgerðin sé aðgengileg rafrænt eða ekki. Fyrir þær lokaritgerðir sem eru óútgefnar (ekki aðgengilegar rafrænt) á heiti háskólans að koma í útgefandasæti (uppruni verks, e. source) en þegar þær hafa verið gefnar út (eru aðgengilegar rafrænt) á heiti háskólans að koma í hornklofa á eftir titli. Heiti á varðveislusafni (t.d. Skemman) er þá sett í útgefandasætið (uppruni verks).

Uppsetning fyrir útgefna lokaritgerð (aðgengileg rafrænt):

Höfundur. (Ártal). *Titill lokaritgerðar* (útgáfunúmer ef ritgerð er í erlendum gagnagrunni) [bakalárritgerð/meistararitgerð/doktorsritgerð, heiti á háskóla]. Nafn á varðveislusafni/gagnagrunni.

Uppsetning fyrir óútgefna lokaritgerð (ekki aðgengileg rafrænt):

Höfundur. (Ártal). *Titill lokaritgerðar* [óútfegin bakalárritgerð/meistararitgerð/doktorsritgerð]. Nafn háskóla.

Notkun á DOI- eða vefslóð (URL)

DOI stendur fyrir e. digital object identifier og er sérstök slóð sem gefur tengil á staðsetningu fræðilegs verks á netinu. DOI slóð er vanalega gefin á fyrstu blaðsíðu fræðigreina og hefst vanalega á <http://doi.org>, <http://dx.doi.org> eða DOI: og þar á eftir kemur talna/bókstafaruna. Útgefandi útbýr DOI fyrir fræðileg verk við útgáfu þeirra.

URL stendur fyrir e. uniform resource locator og er vefslóð sem leiðir að staðsetningu verks á netinu.

- Ávallt skal gefa upp DOI slóð ef hún er gefin í verki, jafnvel þótt notast hafi verið við prentútgáfu.
- Ef engin DOI slóð er gefin í prentuðu verki á heldur ekki að gefa vefslóð (URL).
- Frekar á að gefa DOI slóð en vefslóð (URL).
- Gefa skal vefslóð (URL) fyrir efni á vefsíðum sem ekki hefur DOI slóð.
- Ef verk sem fengið er úr fræðilegum gagnagrunni hefur ekki DOI slóð á ekki að setja vefslóð (URL) né heiti gagnagrunnsins (t.d. ScienceDirect, Academia.edu, Google Scholar) þar sem slík verk eru víða aðgengileg (í mörgum gagnagrunnum). Í slíkum tilfellum er heimildin skráð líkt og um prentaða útgáfu sé að ræða.
- Ef vefslóðin er ekki lengur til eða ekki aðgengileg, skal skrá heimildina með engan uppruna (e. no source).

- DOI- og vefslóðir eru gefnar sem tenglar (e. hyperlinks). Þær eiga að byrja á <http://> eða <https://>
- Samkvæmt International DOI Foundation er nógildandi uppsetning á doi slóðum eftirfarandi: <https://doi.org/xxxxx> (í stað xxxxx kemur DOI númerið sem skráð er á hverja fræðigrein). Áður hefur verið notast við aðrar uppsetningar (t.d. <http://dx.doi.org> og doi: xxxxx eða DOI: xxxxx) en staðla á allar DOI slóðir samkvæmt nógildandi uppsetningu.

Dæmi:

Þrátt fyrir að eldri grein gefi DOI slóð upp á eftirfarandi hátt: DOI: 10.1037/a0040251 á að skrá hana með eftirfarandi tengli:
<https://doi.org/10.1037/a0040251>

Þetta gerir lesandanum auðveldara fyrir að nálgast heimildina þar sem þetta er beinn tengill.

- Þar sem tenglarnir (e. hyperlinks) leiða lesendur beint að efni er óþarfi að setja „Sótt af“ (e. Retrieved from/accessed from) á undan.
- Það skiptir ekki máli hvort að tenglarnir (e. hyperlinks) séu bláir og undirstrikaðir (sem gerist oft sjálfkrafa í Microsoft Word) eða venjulegur texti (í svörtum lit án undirstrikunar).
- Það þarf að sjá til þess að tenglarnir séu virkir ef verkið er gefið út eða lesið á netinu. Best er að afrita og líma (e. copy and paste) tengla af netinu í stað þess að skrá DOI- eða vefslóðir handvirkt til að forðast villur í skráningu. Ekki má breyta neinu í slíkum tenglum né bæta greinarmerkjum við í lok þeirra. Einnig má ekki skipta tengli á milli lína nema forritið geri það sjálfkrafa.
- Ef að DOI- eða vefslóð (URL) er of löng eða flókin má notast við forrit sem stytta hana. Helst skal notast við þjónustu á vegum International DOI Foundation (<http://shortdoi.org>). Leyfilegt er að notast við aðrar slíkar þjónustur ef tengillinn er réttur (mikilvægt er að athuga það).
- Mikilvægt er að athuga rétt fyrir skil (sérstaklega á lengri verkefnum) hvort að tenglar í efni á netinu séu enn virkir og hægt sé að nálgast það. Það á ekki að hafa óvirka eða brotna tengla í heimildaskrá.

Tilvísanir

Tilgangur tilvísana í texta (einnig í töflu, myndriti, neðanmálsgrein, eða í viðauka) er að gefa stuttlega til kynna um hvaða heimild ræðir með því að vísa í nafn höfundar og ártal sem heimildin kom út. Nánari upplýsingar um heimildina fást svo með því að skoða heimildaskrána.

Einungis er notast við eftirnöfn erlendra höfunda í tilvísunum en full nöfn íslenskra höfunda. Þegar höfundur er hópur (t.d. stofnun eða fyrirtæki) er hægt að notast við skammstöfun en ávallt þarf að setja fullt heiti í fyrstu tilvísun og gefa til kynna hver skammstöfunin er sem notast er við í tilvísunum þar á eftir.

Einungis er notast við ártal (ekki nákvæmari dagsetningu) í tilvísunum, jafnvel þótt nákvæmari dagsetning sé gefin í heimildaskrá. Ef heimildin hefur ekkert ártal er sett „e.d.“ (á ensku n.d.) í stað ártals.

Í tilvísunum er hægt er að hafa nafn höfundar innan eða utan sviga, þá sem hluti af setningunni sjálfri.

Nafn höfundar innan sviga

Bæði höfundur og ártal kemur fram innan sviga, aðskilið með kommu. Hægt er að nota tilvísun innan sviga bæði í miðri setningu og í lok hennar en aldrei í byrjun setningar.

ATH: Þegar tilvísun innan sviga kemur í lok setningar á að setja greinarmerkið (oftast punkt) á eftir sviganum! Ekki er settur punktur á undan sviganum.

Dæmi:


Falsely balanced news coverage can distort the public's perception of expert consensus on an issue (Koehler, 2016).

Ef settur er auka texti innan svigans þarf að aðskilja ártalið með kommu sitthvorum megin við ártalið:

Dæmi:

Falsely balanced news coverage can distort the public's perception of expert consensus on an issue (sjá Koehler, 2016, fyrir nánari upplýsingar).

ATH: Til að bæta við slíkum upplýsingum í Zotero þarf að ýta einu sinni á tilvísunina í leitarglugganum (það sem er yfirstrikað í bláu) til að opna eftirfarandi glugga þar sem hægt er að bæta við upplýsingum á undan höfundi (e. prefix) og á eftir höfundi (e. suffix). Hér þarf að muna að bæta við kommu handvirkt á eftir ártalinu þar sem Zotero gerir það ekki sjálfkrafa.




Setja þarf semíkómmu til að aðskilja umfangsmeiri texta innan svigans frá tilvísuninni. Í dæminu hér að neðan er gefið enskt heiti yfir hugtak auk tilvísunar.

Dæmi:

Mikilvægt er að skoða möguleika hvers miðils (e. affordances; Halpern og Gibbs, 2013).


Hér má sjá hvernig slíku er bætt við í Zotero. Setja þarf semíkómmuna inn handvirkt þar sem Zotero gerir það ekki sjálfkrafa:



Nafn höfundar utan sviga

Oft er vísað í höfundinn í setningunni sjálfri. Þá er óþarfi að endurtaka nafn hans í sviga. Þá er ártalið einungis sett í sviga beint á eftir nafni höfundar. Stundum kemur bæði nafn höfundar og ártal fram í setningunni og þá á að sleppa sviganum alfarið. Það er þó sjaldgæft.

Til að fá einungis ártal fram í sviga (sleppa nafni höfundar í sviganum) í Zotero þarf að ýta einu sinni á tilvísunina í leitarglugganum (það sem er yfirstrikað í bláu) og haka við "Suppress Author". Þar er einnig hægt að bæta við blaðsíðutali fyrir beinar tilvitnanir.



Tilvísanir í fjölda verka innan eins sviga


Oft er verið að gefa yfirlit eða draga saman efni nokkra heimilda á sama tíma sem leiðir til þess að gefa þarf tilvísanir í fjölda verka á sama stað. Í slíkum tilfellum þarf að setja allar tilvísanir í einn sviga með semikommum á milli sem aðskilur tilvísanirnar. Það á ekki að setja tvo eða fleiri sviga á eftir hvor öðrum. Höfundum er raðað upp í stafrófsröð.

Dæmi: (Adams o.fl., 2019; Shumway og Shulman, 2015; Westinghouse, 2017)


Til að fá nokkrar tilvísanir í einn sviga í Zotero þarf fyrst að ýta á örina við hliðina á “Z” merkinu í leitarstrengnum og velja Classic View.



Undir Classic View þarf að velja flipann “Multiple Sources...”



Undir “Multiple Sources...” er hægt að færa þær heimildir sem á að setja í einn sviga í gluggann hægra megin og ýta svo á “OK” til að fá Zotero til að útbúa einn sviga með tveimur eða fleiri tilvísunum.



Fleiri en eitt verk eftir sama höfund í sama sviga

Þegar fleiri en eitt verk eftir sama höfund kemur í sama sviga á að nefna nafn höfundarins aðeins einu sinni og aðskilja ártölin með kommu á milli. Raða á heimildunum í tímaröð, elsta heimildin kemur fyrst (lengst til vinstri) og svo koll af kolli. Þær heimildir sem ekki eru með ártal eru nefndar fyrst (líka á undan þeirri elstu). Ef fleiri en ein heimild er með sama ártal er bætt við lágstafa bókstöfum til að aðskilja þær.

Dæmi:

(Department of Veterans Affairs, e.d., 2017a, 2017b, 2019)

Ef höfundar eru nefndir utan sviga (í setningunni sjálfri) þurfa þeir ekki að vera nefndir í stafrófsröð.

Dæmi:

Suliman (2018), Gutiérrez (2012, 2017) ásamt Medina og Reyes (2019) rannsókuðu...

Þegar leggja á áherslu á eitt verk umfram önnur í sama sviga

Ef leggja á áherslu á eina heimild í sviga þar sem vísað er í nokkrar heimildir, er hún sett fyrst í sviganum, svo er sett semíkomma og bætt við „sjá líka“ og svo upptalning á hinum heimildunum í stafrófsröð með semíkommum á milli hversrar heimildar. Með þessu er hægt að sýna fram á að eftirfarandi heimild sé sú nýlegasta, mikilvægasta eða á best við rannsóknina að einhverju leyti.

Dæmi:

(Sampson og Hughes, 2020; sjá einnig Augustine, 2017; Melara o.fl., 2018; Pérez, 2014)

Hversu marga höfunda á að nefna í tilvísunum?

Hversu margir höfundar eru nefndir í tilvísun fer eftir fjölda höfunda.

- **1-2 höfundar:** Höfundur/-ar eru nefndir í hverri tilvísun
- **3 eða fleiri höfundar:** Nafn fyrsta höfunds „og fleiri“ (e. et al.)

Ef það skapar rugling að nefna einungis fyrsta höfund af því að önnur heimild hefur sama fyrsta höfund og sama ártal (og sett er „og fleiri“ í stað eftirnafna hinna höfundanna) þarf að nefna fleiri en fyrsta höfund þangað til að það verður ljóst um hvora heimildina er að ræða.

Dæmi:

Kapoor, Bloom, Montez, Warner og Hill (2017)

Kapoor, Bloom, Zucker, Tang, Paul, L'Enfant, Kim og Daly (2017)

Báðar tilvísanir væru vanalega skráðar sem Kapoor og fleiri (2017) en það gerir lesandanum erfitt fyrir að vita um hvora heimildina ræðir.

Hér þarf því að aðgreina þær svona:

Kapoor, Bloom, Montez og fleiri (2017)

Kapoor, Bloom, Zucker og fleiri (2017)

Hér verður einungis skýrt eftir að þriðji höfundur hefur verið nefndur um hvaða heimild ræðir og því þarf að skrifa upp nöfn fyrstu þriggja höfunda og bæta svo við „og fleiri“ fyrir síðustu höfundana. Ef að það væru einungis fjórir höfundar í þessu tilfellum ætti að skrifa nafn síðasta höfundarins í stað þess að setja „og fleiri.“

Kapoor, Bloom, Thompson ~~og fleiri~~ og Abdul (2017).

Heimildir með sama höfund og sama ártal

Ef fleiri en ein heimild er með sama höfund og sama ártal þarf að aðskilja þær með lágstafa bókstöfum beint á eftir ártali (án bils).

Dæmi:

(Jones, 2015a)

(Jones, 2015b)

Ef það er ekkert ártal þá er sett bandstrik á milli e.d. og bókstafsins.

Dæmi:

(Jónas Lárusson, e.d.-a)

(Jónas Lárusson, e.d.-b)

Þegar verk er í prentun (e. in press) er sett bandstrik á milli í prentun og bókstafsins.

Dæmi:

(David Morse, í prentun-a)

(David Morse, í prentun-b)

Höfundar mismunandi verka með sama eftirnafn

Ef fyrsti höfundur verks hefur sama eftirnafn og annar fyrsti höfundur (á öðru verki) en þeir hafa mismunandi upphafsstafi á fornöfnum sínum þarf að setja upphafsstafina með í tilvísanir, jafnvel þó að ártalið sé mismunandi. Þetta á þó einungis við um fyrstu höfunda.

Dæmi:

(T.U. Taylor og Tullman, 2012; E. Taylor, 2016)

Höfundar sama verks með sama eftirnafn

Ef tveir eða fleiri höfundar sama verks hafa sama eftirnafn er óþarfi að setja upphafsstafi fornafna þeirra með í tilvísun.

Dæmi:

(Chen og Chen, 2015)

Skammstöfun fyrir heiti hóps í tilvísunum

Ef höfundur er hópur má notast við fullt heiti hópsins í fyrstu tilvísun og skammstöfun þar á eftir. Þá er skammstöfunin gefin til kynna í fyrstu tilvísun. Þetta er aðallega gert ef skammstöfunin er vel þekkt, ef fullt heiti er langt og íþyngir textanum, eða heiti hópsins verður nefnt að minnsta kosti þrisvar sinnum í ritgerðinni. Athugið að aldrei er notast við skammstöfun í heimildaskránni heldur ávallt fullt heiti.

Dæmi:

Fyrsta tilvísun:

(National Institute of Mental Health [NIMH], 2020) eða National Institute of Mental Health (NIMH, 2020)

Tilvísanir þar á eftir:

(NIMH, 2020)

Tafla 1: Yfirlit yfir uppsetningu höfunda í tilvísunum

Fjöldi höfunda	Nafn höfundar innan sviga	Nafn höfundar í texta
Einn höfundur -Erlendur -Íslenskur	(O'Bryan, 2023) (Guðrún Elíasdóttir, 2021)	O'Bryan (2023) Guðrún Elíasdóttir (2021)
Tveir höfundar -Erlendir -Íslenskir	(Rodriquez og Clark, 2021) (Ingólfur Oddson og Eva Ingadóttir, 2017)	Rodriquez og Clark (2021) Ingólfur Oddson og Eva Ingadóttir (2017)
Þrír eða fleiri höfundar (einstaklingar eða hópar)	(Hamilton o.fl., 2022)	Hamilton o.fl. (2022)
Hópur höfunda þar sem notast verður við skammstöfun -Fyrsta tilvísun -Tilvísanir eftir þá fyrstu	(Félag íslenskra tónlistarmanna [FÍH], 2019) (FÍH, 2019)	Félag íslenskra tónlistarmanna (FÍH, 2019) FÍH (2019)
Hópur höfunda þar sem ekki er þörf á skammstöfun	(Háskólinn á Bifröst, 2018)	Háskólinn á Bifröst (2018)

Samræmi á milli tilvísana í texta og heimildaskrá

Öll verk sem vísað er í í meginmáli þurfa að koma fram í heimildaskrá og öfugt.

Undantekningar frá þeirri meginreglu eru eftirfarandi:

- Einungis eru gefnar tilvísanir í munnlegar heimildir. Munnlegar heimildir eru ekki skráðar í heimildaskrá þar sem lesendur geta ekki nálgast þær.

- Einungis eru gefnar tilvísanir í vefsíður, þegar verið er að vísa í þær í heild sinni (fremur en einstaka undirsíður), algengan hugbúnað og öpp. Slíkt er ekki skráð í heimildaskrá.
- Þegar notast er við fleyga setningu (e. epigraph) er heimild hennar ekki skráð í heimildaskrá. Nafn höfundar og rits (ef við á) er gefið í næstu línu fyrir neðan í meginmáli.
- Beinar tilvitnanir í þátttakendur rannsóknar eru ekki skráðar í heimildaskrá né sem munnlegar heimildir.

ATH: Í heimildaskrá getur verið að mánuður, árstíð, eða dagsetning sé skráð auk ártals. Í tilvísunum er þó einungis skráð ártal í öllum tilvikum.

Frávik

Vísað í viðtöl

Þegar vísað er í viðtöl skiptir máli hvernig viðtöl um ræðir.

- **Útgefin viðtöl:** Svo sem í tímaritum, dagblöðum, útvarpsþáttum, hlaðvörpum, á myndbandssíðum eins og YouTube, sjónvarpsþætti, eða afritun af myndbands- eða hljóðupptöku. Fyrir slík viðtöl þarf að vísa í heimildina eftir tegund miðils.
- **Persónuleg viðtöl:** Þegar persónuleg viðtöl eru tekin til að fá upplýsingar sem styðja við rökfærslu, t.d. í fræðilegum kafla, er vísað í þær sem munnlegar heimildir þar sem lesendur geta ekki nálgast þau.
- **Viðtöl við þátttakendur rannsóknar:** Þegar viðtöl eru tekin sem hluti af gagnaöflun rannsóknar og verið er að setja niðurstöður þeirra fram í fyrsta skipti í niðurstöðukafla þarf ekki að gefa tilvísanir í slík viðtöl.

Heimildir úr kennslukerfi og á innra neti

Sumar heimildir eru ekki aðgengilegar lesendum. Þetta á við um efni eins og kennsluefni innan kennslukerfis (t.d. Canvas) og heimildir sem finna má á innra neti fyrirtækja. Þegar kemur að tilvísunum í slík verk skiptir aðgengi að þeim máli. Þumalputtareglan er sú að ef lesandinn getur nálgast upprunalega heimild, þá er tilvísun í slíka heimild sett upp á hefðbundinn hátt eftir gerð hennar (sjá dæmi að neðan). Sem dæmi, ef um ræðir verkefni innan námskeiðs þar sem vísað er í kennsluefni innan Canvas sem kennari hefur aðgang að (og hefur í flestum tilfellum sett inn sjálfur) og verkefnið er ekki ætlað til almennrar dreifingar utan námskeiðs þá er vísað í heimildina á hefðbundin hátt og heimildin skráð í heimildaskrá. Þá er Canvas skráð sem uppruni efnis (hýsill) og vefslóð er gefin í Canvas. Ef lesandinn getur hinsvegar ekki nálgast efnið þarf að skrá þetta sem munnlega heimild.

ATH: Það er alltaf betra að vísa beint í upprunalega heimild, t.d. ef að glærur eru byggðar á kennslubók þá er skynsamlegra að finna upplýsingarnar í kennslubókinni og vísa í hana.

Uppsetning á heimildaskráningu fyrir fyrirlestur úr kennslukerfi:

Höfundur.	(Ártal).	Titill	Tegund efnis úr kennslukerfi.	Upptök efnis (e. source).	Vefslóð
Nafn kennara.	(Ártal).	Heiti fyrirlesturs	[PowerPoint glærur]. Gera þarf grein fyrir mismunandi tegundum efnis innan kennslukerfis.	Heiti kennslukerfis þar sem finna má heimildina.	Vefslóð – ef þörf er á að skrá sig inn þarf að gefa vefslóð í upphafssíðuna þar sem þarf að skrá sig inn

Dæmi: Fyrirlestur úr kennslukerfi

Jón Arnarson. (2023). *Inngangur að viðskiptafræði* [PowerPoint glærur].

Canvas@Bifrost. <https://bifrost.instructure.com/>

Mack, R. og Spake, G. (2018). *Citing open source images and formatting references for presentations* [PowerPoint glærur]. Canvas@FNU.
<https://fnu.onelogin.com/login>

Tilvísun með nafni höfunda í sviga:
 (Jón Arnarson, 2023; Mack og Spake, 2018)

Tilvísun með nafni höfunda í setningu:
 Jón Arnarson (2023) og Mack og Spake (2018)

Annað efni úr kennslukerfi

Einnig er hægt að vísa í aðrar tegundir efnis úr kennslukerfi, t.d. glósur úr fyrirlestri. Það þarf alltaf að gera grein fyrir tegund efnis í [hornklofa] á eftir titli verks. Í dæminu hér að neðan er þó enginn titill á efninu og því þarf skýringin á efninu að duga.

Dæmi:

Canan, E. og Vasilev, J. (2019, 22. maí). [Glósur úr fyrirlestri]. Department of Management Control and Information Systems, University of Chile.
<https://uchilefau.academia.edu/ElseZCanan>

Munnlegar heimildir

Allar heimildir sem lesendur geta ekki nálgast (hafa ekki aðgang að) eru skráðar sem munnlegar heimildir í tilvísunum og eru ekki skráðar í heimildaskrá. Þetta á við upplýsingar sem fengnar eru í gegnum persónuleg samskipti, s.s. í gegnum tölvupósta, bréf, textaskilaboð, einkaskilaboð, netspjöll, hópsamtöl á lokuðum síðum og símtöl, en á einnig við óuppteknar ræður (e. live speeches), óupptekna fyrirlestra, minnisblöð, o.s.frv.

Einungis á að skrá heimild sem munnlega heimild ef að ómögulegt er að nálgast heimildina á annan hátt. Í vafamálum skal leita til kennara eða leiðbeinanda. T.d. ef að hlustað er á fyrirlestur kennara um viðfangsefni sem hann byggir á námsbók er betra að finna og lesa upplýsingarnar í námsbókinni og vísa í hana fremur en að vísa í óupptekinn fyrirlestur sem munnlega heimild. Ef kennarinn setur hins vegar fram upplýsingar í fyrirlestrinum sem ekki koma fram annars staðar á að vísa í fyrirlesturinn (sjá nánar um heimildir úr kennslukerfi hér að ofan).

Í heimildaskrá er heimildum raðað í stafrófsröð eftir eftirnafni erlendra höfunda sem útskýrir af hverju eftirnöfn eru skráð á undan upphafsstöfum fornafna. Munnlegar heimildir eru hins vegar ekki skráðar í heimildaskrá og því þarf ekki að setja eftirnöfn erlendra höfunda á undan upphafsstöfum fornafna þegar um ræðir munnlegar heimildir. Með öðrum orðum þá koma upphafsstafir erlendra höfunda alltaf á undan eftirnafni í tilvísunum fyrir munnlegar heimildir. Á undan ártali er gefið til kynna að þetta sé munnleg heimild. Betra er að gefa eins nákvæma dagsetningu og hægt er.

ATH: Það á ekki að skrá beinar tilvitnanir í þátttakendur rannsóknar sem munnlegar heimildir. Þegar viðtöl eru tekin sem hluti af gagnaöflun rannsóknar og verið er að setja niðurstöður þeirra fram í fyrsta skipti í niðurstöðukafla þarf ekki að gefa tilvísanir í slík viðtöl.

Uppsetning á tilvísunum fyrir munnlegar heimildir:

Íslenskur höfundur – nafn höfundar í setningu:

Fornafn Eftirnafn (munnleg heimild, dagsetning ártal)

Erlendur höfundur – nafn höfundar í sviga:

Upphafsstafur. Eftirnafn (munnleg heimild, dagsetning ártal)

Dæmi um tilvísanir í munnlegar heimildir:

Tilvísun með nafni íslensks höfundar í setningu:

Kristrún Þorvaldardóttir (munnleg heimild, 4. apríl 2015)

Tilvísun með nafni erlends höfundar innan sviga:

(O.-L. James og U. Nguyen, munnleg heimild, 25. mars 2022)

(P. Ritz, munnleg heimild, 31. janúar 2023)

Þar sem munnlegar heimildir eru ekki skráðar í heimildaskrá má sjá að upphafsstafir fornafrna erlendra höfunda koma á undan eftirnafni þeirra. Einungis þarf að skrá eftirnafn erlendra höfunda á undan upphafsstafi fornafrns þeirra þegar það þarf að raða þeim í stafrófstöð í heimildaskránni, sem gert er eftir eftirnafni erlendra höfunda.

Athugið: Ekki skrá munnlegar heimildir með Zotero þar sem forritið skráir allar tilvísanir í heimildaskrá en munnlegar heimildir eiga ekki að vera skráðar í heimildaskrá.

Klassísk verk

Vísað er í sígild trúarverk eins og Biblíuna og Kóraninn, klassísk verk eins og forngrísk og rómversk rit og klassískar bókmenntir, t.d. eftir Shakespeare eins og bækur. Sjá nánar í uppflettiriti.

Vefur/vefsvæði í heild sinni

Mikið af verkum, svo sem fræðigreinar, bækur, og skýrslur, má finna á netinu. Það á hins vegar einungis að skrá heimild sem vefsíðu ef að verkið fellur ekki undir aðra flokka. Sem dæmi á að skrá rafræna bók sem finna má á vefsíðu sem bók en ekki vefsíðu, þó að einnig sé gefin vefslóð í heimildaskráningunni þar sem nálgast má bókina. Skýrslu á vegum ráðuneytis sem gefin er út á vefsíðu ráðuneytisins á að skrá sem skýrslu en ekki vefsíðu. Einungis þær upplýsingar sem finna má á vefsíðum sem falla ekki undir aðra flokka á að skrá sem vefsvæðisheimild. Sem dæmi má nefna upplýsingar um fyrirtæki sem finna má á undirsíðu vefsíðu fyrirtækisins.

Oft getur reynst erfitt að greina höfund efnis á vefum/vefsvæðum og oft vantar ártal. Hægt er að bera kennsl á höfunda eða ábyrgðaraðila eftir samhengi, sem dæmi má segja að fyrirtæki sé ábyrgt fyrir upplýsingum sem birtast á heimasíðu þess, þótt óljóst sé hver innan fyrirtækisins skrifaði efnið.

Ef vísað er í vef eða vefsvæði í heild sinni (fremur en sérstaka undirsíðu) er það einungis gert í textanum sjálfum. Það er ekki skráð í heimildaskrá. Slóðin er þá sett í sviga.

Þegar upplýsingar vantar

Í þeim tilfellum þar sem upplýsingarnar eru ekki gefnar þarf að gefa það sérstaklega til kynna. Ef enginn höfundur er getinn má setja þann eða þá aðila sem standa að verkinu í stað höfundar og skýra hlutverk þeirra í sviga á eftir.

- **Ritstjóri:** Dæmi: Jón Fjalvarson (ritstjóri).

Tafla 2: Skráning heimilda þegar upplýsingar vantar

Þær upplýsingar sem vantar	Lausn	Uppsetning	
		Heimildaskrá	Tilvísun í texta
Engar upplýsingar vantar	Gefnar upplýsingar um höfund, ártal, titil og útgefanda verks.	Höfundur. (Ártal). Titill. Útgefandi.	(Höfundur, ártal) eða Höfundur (ártal)
Höfundur	Titill settur í höfundasætið í staðinn.	Titill. (Ártal). Útgefandi.	(Titill, ártal) eða Titill (ártal)
Ártal	Sett (e.d.) sem merkir „engin dagsetning“ í stað ártals. Á ensku er sett (n.d.) sem merkir e. „no date“.	Höfundur. (e.d.). Titill. Útgefandi.	(Höfundur, e.d.) eða Höfundur (e.d.)
Titill	Settur er [hornklofi með lýsingu á verkinu] í stað titils.	Höfundur. (Ártal). [Lýsing á verkinu]. Útgefandi.	(Höfundur, ártal) eða Höfundur (ártal)
Höfundur og ártal	Titill settur í stað höfundar og (e.d.) sett í stað ártals	Titill. (e.d.). Útgefandi.	(Titill, e.d.) eða Titill (e.d.)
Höfundur og titill	[Hornklofi með lýsingu á verkinu] er settur í stað höfundar	[Lýsing á verkinu]. (Ártal). Útgefandi.	([Lýsing á verkinu], ártal) eða [Lýsing á verkinu] (ártal)
Ártal og titill	Sett (e.d.) í stað ártals og [hornklofi með lýsingu á verkinu] í stað titils	Höfundur. (e.d.). [Lýsing á verkinu]. Útgefandi.	(Höfundur, e.d.) eða Höfundur (e.d.)
Höfundur, ártal, og titill	Settur er [hornklofi með lýsingu á verkinu] í stað höfundar. Skrifað er (e.d.) í stað ártals.	[Lýsing á verkinu]. (e.d.). Útgefandi.	([Lýsing á verkinu], e.d.) eða [Lýsing á verkinu] (e.d.)
Útgefandi	Heimildin er skráð sem munnleg heimild	Ekki skráð í heimildaskrá	(Fyrsti stafur fornafns fyrir erlenda höfunda eða fornafn íslenskra höfunda eftirnafn, munnleg heimild, dagur. mánuður, ár)

Beinar tilvitnanir


Í beinum tilvitnum er verið að nota óbreyttan texta (upprunalega notkun á orðum, greinarmerkjum, orðaröð o.s.frv.) úr útgefinni heimild. Ávallt er mælt með að nota frekar óbeinar tilvitnanir (endurorðun) nema í þeim tilfellum þar sem merking skekkist verulega við endurorðun, ómögulegt er að endurorða, eða nákvæmt orðalag og merking skiptir máli að einhverju leyti. Ákveðnar skorður geta verið settar um fjölda beinna tilvitnana, t.d. um samsvörunarprósentu í Turnitin. Ef um vafamál er að ræða vegna fjölda beinna tilvitnana í verkefni eða ritgerð skal ræða málið við kennara eða leiðbeinanda.

ATH: Orðrétt þýðing úr heimild á öðru tungumáli telst vera bein tilvitnun.

Blaðsíðutal fyrir beinar tilvitnanir

Auk nafn höfundar og ártals skal setja blaðsíðutal með í tilvísanir fyrir beinar tilvitnanir. Fyrir blaðsíðutal er sett „bls.“ á undan blaðsíðutalinu (á ensku er sett „p.“ fyrir eina blaðsíðu og „pp.“ fyrir fleiri en eina blaðsíðu).

Í Zotero er hægt að bæta við blaðsíðutali með því að ýta einu sinni á tilvísunina í leitarstrengnum (það sem er yfirstrikað í bláu og þá kemur upp eftirfarandi gluggi þar sem hægt er að setja blaðsíðutal þar sem stendur e. „Page“:



Ef notast er við beina tilvitnun í verk sem er án blaðsíðutals, sem oft er raunin þegar um rafrænt efni er að ræða (t.d. vefsíðu), þarf að finna aðra leið til að vísa lesandanum sem næst efninu eins og mögulegt er. Þá má setja í stað blaðsíðutals:

- **Fyrirsögn kaflans eða hlutans:** Stytta má titillinn ef hann er langur en þá eru settar gæsalappir í kringum titilinn.

Dæmi:

(Gecht-Silver og Duncombe, 2015, hlutinn Osteoarthritis)

(Centers for Disease Control and Prevention, 2017, hlutinn „What Can You Do“)

- **Númer efnisgreinar:** Ef þær eru ekki fyrirfram númeraðar þarf að telja þær.

Dæmi:

(Chamberlin, 2014, efnisgrein 1)

- **Bæði fyrirsögn kaflans/hlutans og númer efnisgreinar**

Dæmi:

(DeAngelis, 2018, hlutinn Musical Forays, efnisgrein 4)

Fyrir myndbandsefni (t.d. hljóðbækur, myndbönd, sjónvarpsþætti, kvikmyndir o.fl.) þarf að setja tímastimpil í stað blaðsíðutals.

Dæmi:

(Cuddy, 2012, 2:12)

Það sem breyta má í beinni tilvitnun án útskýringar

- Breyta má upphafsstafi fyrsta orðs í hástaf eða lágstaf til að falla betur inn í samhengi textans. Til dæmis ef upprunalegur texti sem nota á í beinni tilvitnun hefst í miðri setningu (og er því með lágstaf á fyrsta orði) en í eigin texta er beina tilvitnunin ný setning (sem krefst þess að byrjað sé á hástaf á fyrsta orði). Þá má setja hástaf á fyrsta orðið í beinu tilvitnuninni.
- Breyta má greinarmerkjum í lok beinnar tilvitnunar til að falla betur inn í eigin texta, svo lengi sem það breytir ekki merkinu setningarinnar. T.d. er varasamt að breyta punkti í spurningarmerki án þess að breyta merkingu setningar.
- Breyta má einföldum gæsalöppum í tvöfaldar og öfugt.
- Það má taka út númer (e. footnote/endnote) sem eru áföst textanum í upprunalegri heimild.

Það sem ekki má breyta í beinni tilvitnun án útskýringar

Það má ekki taka út orð eða leggja áherslu á orð (með skáletrun) án útskýringar. Hornklofar eru almennt notaðir til að skýra merkingu í beinni tilvitnun. Ekki á að notast við sviga til frekari útskýringa innan beinna tilvitnana.

- Ef að bætt er við orði, til dæmis þegar ekki er ljóst við hvern er átt, þarf að bæta við orðinu í hornklofa.

Dæmi (á ensku):

De Backer and Fisher (2012) noted that “those [adults] who read gossip magazines, watch gossip-related television shows, or read gossip articles from internet sites . . . may feel guilty about wasting their time on a leisure pursuit” (p. 421).

- Ef óþarfi er að notast við alla setninguna (sérstaklega ef hún er löng eða það á ekki allt við sem kemur fram í henni), má setja þrjá punkta (með bili á milli punktanna (. . .), eða bili fyrir og eftir punktana (...) – sem sum ritforrit gera sjálfkrafa) í stað þeirra orða sem tekin eru úr beinu tilvitnuninni. Ef að textinn sem tekinn er úr beinni tilvitnun er fleiri en ein setning þarf að gera grein fyrir setningarskilum með því að setja punkt, stafbil og svo þrjá punkta (. ...) Ekki má taka orð úr byrjun eða í lok beinnar tilvitnunar nema það sé gert í upprunalegri mynd (í upprunalegri heimild).
- Ef sett er áhersla á orð (með skáletrun) sem ekki er í upprunalegri heimild þarf að setja [áherslu bætt við] í hornklofa á eftir þeim orðum sem lögð var áhersla á. Notast á við skáletrun – ekki feitletrun eða undirstrikun.

Dæmi (á ensku):

“They emphasized that “it is important to remember that *gossip helped our ancestors survive* [emphasis added], and thus by accessing gossip, one is faced with an opportunity to vicariously learn solution [*sic*] to adaptive problems” (De Backer & Fisher, 2012, p. 421).

Villa í beinni tilvitnun

Beinar tilvitnanir eiga ávallt að vera í fullu samræmi við textann eins og hann kemur fram í upprunalegri mynd, jafnvel þó að villa sé í textanum. Í þeim tilfellum þar sem villa í beinni tilvitnun gæti valdið ruglingi og endursögn (óbein tilvitnun) er erfið er sett [*sic*] – skáletrað og í hornklofa strax á eftir villunni.

Dæmi (á ensku):

Nowak (2019) wrote that “people have an obligation to care for there [*sic*] pets” (p. 52).

Bein tilvitnun sem inniheldur sjálf beina tilvitnun í annað verk

Ef sá texti sem notast á við í beinni tilvitnun hefur nú þegar beina tilvitnun (og því má segja að um tvöfalda beina tilvitnun sé að ræða) þarf að sýna fram á það. Ekki má breyta setningunni eins og hún kemur fram í upprunalegri mynd.

Dæmi (á ensku):

Actors “are encouraged to become immersed in a character’s life (Stanislavski, 1936/1948, 1950), an activity that calls for absorption” (Panero o.fl., 2016, bls. 234).

Hér var bein tilvitnun í Stanislavski í texta Panero et al. (2016). Þótt Stanislavski sé nefndur hér í þessari beinu tilvitnun á einungis að setja Panero o.fl. (2016) í heimildaskrána.

Bein tilvitnun sem inniheldur tilvísanir í lok setningar

Ef að tilvísun kemur í lok texta sem notast á við í beinni tilvitnun, er algengt að enda beinu tilvitnunina áður en tilvísunin hefst og vísa einungis í þá heimild sem textinn var tekinn úr (sleppa tilvísuninni sem upprunalegur texti endaði á). Þetta er í lagi þegar textinn sem vísað er í hefur unnið úr þeim heimildum sem notast var við, t.d. þegar búið er að draga saman nokkrar heimildir og gefa yfirlit yfir þær samanlagt. Þetta er best útskýrt með dæmi.

Dæmi (á ensku):

Upprunalegur texti (Killham et al., 2018):

Sport participation has the potential to promote positive experience for young women through the satisfaction of psychological needs (e.g., competence, relatedness, and autonomy), promotion of positive physiological adaptations to the cardiovascular system and musculoskeletal health, as well as the development of interpersonal and leadership skills (e.g. Bruner et al., 2017; Crocker, 2016; Eime et al., 2013; Forcier et al., 2006; Gunnell et al., 2014).

Hér í upprunalega textanum er vísað í þónokkrar heimildir í lokin.

Bein tilvitnun úr Killham et al. (2018):

Sports can help young women have positive experiences “through the satisfaction of psychological needs (e.g., competence, relatedness, and autonomy), promotion of positive physiological adaptations to the cardiovascular system and musculoskeletal health, as well as the development of interpersonal and leadership skills” (Killham et al., 2018, p. 297).

Hér endaði beina tilvitnunin í Killham o.fl. (2018) á undan langa tilvísunarsviganum sem Killham et al. (2018) skráðu. Enda er verið að vísa í þá samantekt sem Killham o.fl. gerðu

úr þeim heimildum. Þeir sem hafa áhuga á að skoða frekar þær heimildir sem Killham o.fl. (2018) vísuðu í geta þá skoðað bls. 297 í þeirri heimild og fengið þær upplýsingar.

Tvöfaldar gæsalappir í beinni tilvitnun sem er færri en 40 orð

Þegar bein tilvitnun er færri en 40 orð á að setja gæsalappir í kringum hana til að gefa til kynna að um beina tilvitnun sé að ræða. Þegar skrifað er á íslensku á alltaf að nota „íslenskar gæsalappir“ (niðri 99 og uppi 66) en þegar skrifað er á ensku eru notaðar “enskar gæsalappir” (báðar uppi – 66 og 99).

Hins vegar getur verið að sá texti sem setja á innan gæsalappa til að afmarka hann sem beina tilvitnun innihaldi nú þegar gæsalappir í upprunalegri mynd. Í slíkum tilfellum, þegar notast er við tvö pör af gæsalöppum í beinni tilvitnun á að notast við eina gæsalöpp fyrir það efni sem var nú þegar innan gæsalappa í upprunalegri heimild (jafnvel þótt að þar hafi verið notaðar tvöfaldar gæsalappir). Með öðrum orðum, þá má ekki notast við tvö pör af tvöföldum gæsalöppum. Setja á tvöfaldar gæsalappir til að afmarka heildartextann sem er bein tilvitnun. Ef einnig er notast er við gæsalappir innan beinu tilvitnunarinnar eiga þær að vera einfaldar.

Dæmi á ensku um rétta notkun gæsalappa í beinni tilvitnun (færri en 40 orð):

Bliese et al. (2017) noted that “mobile devices enabled employees in many jobs to work ‘anywhere, anytime’ and stay electronically tethered to work outside formal working hours” (p. 391).

Dæmi á ensku um ranga notkun gæsalappa í beinni tilvitnun (færri en 40 orð):

Bliese et al. (2017) noted that “mobile devices enabled employees in many jobs to work “anywhere, anytime” and stay electronically tethered to work outside formal working hours” (p. 391).

Gæsalappir í beinni tilvitnun (fleiri en 40 orð) sem eru afmörkuð frá texta

Þegar beinar tilvitnanir eru fleiri en 40 orð á að skilja textann að frá meginmáli (textinn á að vera inndreginn, stundum með minna lettri (einni punktastærð) og/eða minna línubili). Í slíkum tilfellum er ekki notast við gæsalappir til að afmarka beina tilvitnun. Ef að gæsalappir koma hins vegar fram í textanum í upprunalegri heimild af öðrum ástæðum á að notast við tvöfaldar gæsalappir (öfugt við það sem fram kemur að ofan þegar bein tilvitnun er færri en 40 orð).

Dæmi um rétta notkun á gæsalöppum innan beinnar tilvitnunar (fleiri en 40 orð):

It is also worth considering the need for subjective certainty:

If a conjecture is just mere guess, one would not expect the same bias to occur, because it might likely come along with the metacognition of “I know I am/was just guessing,” which would counteract retrospectively increased perceptions of foreseeability. (von der Beck & Cress, 2018, p. 97)

Dæmi um ranga notkun á gæsalöppum innan beinnar tilvitnunar (fleiri en 40 orð):

It is also worth considering the need for subjective certainty:

If a conjecture is just mere guess, one would not expect the same bias to occur, because it might likely come along with the metacognition of ‘I

know I am/was just guessing,' which would counteract retrospectively increased perceptions of foreseeability. (von der Beck & Cress, 2018, p. 97)

Tilvitnun í fleyga setningu

Oft er gefnar tilvitnanir í fleygar setningar til að setja tóninn fyrir það sem koma skal, til að draga eitthvað saman eða koma með einhvern punkt. Slík tilvitnun á að koma á undan fyrstu línu í meginmáli og á að vera dregin inn um 1,27 cm (0.5 inches) frá vinstri líkt og beinar tilvitnanir sem eru fleiri en 40 orð. Slík tilvitnun eru ekki afmörkuð með gæsalöppum.

Heimild sem fleygin setning er fengin úr er vanalega ekki skráð í heimildaskrá nema vísað sé í hana annars staðar í textanum eða hún sé mikilvæg í samhengi viðfangsefnisins. Ef að heimildin er ekki skráð í heimildaskrá á að setja þankastrik (langt, e. em dash) á undan nafni (án bils) fornafn og eftirnafn höfundar (í þessari röð hvort sem um erlendan eða íslenskan höfund ræðir), kommu og titil verksins sem setningin kemur fram í (skáletrað). Tilvísunin í höfundinn og verkið kemur fram í næstu línu fyrir neðan og er stillt til hægri á blaðsíðunni (e. aligned to right).

Dæmi um tilvitnun í fleyga setningu:

Research is formalized curiosity. It is poking and prying with a purpose.

–Zora Neale Hurston, *Dust Tracks on a Road*

Eina undantekningin er ef að heimildin er akademísk (t.d. fræðileg tímaritsgrein) eða notast er við tilvitnun sem notuð er með leyfi. Þá er gefin venjuleg tilvísun (höfundur, ártal, blaðsíðutal) beint á eftir tilvitnuninni.

Tilvitnanir í þátttakendur rannsóknar

Meðferð beinna tilvitnana í þátttakendur rannsóknar er öðruvísi en tilvitnanir í útgefin verk. Notast skal þó við sama útlitssnið: Beinar tilvitnanir sem eru færri en 40 orð eiga að vera hluti af meginmáli og eru þá afmarkaðar með tvöföldum gæsalöppum. Beinar tilvitnanir sem eru fleiri en 40 orð á að aðskilja frá meginmáli – þær eru inndregnar um 1,27 cm (0.5 inches) frá vinstri og eru oft með minna lettri (einni punktastærð) og/eða minna línubili.

Þar sem þetta eru upprunaleg gögn á ekki að skrá heimildir fyrir þeim í heimildaskrá né tala um munnlegar heimildir. Gefa skal til kynna í textanum að þetta séu orð þátttakenda rannsóknarinnar. Muna þarf eftir samkomulagi um nafnleynd þátttakenda. Einungis má gefa persónugreinandi upplýsingar ef þátttakandi hefur veitt skriflegt leyfi fyrir slíku. Þetta á ekki einungis við um nafn heldur allar persónugreinandi upplýsingar (aldur, starfsstöðu, búsetu o.s.frv.) Hægt er að númera þátttakendur eða gefa þeim dulnefni. Gera þarf grein fyrir slíku.

Uppsetning á beinum tilvitnunum

Færri en 40 orð. Notast skal við tvöfaldar gæsalappir til að afmarka beina tilvitnun frá meginmáli. Alltaf skal setja tilvísun í sömu setningu og beina tilvitnunin kemur fram í, annað hvort beint á eftir beinu tilvitnuninni eða í lok setningarinnar (ef eigin orðum er bætt við).

Fleiri en 40 orð. Ekki eru notaðar gæsalappir til að afmarka beina tilvitnun. Tilvitnunin hefst í nýrri línu. Öll tilvitnunin (allar línur) er dregin inn um 1,27 cm (0.5 inches) frá vinstri.

Ef fleiri en ein efnisgrein er notuð í beinni tilvitnun þarf að draga inn fyrstu línu í öllum efnisgreinum á eftir þeirri fyrstu um auka 1,27 cm (0.5 inches).

Notast á við tvöfalt línubil. Ekkert bil fyrir og eftir (e. no space before or after).

Annað hvort er tilvísunin sett í sviga á eftir beinu tilvitnuninni eða nafn höfundar og ártal kemur fram í textanum sem kynnir tilvitnunina til sögunnar og þá kemur einungis blaðsíðutalið í sviga á eftir tilvitnuninni. Í báðum tilfellum á ekki að setja punkt á eftir sviganum heldur í lok beinu tilvitnunarinnar.

Dæmi á ensku um beina tilvitnun (fleiri en 40 orð) með einum tilvísunarsviga:

Researchers have studied how people talk to themselves:

Inner speech is a paradoxical phenomenon. It is an experience that is central to many people's everyday lives, and yet it presents considerable challenges to any effort to study it scientifically. Nevertheless, a wide range of methodologies and approaches have combined to shed light on the subjective experience of inner speech and its cognitive and neural underpinnings. (Alderson-Day & Fernyhough, 2015, p. 957)

Dæmi á ensku um beina tilvitnun (fleiri en 40 orð) þar sem ártal og blaðsíðutal kemur í tveimur svigum:

Flores et al. (2018) described how they addressed potential researcher bias when working with an intersectional community of transgender people of color:

Everyone on the research team belonged to a stigmatized group but also held privileged identities. Throughout the research process, we attended to the ways in which our privileged and oppressed identities may have influenced the research process, findings, and presentation of results. (p. 311)

Dæmi um beina tilvitnun (fleiri en 40 orð) með tveimur efnisgreinum:

Regarding implications for chronic biases in expectation formation, in order to accurately estimate whether people are likely to form positive or negative expectations on any given occasion, it is necessary to go beyond simply considering chronic individual differences and identify the factors that make people more likely to form expectations in line with one bias or the other.

The present research sheds light on this issue by identifying a crucial distinction in the operation of these two trait biases in expectation formation. Specifically, people's valence weighting biases and self-beliefs about the future appear to shape expectations via qualitatively distinct processes. (Niese et al., 2019, p. 210)

Tafla 3: Uppsetning beinna tilvitnana (færri en 40 orð)

Mikilvæg smáatriði (Sjá yfirstrikanir í gulu til áherslu)	Rétt skráning	Röng skráning
Punktur til að enda setningu á að koma á eftir tilvísunarsviga, ekki á undan honum. ATH: Þetta á einungis við um beinar tilvitnanir innan texta (sem afmarkaður er með gæsalöppum). Í beinum tilvitnunum með fleiri en 40 orð kemur punktur á undan sviga.	Effective teams can be difficult to describe because “high performance along one domain does not translate to high performance along another” (Ervin et al., 2018, p. 470).	Effective teams can be difficult to describe because “high performance along one domain does not translate to high performance along another.” (Ervin et al., 2018, p. 470)
Tilvísunarsvigi á ekki að vera hluti af beinni tilvitnun (sem sett er innan gæsalappa) heldur koma í lok hennar.	“Even smart, educated, emotionally stable adults believe superstitions that they recognize are not rational,” as exemplified by the existence of people who knock on wood for good luck (Risen, 2016, p. 202).	“Even smart, educated, emotionally stable adults believe superstitions that they recognize are not rational (Risen, 2016, p. 202),” as exemplified by the existence of people who knock on wood for good luck.
Venjulega má aðskilja blaðsíðutal fyrir beinar tilvitnanir (setja það í sérstakan sviga). Undantekning á því er þó þegar setningin heldur áfram eftir beinu tilvitnunina. Í þeim tilfellum þarf að setja blaðsíðutal með ártali í sviga	Biebel et al. (2018) noted that “incorporating the voice of students with psychiatric disabilities into supported education services can increase access, involvement, and retention” (p. 299). “Some people are hilarious, others are painfully unfunny, and most are somewhere in between,” wrote Nusbaum et al. (2017, p. 231) in their exploration of humor.	
Ef bein tilvitnun (færri en 40 orð) endar á spurningarmerki á að setja það með innan gæsalappa, ekki fyrir utan	The item read, “What were the best aspects of the program for you?” (Shayden et al., 2018, p. 304).	The item read, “What were the best aspects of the program for you?” (Shayden et al., 2018, p. 304).
Það er óþarfi að endurtaka nafn höfundar og ártal innan sviga sem komið hefur fram í setningunni	In 2018, Soto argued that “more similar stimuli, such as those coming from the same modality, produce more configural processing” (p. 598).	In 2018, Soto argued that “more similar stimuli, such as those coming from the same modality, produce more configural processing” (Soto, 2018, p. 598).

Óbeinar tilvitnanir

Í óbeinum tilvitnunum er verið að endursegja hugmynd/ir annarra (eða eigin hugmynd/ir sem áður hafa verið gefnar út) í eigin orðum. Það þarf alltaf að gefa tilvísanir í óbeinar tilvitnanir, einnig eigin hugmynd/ir úr öðrum verkum. Þó það sé ekki skylt að setja blaðsíðutal í tilvísanir þegar um óbeinar tilvitnanir er að ræða getur það verið æskilegt ef það hjálpar lesandanum að finna viðeigandi hluta í löngum texta þar sem erfitt getur verið að staðsetja hann (t.d. í bók). Með öðrum orðum þá sakar það aldrei og getur verið hjálplegt að setja blaðsíðutal með óbeinum tilvitnunum.

Uppsetning á heimildaskrá

Setja á heimildaskrá upp á eftirfarandi hátt:

- Heimildaskrá á að byrja á nýrri blaðsíðu.
- Feitletra skal orðið „Heimildaskrá“ og setja það á miðja blaðsíðu (e. centered).
- Notast skal við tvöfalt línubil (bæði innan hvernar heimildar og á milli heimilda).
- Notast skal við Hanging um 1,27 cm (0.5 inches) sem þýðir að fyrsta línan í hverri heimild er staðsett til vinstri á blaðsíðunni og hver lína þar á eftir er dregin inn um 1,27 cm (0.5 inches).
 - Í Microsoft Word er þetta gert með því að ýta á Format (Apple) eða hægri smella á músina – Paragraph – Indentation – Special: Hanging – By: 1,27 cm.

Stafrófsröðun í heimildaskrá

Heimildir eru skráðar í stafrófsröð eftir eftirnafni erlendra höfunda og fornafni íslenskra höfunda. Í stafrófsröðun samkvæmt APA kerfinu gildir sú regla að „ekki kemur á undan einhverju“ (e. nothing precedes something).

Dæmi:

Loft, V. H. skráður á undan Loftus, E. F. þrátt fyrir að tæknilega sé „u“ á undan „v“ í stafrófinu.

López, M. E. er skráður á undan López de Molina, G þrátt fyrir að tæknilega sé „d“ á undan „M“.

San Martin, Q. E. er skráður á undan Santa Maria, M. sem skráður er á undan Santayana, F. E.

Þegar verið er að raða í stafrófsröð á að hunsa greinarmerki í nafni eða á milli nafna (t.d. O’Neill og Banet-Weiser).

Dæmi:

Benjamin, A. S. er skráður á undan ben Yaakov, D.

Denzin, N. K. er skráður á undan de Onís, C. sem skráður er á undan Devlin, J. T.

Girard, J.-B. er skráður á undan Girard-Perregaux, A. S.

Villafuerte, S. A. er skráður á undan Villa-Lobos, J.

Ef tveir eða fleiri fyrstu höfundar (þeir höfundar sem nefndir eru fyrstir) hafa sama eftirnafn á að raða þeim upp í stafrófsröð eftir fyrsta upphafsstaf.

Dæmi:

Taylor, J. M. og Neimeyer, G. J. (2015).

Taylor, T. (2014).

ATH: Þegar fleiri en einn fyrsti höfundur (sá höfundur sem fyrst er nefndur) hafa sama eftirnafn þarf að nefna upphafsstafi þeirra í tilvísunum. Þetta á þó einungis við fyrsta höfund. Það þarf aldrei að skrá upphafsstafi höfunda sem ekki eru fyrst nefndir í tilvísun.

Litið er framhjá greininum í titlum erlendra ritverka (e. "A", "An", "The"; þ. "Die", "Das", "Der"), sé þeim er raðað í stafrófsröð eftir titli (t.d. þegar enginn höfundur er skráður eða höfundar eru þeir sömu og ártalið það sama).

Dæmi:

Judge, T. A. og Kammeyer-Mueller, J. D. (2012a). General and specific measures in organizational behavior research: Considerations, examples, and recommendations for researchers. *Journal of Organizational Behavior*, 33(2), 161–174. <https://doi.org/10.1002/job.764>

Judge, T. A. og Kammeyer-Mueller, J. D. (2012b). On the value of aiming high: The causes and consequences of ambition. *Journal of Applied Psychology*, 97(4), 758–775. <https://doi.org/10.1037/a0028084>

Ef númer kemur fyrir í titli þarf að huga að því hvernig númerið er skrifað með bókstöfum.

Dæmi:

Heimild með titilinn „Top 100 business schools“ er skráð á undan „Top 10 nursing specialities“ af því að e. hundred kemur á undan e. ten í stafrófinu.

Uppröðun á heimildum eftir sama fyrsta höfund í heimildaskrá

Gefa þarf upp nafn höfundis fyrir hverja heimild, þrátt fyrir að um sama höfund sé að ræða í nokkrum heimildum. Heimildum eftir sama höfund(a) er raðað upp eftir ártali, sú elsta er nefnd fyrst og svo koll af kolli. Ef heimild hefur enga dagsetningu (e.d.) er hún nefnd fyrst (á undan þeirri elstu). Heimildir sem eru (í prentun) koma seinast.

Dæmi:

Patel, S. N. (e.d.).

Patel, S. N. (2016).

Patel, S. N. (2020a).

Patel, S. N. (2020b, apríl).

Patel, S. N. (í prentun).

Ef að sami höfundur kemur fyrir í einstaklingsverki og í verki eftir fleiri en einn höfund (þar sem fyrsti höfundur er sá sami og í einstaklingsverkinu) á að nefna einstaklingsverkið fyrst, líka í þeim tilfellum þar sem verkið eftir nokkra höfunda er eldra.

Dæmi:

Davison, T. E. (2019).

Davison, T. E. og McCabe, M. P. (2015).

Dæmi um vafamál og mögulegar lausnir

Hver er höfundur?

Verið er að vísa í skýrslu. Nokkrir einstaklingar skrifuðu skýrsluna fyrir hönd skipulagsheildarinnar. Eru einstaklingarnir höfundar skýrslunnar eða skipulagsheildin í heild sinni? Hér skiptir máli hvar nöfn einstaklinganna koma fram. Koma þau fram á forsíðu skýrslunnar? Eða eru þau einungis nefnd í formála? Ef nöfn einstaklinganna koma ekki fyrir á forsíðu skýrslunnar heldur einungis nafn skipulagsheildarinnar þá á að setja skipulagsheildina í höfundarsætið. Ef einstaklingarnir eru nefndir á forsíðunni eru nöfn þeirra sett í höfundarsætið og skipulagsheildin er þá sett sem útgefandi. Í slíkum vafamálum er einnig hægt að athuga hvort að gefin sé tillaga að heimildaskráningu (sem þarf þó oft að aðlagga að APA).

Hversu oft þarf að setja tilvísun í sama verk í sömu efnisgrein?

Setja skal tilvísun í fyrsta skiptið sem notast er við tilvitnun (beina eða óbeina) í verk í efnisgrein. Óþarfi er að endurtaka tilvísunina svo lengi sem augljóst er að það sé enn þá verið að ræða sama verk. Það getur bæði verið skýrt eða gefið til kynna á ýmsan hátt, t.d. með því að segja: „Í sömu rannsókn/bók/grein kom fram/er nefnt/er talað um o.s.frv.; eða með samtengingum á borð við „hins vegar, einnig, þar að auki.“ Ef vísað er í höfundinn á eftir fyrstu tilvísun er hægt að sleppa því að nefna ártalið aftur en þá þarf nafn höfundar að koma fram í setningunni sjálfri: „Samkvæmt Koehler er...“ Það þarf alltaf að setja ártal með ef tilvísun er innan sviga. Því má ekki setja einungis nafn höfundar innan sviga á þennan hátt: (~~Koehler~~).

Ef vísað er í meira en eina heimild frá sama höfundi í ritgerðinni (þar sem höfundarsætið er eins) þarf undantekningarlaust að setja ártal með, jafnvel þótt vísað sé oftast en einu sinni í sömu heimild innan efnisgreinar og þó að einungis sé verið að vísa í aðra heimildina í þeirri efnisgrein. Dæmi: (Washington, 2020) og Washington (2022).

Ef óbein tilvitnun í sömu heimild heldur áfram í nýrri efnisgrein þarf að gefa aðra tilvísun þar. Ef notast er við fleiri en eina heimild í efnisgrein þarf að endurtaka tilvísun í þeim setningum sem eiga við hverja heimild. Ef vafamál er enn til staðar um fjölda tilvísana er gott að hafa í huga að það er alltaf betra að setja fleiri tilvísanir en færri. Gott er að lesa textann yfir og spyrja sig: Er skýrt hvaðan þessar upplýsingar koma?

Hvað á að setja í stað blaðsíðutals fyrir beinar tilvitnanir í verk sem eru án blaðsíðutals?

Þá þarf að finna aðra leið til að vísa lesandanum sem næst efninu eins og mögulegt er. Í stað blaðsíðutals má setja fyrirsögn kaflans eða hlutans (stytta titil ef hann er langur), númer efnisgreinar (oft þarf að telja sjálfur) eða bæði fyrirsögn kaflans/hlutans og númer efnisgreinar.

Uppflettirit

Í þessum hluta eru gefin dæmi um skráningu heimilda í heimildaskrá og tilvísanir samkvæmt þeim reglum APA sem ítarlega hefur verið farið yfir hér að ofan. Þessi dæmi eru til uppflettingar og upprifjunar – mikilvægt er að kynna sér vel undirstöður reglanna fyrst. Þessum kafla er skipt í undirkafla eftir tegundum heimilda. Fyrst verður farið yfir textaheimildir, síðan heimildir úr gagnagrunnum, hugbúnuðum, öppum o.fl., hljóð- og myndefni, og að lokum heimildir af netinu.

Eins og áður hefur komið fram eru grunnatriði heimildaskráningar eftirfarandi:

- Höfundur (hver er ábyrgur fyrir heimildinni?)
- Ártal (hvenær var hún gefin út?)
- Titill (undir hvaða heiti?)
- Uppruni heimildar (hvar má finna heimildina?)

Hér á eftir verður sýnt hvernig þessar upplýsingar eru settar fram fyrir mismunandi tegundir heimilda. Gefin eru dæmi fyrir algengustu tegundir heimilda. Ef ekki er til nákvæmt dæmi sem á við þá heimild sem þarf að skrá, er hægt að nota sniðmátið fyrir tegund heimildar sem byrjunarpunkt. Nota þarf þann valmöguleika sem best á við í hverju tilfelli. Ávallt er betra að gefa fleiri upplýsingar en færri.

Tímarit

Tímarit eru rit sem gefa stöðugt út greinar. Þetta á við fræðileg tímarit (e. journals), venjuleg tímarit (e. magazines), dagblöð (e. newspapers), fréttablöð (e. newsletters) og jafnvel blogg og aðra vefmiðla sem birta greinar. Stundum er munurinn óljós, t.d. þegar um ræðir blogg á fréttamiðli. Skráning ártals getur verið ítarlegri fyrir sumar gerðir tímarita en aðrar (stundum er nákvæmari dagsetning skráð). Þegar upplýsingar um árgang, tölublað og blaðsíðutal eru ekki gefnar má sleppa þeim.

Tímaritsgrein, prentútgáfa

Anderson, M. (2018). Getting consistent with consequences. *Educational Leadership*, 76(1), 26–33.

Goldman, C. (2018, 28. nóvember). The complicated calibration of love, especially in adoption. *Chicago Tribune*.

Nöfn höfunda í sviga: (Anderson, 2018; Goldman, 2018)

Nöfn höfunda í setningu: Anderson (2018) og Goldman (2018)

ATH: Þegar um prentútgáfu af tímariti eða dagblaði er að ræða er uppruni verksins (prentmiðillinn) skáletraður, ekki titill greinar. Þetta á hins vegar ekki við ef um vefmiðil er að ræða en þá er titill greinarinnar skáletraður í stað vefmiðilsins.

Fræðileg tímaritsgrein með DOI slóð

McCauley, S. M. og Christiansen, M. H. (2019). Language learning as language use: A cross-linguistic model of child language development. *Psychological Review*, 126(1), 1–51.
<https://doi.org/10.1037/rev0000126>

Nöfn höfunda í sviga: (McCauley og Christiansen, 2019)

Nöfn höfunda í setningu: McCauley og Christiansen (2019)

Fræðileg tímaritsgrein með vefslóð

Ahmann, E., Tuttle, L. J., Saviet, M. og Wright, S. D. (2018). A descriptive review of ADHD coaching research: Implications for college students. *Journal of Postsecondary Education and Disability*, 31(1), 17–39. <https://www.ahead.org/professional-resources/publications/jped/archived-jped/jped-volume-31>

Nöfn höfunda í sviga: (Ahmann o.fl., 2018)

Nöfn höfunda í setningu: Ahmann o.fl. (2018)

ATH: Það á ekki að setja heiti gagnagrunnsins (t.d. ScienceDirect, Academia.edu, Google Scholar) eða gefa vefslóð í gagnagrunninn þar sem fræðigreinin var fengin. Ástæðan er sú að oft er hægt að nálgast fræðilegar greinar í gegnum marga slíka gagnagrunna.

Fræðileg tímaritsgrein með DOI slóð, 21 eða fleiri höfundar

Kalnay, E., Kanamitsu, M., Kistler, R., Collins, W., Deaven, D., Gandin, L., Iredell, M., Saha, S., White, G., Woollen, J., Zhu, Y., Chelliah, M., Ebisuzaki, W., Higgins, W., Janowiak, J., Mo, K. C., Ropelewski, C., Wang, J., Leetmaa, A., . . . Joseph, D. (1996). The NCEP/NCAR 40-year reanalysis project. *Bulletin of the American Meteorological Society*, 77(3), 437–471. <http://doi.org/fg6rf9>

- Hér er búið að stytta DOI slóðina. Ef að DOI- eða vefslóð (URL) er löng og/eða flókin má notast við forrit sem styttir hana. Helst skal notast við þjónustu á vegum International DOI Foundation (<http://shortdoi.org>). Leyfilegt er að notast við aðrar slíkar þjónustur ef tengillinn er réttur (mikilvægt er að athuga það).

Nöfn höfunda í sviga: (Kalnay o.fl., 1996)

Nöfn höfunda í setningu: Kalnay o.fl. (1996)

Fræðileg tímaritsgrein með bæði einstaklings- og hóphöfundum, með DOI slóð

De Vries, R., Nieuwenhuijze, M., Buitendijk, S. E., og meðlimir Midwifery Science Work Group. (2013). What does it take to have a strong and independent profession of midwifery? Lessons from the Netherlands. *Midwifery*, 29(10), 1122–1128. <https://doi.org/10.1016/j.midw.2013.07.007>

Nöfn höfunda í sviga: (De Vries o.fl., 2013)

Nöfn höfunda í setningu: De Vries o.fl. (2013)

- Mikilvægt er að heiti hópsins sé skráð eins og það kemur fyrir í heimildinni. Í þessu tilfelli stóð í heimildinni sjálfri „Midwifery Science Work Group.“

Fræðileg tímaritsgrein með númer greinar eða eLocator

Burin, D., Kilteni, K., Rabuffetti, M., Slater, M. og Pia, L. (2019). Body ownership increases the interference between observed and executed movements. *PLOS ONE*, 14(1), grein e0209899. <https://doi.org/10.1371/journal.pone.0209899>

- Hér er orðinu „grein“ (e. Article) bætt við á undan númerinu. Á ensku væri e. Article skrifað með hástaf.
- Hér hefur heiti fræðilega tímaritsins verið skrifað með hástöfum í upprunalegu heimildinni sem á að halda óbreyttu.

Nöfn höfunda í sviga: (Burin o.fl., 2019)

Nöfn höfunda í setningu: Burin o.fl. (2019)

Fræðileg tímaritsgrein, forútgáfa á vef (e. advance online publication)

Huestegge, S. M., Raettig, T. og Huestegge, L. (2019). Are face-incongruent voices harder to process? Effects of face–voice gender incongruency on basic cognitive information processing. *Experimental Psychology*. Fyrirfram birting á netinu. <https://doi.org/10.1027/1618-3169/a000440>

Nöfn höfunda í sviga: (Huestegge o.fl., 2019)

Nöfn höfunda í setningu: Huestegge o.fl. (2019)

Fræðileg tímaritsgrein, í prentun (e. in press)

Pachur, T. og Scheibehenne, B. (í prentun). Unpacking buyer–seller differences in valuation from experience: A cognitive modeling approach. *Psychonomic Bulletin & Review*.

Nöfn höfunda í sviga: (Pachur og Scheibehenne, í prentun)

Nöfn höfunda í setningu: Pachur og Scheibehenne (í prentun)

Fræðileg tímaritsgrein, gefin út á öðru tungumáli en ensku

Chaves-Morillo, V., Gómez Calero, C., Fernández-Muñoz, J. J., Toledano-Muñoz, A., Fernández-Huete, J., Martínez-Monge, N., Palacios-Ceña, D., & Peñacoba-Puente, C. (2018). La anosmia neurosensorial: Relación entre subtipo, tiempo de reconocimiento y edad [Sensorineural anosmia: Relationship between subtype, recognition time, and age]. *Clínica y Salud*, 28(3), 155–161. <https://doi.org/10.1016/j.clysa.2017.04.002>

- Þegar fræðigrein er á öðru tungumáli en ensku þarf að gefa þýðingu á titli greinarinnar innan [hornklofa] á því tungumáli sem skrifað er.

Nöfn höfunda í sviga: (Chaves-Morillo o.fl., 2018)

Nöfn höfunda í setningu: Chaves-Morillo o.fl. (2018)

Fræðileg tímaritsgrein, endurútgefin þýðing

Piaget, J. (1972). Intellectual evolution from adolescence to adulthood (J. Bliss og H. Furth þýddu). *Human Development*, 15(1), 1–12. <https://doi.org/10.1159/000271225> (Frumútgáfa 1970)

- Þegar greinin er skoðuð er ljóst að upprunalegt verk var kynnt af Piaget á frönsku á ráðstefnu í Mílanó árið 1970, sem gefið er til kynna í sviga á eftir DOI slóðinni. Ensk útgáfa af greininni var gefin út af Joan Bliss og Hans Furth árið 1972. Hér er óþarfi að

setja eftirnöfn þeirra á undan upphafsstöfum þar sem nöfn þeirra koma fyrir í sviga á eftir titli og ekki er verið að stafrófsraða heimildinni í heimildaskrá eftir nöfnum þeirra. Nafn upprunalegs höfund stendur í höfundarsæti og því kemur eftirnafns hans á undan upphafsstafi fornafns. Heimildinni er raðað í stafrófsröð í heimildaskrá eftir eftirnafni hans.

- Í tilvísun er bæði sett ártal upprunalegs verk og þýddu útgáfunnar sem gefið var út tveimur árum seinna. Sett er skástrik á milli ártalanna í sviga.

Nafn höfundar í sviga: (Piaget, 1970/1972)

Nafn höfundar í setningu: Piaget (1970/1972)

Tímaritsgrein (e. magazine article)

Bergeson, S. (2019, 4. janúar). Really cool neutral plasmas. *Science*, 363(6422), 33–34.

<https://doi.org/10.1126/science.aau7988>

Bustillos, M. (2013, 19. mars). On video games and storytelling: An interview with Tom Bissell. *The New Yorker*. <https://www.newyorker.com/books/page-turner/on-video-games-and-storytelling-an-interview-with-tom-bissell>

Weir, K. (2017, janúar). Forgiveness can improve mental and physical health. *Monitor on Psychology*, 48(1), 30.

Nöfn höfunda í sviga: (Bergeson, 2019; Bustillos, 2013; Weir, 2017)

Nöfn höfunda í setningu: Bergeson (2019), Bustillos (2013) og Weir (2017)

Dagblaðsgrein, bæði í prentútgáfu og prentútgáfu á netinu

Guarino, B. (2017, 4. desember). How will humanity react to alien life? Psychologists have some predictions. *The Washington Post*.

<https://www.washingtonpost.com/news/speaking-of-science/wp/2017/12/04/how-will-humanity-react-to-alien-life-psychologists-have-some-predictions>

Hess, A. (2019, 3. janúar). Cats who take direction. *The New York Times*, C1.

Nöfn höfunda í sviga: (Guarino, 2017; Hess, 2019)

Nöfn höfunda í setningu: Guarino (2017) og Hess (2019)

ATH: Þegar dagblaðsgrein er fengin úr prentútgáfu eða prentútgáfu á netinu er titill ritsins skáletraður, ekki titill greinarinnar líkt og í dæmunum hér að ofan. Í þeim tilvikum eru dagblaðsgreinar skráðar undir e. Newspaper Article í Zotero. Hins vegar þegar heimildin er tekin af rafrænum fréttavef (sem ekki er í prentútgáfu) er titill greinar skáletraður, ekki titill ritsins eins og þegar um vefsíður er að ræða. Þá er mikilvægt að skrá heimildina undir Web Page í Zotero. Sjá dæmi um heimildaskráningu á fréttagreinum af fréttavefum.

Bloggpóstur

Klymkowsky, M. (2018, 15. september). Can we talk scientifically about free will? *Sci-Ed*. <https://blogs.plos.org/scied/2018/09/15/can-we-talk-scientifically-about-free-will/>

Nafn höfundar í sviga: (Klymkowsky, 2018)
Nöfn höfundar í setningu: Klymkowsky (2018)

Athugasemd við grein eða póst

KS in NJ. (2019, 15. janúar). From this article, it sounds like men are figuring something out that women have known forever. I know of many [Athugasemd við greinina “How workout buddies can help stave off loneliness”]. *The Washington Post*. <https://wapo.st/2HDTToGJ>

- Hér er nafn einstaklingsins sem skrifaði athugasemdina sett í höfundarsætið – eins og það kemur fram með athugasemdinni (fullt nafn eða notendanafn).
- Í titilsætið eru skráð fyrstu orðin í athugasemdinni (hámark 20 orð). Þar á eftir er settur [hornklofi þar sem gefið er til kynna að þetta sé athugasemd við grein og titill greinarinnar settur innan gæsalappa].
- Best er að gefa tengil í greinina sjálfa þar sem athugasemdin kemur fyrir. Hér má stytta tengilinn ef hann er langur og flókinn.

Nafn höfundar í sviga: (KS in NJ, 2019)
Nafn höfundar í texta: KS in NJ (2019)

Ritstjórnargrein (e. editorial)

Cuellar, N. G. (2016). Study abroad programs [ritstjórnargrein]. *Journal of Transcultural Nursing*, 27(3), 209. <https://doi.org/10.1177/1043659616638722>

- Notast er við uppsetningu samkvæmt gerð heimildar. Hér er um að ræða ritstjórnargrein úr fræðilegu tímariti en slíkar greinar eru líka í venjulegum tímaritum, dagblöðum og öðrum útgáfuritum. Þegar um ritstjórnargrein er að ræða er [ritstjórnargrein] sett í sviga á eftir titli nema þegar það kemur fram í titlinum.

Nafn höfundar í sviga: (Cuellar, 2016)
Nafn höfundar í setningu: Cuellar (2016)

Bækur

Bók, önnur útgáfa, með DOI slóð

Brown, L. S. (2018). *Feminist therapy* (2. útg.). American Psychological Association. <https://doi.org/10.1037/0000092-000>

Nafn höfundar í sviga: (Brown, 2018)
Nafn höfundar í setningu: Brown (2018)

Bók, án DOI slóðar, prentútgáfa eða úr akademískum gagnagrunni

Burgess, R. (2019). *Rethinking global health: Frameworks of power*. Routledge.

Nafn höfundar í sviga: (Burgess, 2019)

Nafn höfundar í setningu: Burgess (2019)

Rafbók eða hljóðbók, án DOI, ekki með vefslóð í gagnagrunn

Cain, S. (2012). *Quiet: The power of introverts in a world that can't stop talking* (K. Mazur las) [hljóðbók]. Random House Audio. <http://bit.ly/2G0Bpbl>

Christian, B. og Griffiths, T. (2016). *Algorithms to live by: The computer science of human decisions*. Henry Holt and Co. <http://a.co/7qGBZAK>

- Það er óþarfi að gefa til kynna hvort að um prentaða bók, rafbók eða hljóðbók er að ræða ef að efnið er hið sama, jafnvel þótt að sniðið sé öðruvísi. Ef efnið er hins vegar öðruvísi í hljóðbók (t.d. styttr), verið er að ræða eitthvað sérstakt varðandi hljóðbókina (t.d. áhrif sögumannsins á hlustandann), eða notast við beinar tilvitnanir úr hljóðbókinni ætti að gefa til kynna að um sé að ræða hljóðbók innan hornklofa á eftir titli.
- Hægt er að gefa tengil í bókina ef t.d. er um að ræða síðu útgefandans, ekki akademískan gagnagrunn eins og ScienceDirect.

Nöfn höfunda í sviga: (Cain, 2012; Christian og Griffiths, 2016)

Nöfn höfunda: Cain (2012) og Christian og Griffiths (2016)

Bók þar sem nafn ritstjóra kemur fram á bókakápu

Meadows, D. H. (2008). *Thinking in systems: A primer* (D. Wright, ritstj.). Chelsea Green Publishing.

- Þegar nafn ritstjóra er nefnt á kápu bókar þarf að setja nafn hans í sviga á eftir titli ásamt orðinu ritstj. (fyrir einn eða fleiri ritstjóra).

Nafn höfundar í sviga: (Meadows, 2008)

Nafn höfundar í setningu: Meadows (2008)

Bók með fleiri en einn útgefanda

Schmid, H.-J. (ritstj.). (2017). *Entrenchment and the psychology of language learning: How we reorganize and adapt linguistic knowledge*. American Psychological Association; De Gruyter Mouton. <https://doi.org/10.1037/15969-000>

- Ef um fleiri en einn útgefanda er að ræða þarf að aðskilja heiti þeirra með semíkommu.

Nafn höfundar í sviga: (Schmid, 2017)

Nafn höfundar í setningu: Schmid (2017)

Ritstýrð bók (án höfund), án DOI, úr akademískum gagnagrunni eða prentútgáfa

Hacker Hughes, J. (ritstj.). (2017). *Military veteran psychological health and social care: Contemporary approaches*. Routledge.

Nafn höfundar í sviga: (Hacker Hughes, 2017)

Nafn höfundar í setningu: Hacker Hughes (2017)

Kafli í ritstýrðri bók, með DOI slóð

Balsam, K. F., Martell, C. R., Jones, K. P. og Safren, S. A. (2019). Affirmative cognitive behavior therapy with sexual and gender minority people. Í G. Y. Iwamasa og P. A. Hays (ritstj.), *Culturally responsive cognitive behavior therapy: Practice and supervision* (2. útg., bls. 287–314). American Psychological Association.
<https://doi.org/10.1037/0000119-012>

- Í höfundarsætið eru skráðir höfundar kaflans. Á eftir ártali kemur titill kaflans. Þá er bætt við orðinu „Í“ áður en nöfn ritstjóranna eru skráð. Þegar nöfn ritstjóranna eru skráð eru upphafsstafir þeirra settir á undan eftirnöfnum (ekki er þörf á að setja eftirnöfn þeirra á undan upphafsstöfum þar sem ekki er verið að stafrófsraða eftir nöfnum þeirra eins og í höfundarsæti). Í sviga er svo skráð (ritstj.).
- Titill ritstýrðu bókarinnar er skáletraður. Ólíkt öðrum tegundum verks er blaðsíðutal sett innan sviga á eftir titlinum.
- Ef verk er án DOI slóðar: Ef um prentútgáfu er að ræða er útgefandi skráður. Ef um rafbók (t.d. bók á Kindle) eða hljóðbók er að ræða sem er án DOI slóðar má gefa vefslóð í síðu útgefanda eða á bókasölu (t.d. Amazon). Ekki skal gefa vefslóð í akademískan gagnagrunn (t.d. Ebook Central, EBSCOhost, Google Scholar eða JSTOR).

Nöfn höfunda í sviga: (Balsam o.fl., 2019)

Nöfn höfunda í setningu: Balsam o.fl. (2019)

Kafli í ritstýrðri bók, endurútgáfa, þýtt verk

Heidegger, M. (2008). On the essence of truth (J. Sallis, þýðandi). Í D. F. Krell (ritstj.), *Basic writings* (bls. 111–138). Harper Perennial Modern Thought. (Frumútgáfa 1961)

- Upprunalegur höfundur verks er skráður í höfundarsætið. Hér er gert grein fyrir þýðanda verks í sviga á eftir titli kaflans. Gert er grein fyrir ritstjóra bókarinnar og blaðsíðutali kaflans í bókinni í sviga á eftir titli bókarinnar. Á eftir útgefanda er gefið til kynna í sviga hvenær upprunalegt verk kom út.
- Í tilvísun er bæði gefið ártal upprunalegrar útgáfu og ártal endurútgáfu. Ártölin eru aðskilin með skástriki.

Nafn höfundar í sviga: (Heidegger, 1961/2008)

Nafn höfundar í setningu: Heidegger (1961/2008)

Bók á öðru tungumáli en ensku

Amano, N. og Kondo, H. (2000). *Nihongo no goi tokusei* [Málfræðileg sérkenni japönsku] (bindi 7). Sansei-do.

Piaget, J. og Inhelder, B. (1966). *La psychologie de l'enfant* [Sálfræði barnsins]. Quadrige.

- Ef bók er á öðru tungumáli en ensku þarf að gefa þýddan titil bókar í hornklofa á eftir upprunalegum titli á því tungumáli sem ritað er.

Nöfn höfunda í sviga: (Amano og Kondo, 2000; Piaget og Inhelder, 1966)

Nöfn höfunda í setningu: Amano og Kondo (2000) og Piaget og Inhelder (1966)

Endurútgáfa af þýddri bók

Piaget, J. og Inhelder, B. (1969). *The psychology of the child* (H. Weaver, þýðandi; 2. útg.). Basic Books. (Frumútgáfa 1966)

- Á eftir titli er gefið til kynna nafn þýðanda (upphafsstafur, eftirnafn) ásamt orðinu þýðandi; og númer útgáfu. Allt sett innan sviga. Á eftir útgefanda er gefið til kynna í sviga ártalið sem upprunalegt verk kom út.
- Í tilvísun er bæði skráð ártalið sem upprunalega verkið var gefið út, sett skástrik og ártalið sem endurútgáfan kom út. Þýðandi kemur ekki fram í tilvísun.

Nöfn höfunda í sviga: (Piaget og Inhelder, 1966/1969)

Nöfn höfunda í setningu: Piaget og Inhelder (1966/1969)

Endurútgefin bók, rafbók eða hljóðbók

Freud, S. (2010). *The interpretation of dreams: The complete and definitive text* (J. Strachey, ritstj. og þýðandi). Basic Books. (Frumútgáfa 1900)

Rowling, J. K. (2015). *Harry Potter and the sorcerer's stone* (J. Dale las.) [hljóðbók]. Pottermore Publishing. <http://bit.ly/2TcHchx> (Frumútgáfa 1997)

- Ef endurútgáfan var ritstýrð og/eða þýdd, þarf að gefa nafn ritstjóra og/eða þýðanda á eftir titli í sviga. Einnig er gefið til kynna í sviga á eftir útgefanda hvenær upprunalegt verk kom út.
- Ef gefa þarf til kynna að um hljóðbók sé að ræða kemur það í hornklofa á eftir sviganum þar sem ritstjóri og/eða þýðandi kemur fram – á eftir titli.
- Í tilvísun er bæði ártal upprunalegs verks og endurútgefins verks skráð, ártölin eru aðskilin með skástriki.

Nöfn höfunda í sviga: (Freud, 1900/2010; Rowling, 1997/2015)

Nöfn höfunda í texta: Freud (1900/2010) og Rowling (1997/2015)

Eitt bindi af mörgum bindum

Fiske, S. T., Gilbert, D. T. og Lindzey, G. (2010). *Handbook of social psychology* (5. útg., bindi 1). John Wiley & Sons. <https://doi.org/10.1002/9780470561119>

- Ef bindið sem verið er að vísa í hefur ekki sérstakan titil (heldur einungis yfirtitil fyrir öll bindin), eins og í dæminu hér að ofan, þarf að gefa til kynna númer bindis innan sviga á eftir titlinum, ekki skáletrað.

Travis, C. B. og White, J. W. (ritstj.). (2018). *APA handbook of the psychology of women: Vol. 1. History, theory, and battlegrounds*. American Psychological Association. <https://doi.org/10.1037/0000059-000>

- Hér er gefið til kynna að um ritstjóra er að ræða, ekki höfunda. Ef það er sérritstjóri fyrir það bindi sem verið er að vísa í og annar sem er yfir öllum bindunum (aðalritstjóri) þá skal einungis vísa í ritstjóra bindisins sem verið er að vísa í.
- Hér hefur bindið sem verið er að vísa í sér titil sem settur er sem undirtitill á eftir yfirtitli allra bindanna: Fyrst er sett númer bindis og svo sértitill þessa bindis – bæði skáletrað.

Nöfn höfunda í sviga: (Fiske o.fl., 2010; Travis og White, 2018)

Nöfn höfunda í setningu: Fiske o.fl. (2010) og Travis og White (2018)

Trúarleg verk

King James Bible. (2017). King James Bible Online. <https://www.kingjamesbibleonline.org/> (Frumútgáfa 1769)

The Qur'an (M. A. S. Abdel Haleem, þýðandi). (2004). Oxford University Press.

The Torah: The five books of Moses (3. útg.). (2015). The Jewish Publication Society. (Frumútgáfa 1962)

Tilvísun í sviga: (King James Bible, 1769/2017; The Qur'an, 2004; The Torah, 1962/2015)

Tilvísun í setningu: King James Bible (1769/2017), The Qur'an (2004) og The Torah (1962/2015)

Forngrísk eða rómversk verk

Aristotle. (1994). *Poetics* (S. H. Butcher, þýðandi). The Internet Classics Archive. <http://classics.mit.edu/Aristotle/poetics.html> (Frumútgáfa ca. 350 f.Kr.)

- Fyrir forngrísk eða rómversk verk á að notast við dagsetningu höfundarréttar (e. copyright date) á þeirri útgáfu sem vísað er í og útgáfuár upprunalegs verks er sett í sviga í lokin. Þegar útgáfa upprunalegs verks er áætluð þarf að nota skammstöfunina c.a. (sem stendur fyrir um það bil) á undan.

Nafn höfundar í sviga: (Aristotle, c.a. 350 f.Kr./1994)
 Nafn höfundar í setningu: Aristotle (c.a. 350 f.Kr./1994)

(Sjúkdóms)greiningar handbók

American Psychiatric Association. (2013). *Diagnostic and statistical manual of mental disorders* (5. útg.). <https://doi.org/10.1176/appi.books.9780890425596>

World Health Organization. (2019). *International statistical classification of diseases and related health problems* (11. útg.). <https://icd.who.int/>

Tilvísun í sviga með skammstöfun:

Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders (5. útg.; DSM-5; American Psychiatric Association, 2013)

International Statistical Classification of Diseases and Related Health Problems (11. útg.; ICD-11; World Health Organization, 2019)

Tilvísun í setningu með skammstöfun:

American Psychiatric Association gaf út *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders* (2013, 5. útg.; DSM-5)

World Health Organization gaf út *International Statistical Classification of Diseases and Related Health Problems* (2019; 11. útg.; ICD-11)

Tilvísanir í sviga á eftir þeirri fyrstu:

(American Psychiatric Association, 2013; World Health Organization, 2019)

Tilvísanir í setningu á eftir þeirri fyrstu:

American Psychiatric Association (2013) og World Health Organization (2019)

Færslur í orðabókum og alfræðiritum

Orðabók, samheitaorðabók eða alfræðiorðabók (í heild sinni)

American Psychological Association. (e.d.). *APA dictionary of psychology*. Sótt 14. júní 2019, af <https://dictionary.apa.org/>

- Þegar verk er stöðugt í uppfærslu og eldri útgáfur ekki í varðveislu (e. archived) er skráð e.d. í stað útgáfuárs. Skráð er hvenær efnið var sótt.

Merriam-Webster. (e.d.). *Merriam-Webster.com dictionary*. Sótt 5. maí 2019, af <https://www.merriam-webster.com/>

Zalta, E. N. (ritstj.). (2019). *The Stanford encyclopedia of philosophy* (Sumarútgáfa 2019). Stanford University. <https://plato.stanford.edu/archives/sum2019/>

- Það er óþarfi að gefa til kynna hvenær efnið var sótt ef að verkið er stöðugt (lítið um breytingar) eða eldri útgáfur í varðveislu (e. archived).

Tilvísanir í sviga: (American Psychological Association, e.d.; Merriam-Webster, e.d.; Zalta, 2019)

Tilvísanir í setningu: American Psychological Association (e.d.), Merriam-Webster (e.d.) og Zalta (2019)

Færsla í orðabók, samheitaorðabók eða alfræðiorðabók – hóphöfundur

American Psychological Association. (e.d.). Positive transference. Í *APA dictionary of psychology*. Sótt 31. Ágúst 2019 af <https://dictionary.apa.org/positive-transference>

Merriam-Webster. (e.d.). Self-report. Í *Merriam-Webster.com dictionary*. Sótt 12. júlí 2019, af <https://www.merriam-webster.com/dictionary/self-report>

- Þegar efnið er stöðugt í uppfærslu og eldri útgáfur ekki varðveittar (e. archived) á að skrá enga dagsetningu (e.d.) í stað ártals. Þá er gefið til kynna hvenær efnið var sótt.
- Hér er enginn einstaka höfundur skráður fyrir færslunni og því er stofnunin sem stendur að baki skráð í höfundarsætið.

Heiti höfunda í sviga: (American Psychological Association, e.d.; Merriam-Webster, e.d.)

Heiti höfunda í setningu: American Psychological Association (e.d.) and Merriam-Webster (e.d.)

Færsla í orðabók, samheitaorðabók eða alfræðiorðabók – einstaklingshöfundur

Graham, G. (2019). Behaviorism. Í E. N. Zalta (ritstj.), *The Stanford encyclopedia of philosophy* (sumar 2019 útg.). Stanford University. <https://plato.stanford.edu/archives/sum2019/entries/behaviorism/>

- Hér er heimildaskráningin svipuð og þegar um ræðir kafla í ritstýrðri bók þar sem höfundur er ábyrgur fyrir færslunni og er því skráður í höfundarsætið auk þess að alfræðiritið hefur ritstjóra. Einnig er útgefandi skráður.
- Þar sem þessi útgáfa af alfræðiritinu er varðveitt (e. archived) er óþarfi að skrá dagsetningu þegar efnið var sótt.

Nafn höfundar í sviga: (Graham, 2019)

Nafn höfundar í setningu: Graham (2019)

Færsla á Wikipedia

List of oldest companies. (2019, 13. janúar). Í *Wikipedia*.

https://en.wikipedia.org/w/index.php?title=List_of_oldest_companies&oldid=878158136

- Almennt er ekki talið við hæfi að nota Wikipedia og önnur álíka alfræðirit sem heimildir fyrir upplýsingum. Eins og með allar færslur þar sem hver sem er getur bætt við upplýsingum, er möguleiki á villum og rangfærslum í efninu. Hægt er að nota Wikipedia sem upphafsstöð til að kynna sér efni, en síðan á ekki að vera endastöð í upplýsingaleit. Síðan gefur tengla í frekara efni sem hægt er að kynna sér nánar. Færslur á Wikipedia á einungis að nota fyrir bakgrunnsupplýsingar, til viðmiðunar

fyrir notkun á hugtökum og leitarorðum, og sem upphafspunkt fyrir frekari heimildaleit. Sjá nánar hér:

https://en.wikipedia.org/wiki/Wikipedia:Citing_Wikipedia

- Vísa skal í varðveitta (e. archived) útgáfu af síðunni svo að aðrir geti skoðað þá útgáfu sem notuð var. Hægt er að finna varðveitta (e. archived) útgáfu með því að ýta á e. “View History“ í hægra horninu á Wikipedia síðu og velja dagsetningu (og tíma) á útgáfunni sem notuð var. Best er að gefa varanlegan tengil í þessa varðveittu útgáfu en ef það er ekki í boði er gefinn tengill í færsluna sjálfa og skráð hvenær efnið var sótt (dagsetning og tími).

Tilvísun í sviga: (“List of Oldest Companies,” 2019)

Tilvísun í setningu: “List of Oldest Companies” (2019)

Skýrslur og gráar bókmenntir

Til eru margar tegundir af skýrslum – ríkisstjórnarskýrslur, tækniskýrslur og rannsóknarskýrslur. Þessar skýrslur, eins og fræðilegar tímaritsgreinar, fjalla vanalega um frumrannsóknir en þær eru ekki endilega ritryndar (e. peer reviewed). Ef ekki, þá tilheyrja þær svokölluðum gráum bókmenntum. Í flokki grárra bókmennta eru líka fréttatilkynningar, siðareglur, styrkir, stefnuskrár, útgáfutilkynningar (e. issue briefs) og svo framvegis. Það er valkvætt og oft hjálplegt að lýsa þessum sjaldgæfari gerðum grárra bókmennta í hornklofa á eftir titlinum. Skýrslur innihalda stundum tillögur að heimildaskráningu þar sem finna má nauðsynlegar upplýsingar til að skrá heimildina samkvæmt APA. Þegar útgefandi er sá sami og höfundur, sem oft er raunin þegar um er að ræða skýrslu á vegum skipulagsheildar má sleppa því að skrá útgefanda til að forðast endurtekningu.

Skýrsla á vegum ríkisstofnunar eða annarrar skipulagsheildar

Australian Government Productivity Commission og New Zealand Productivity Commission. (2012). *Strengthening trans-Tasman economic relations*.

<https://www.pc.gov.au/inquiries/completed/australia-new-zealand/report/trans-tasman.pdf>

Canada Council for the Arts. (2013). *What we heard: Summary of key findings: 2013 Canada Council’s Inter-Arts Office consultation*.

http://publications.gc.ca/collections/collection_2017/canadacouncil/K23-65-2013-eng.pdf

National Cancer Institute. (2018). *Facing forward: Life after cancer treatment* (NIH Publication nr. 18-2424). U.S. Department of Health and Human Services, National Institutes of Health. <https://www.cancer.gov/publications/patient-education/life-after-treatment.pdf>

- Ef heiti móðurstofnunar (e. parent agency) kemur ekki fram í höfundarsæti er það sett í útgefandasæti. Í dæminu hér að ofan er National Cancer Institute undirstofnun U.S. Department of Health and Human Services, National Institutes of Health.
- Ef höfundar eru fleiri en þrjár stofnanir þarf að aðskilja þær með kommu og setja „og“ á undan þeirri síðastnefndu. Á íslensku er þó ekki sett komma beint á undan „og“. Þannig að ef verið er að skrá þrjár stofnanir í höfundarsæti er sett koma á milli

fyrstu tveggja stofnananna en „og“ á milli annarrar og þriðju stofnunar (án þess að setja kommu á milli).

Heiti höfunda í sviga: (Australian Government Productivity Commission og New Zealand Productivity Commission, 2012; Canada Council for the Arts, 2013; National Cancer Institute, 2018)

Heiti höfunda í setningu: Australian Government Productivity Commission og New Zealand Productivity Commission (2012), Canada Council for the Arts (2013) og National Cancer Institute (2018)

Skýrsla eftir einstaklingshöfunda á vegum ríkisstofnunar eða skipulagsheildar

Fried, D., og Polyakova, A. (2018). *Democratic defense against disinformation*. Atlantic Council.

https://www.atlanticcouncil.org/images/publications/Democratic_Defense_Against_Disinformation_FINAL.pdf

Segaert, A. og Bauer, A. (2015). *The extent and nature of veteran homelessness in Canada*. Employment and Social Development Canada.

<https://www.canada.ca/en/employment-social-development/programs/communities/homelessness/publications-bulletins/veterans-report.html>

Nöfn höfunda í sviga: (Fried og Polyakova, 2018; Segaert og Bauer, 2015)

Nöfn höfunda í setningu: Fried og Polyakova (2018) og Segaert og Bauer (2015)

Skýrsla eftir einstaklingshöfunda á vegum ríkisstofnunar (hluti af seríu)

Blackwell, D. L., Lucas, J. W. og Clarke, T. C. (2014). *Summary health statistics for U.S. adults: National Health Interview Survey, 2012* (Vital and Health Statistics Series 10, Issue 260). Centers for Disease Control and Prevention.

https://www.cdc.gov/nchs/data/series/sr_10/sr10_260.pdf

Nafn höfunds í sviga: (Blackwell o.fl., 2014)

Nafn höfunds í setningu: Blackwell o.fl. (2014)

Skýrsla á vegum verkefnahóps (e. task force) eða vinnuhóps (e. working group)

British Cardiovascular Society Working Group. (2016). *British Cardiovascular Society Working Group report: Out-of-hours cardiovascular care: Management of cardiac emergencies and hospital in-patients*. British Cardiovascular Society.

http://www.bcs.com/documents/BCSOHWPF_Final_Report_05092016.pdf

- Heiti erlendra verkefna/vinnuhópa eru skrifuð með titil-rithætti (hástöfum á hverju orði).

Heiti höfunds í sviga: (British Cardiovascular Society Working Group, 2016)

Heiti höfunds í setningu: British Cardiovascular Society Working Group (2016)

Ársskýrsla

U.S. Securities and Exchange Commission. (2017). *Agency financial report: Fiscal year 2017*.
<https://www.sec.gov/files/sec-2017-agency-financial-report.pdf>

Heiti höfunds í sviga: (U.S. Securities and Exchange Commission, 2017)

Heiti höfunds í setningu: U.S. Securities and Exchange Commission (2017)

Siðareglur

American Counseling Association. (2014). *2014 ACA code of ethics*.

<https://www.counseling.org/knowledge-center>

American Nurses Association. (2015). *Code of ethics for nurses with interpretive statements*.

<https://www.nursingworld.org/coe-view-only>

Heiti höfunda í sviga: (American Counseling Association, 2014; American Nurses Association, 2015)

Heiti höfunda í setningu: American Counseling Association (2014) og American Nurses Association (2015)

Styrkur

Blair, C. B. (aðalrannsakandi). (2015–2020). *Stress, self-regulation and psycho-pathology in middle childhood* (Verkefnisnúmer 5R01HD081252-04) [styrkur]. Eunice Kennedy Shriver National Institute of Child Health & Human Development.

https://projectreporter.nih.gov/project_info_details.cfm?aid=9473071&icde=40092311

- Aðalrannsakandi er skráður í höfundarsæti og hlutverk hans er skilgreint innan sviga. Upphaf og endir verkefnisins er skráð sem ártal. Titill verkefnisins er skráður í titilsæti og styrkveitandi sem uppruni verks. Ef styrkveitandi gefur upp númer verkefnis (e. project number) er það gefið í sviga á eftir titli. Einnig er skilgreint í hornklofa á eftir titli að um sé að ræða styrk.
- Umsókn um styrk er ekki aðgengileg öðrum og ætti því að vera rædd í aðferðafræðikafla.

Tilvísun í sviga: (Blair, 2015–2020)

Tilvísun í setningu: Blair (2015–2020)

Stefnuskrár og stefnuskrárbreytingar

Harwell, M. (2018). *Don't expect too much: The limited usefulness of common SES measures and a prescription for change* [stefnuskrá]. National Education Policy Center.

<https://nepc.colorado.edu/publication/SES>

Tilvísun innan sviga: (Harwell, 2018)

Tilvísun í setningu: Harwell (2018)

Fréttatilkynningar

U.S. Food and Drug Administration. (2019, 14. febrúar). *FDA authorizes first interoperable insulin pump intended to allow patients to customize treatment through their individual diabetes management devices* [fréttatilkynning].

<https://www.fda.gov/NewsEvents/Newsroom/PressAnnouncements/ucm631412.htm>

Tilvísun í sviga: (U.S. Food and Drug Administration, 2019)

Tilvísun í setningu: U.S. Food and Drug Administration (2019)

Stjórnsýsluheimildir

APA reglurnar ná ekki yfir íslenskar stjórnsýsluheimildir. Hér er því einungis um tillögur að ræða varðandi skráningu slíkra heimilda. Bent er á að ráðfæra sig við kennara eða leiðbeinanda í lagadeild eða í opinberri stjórnsýslu í vafamálum.

Lög og reglugerðir

Sömu skráningarreglur gilda um lög og reglugerðir. Þegar vísað er í lög og reglugerðir þarf að skrá nafn laga eða reglugerða, númer, ártal og vefslóð á althingi.is eða reglugerd.is

Lög um einkaleyfi nr. 17. (1991). <https://www.althingi.is/lagas/153c/1991017.html>

Tilvísun í sviga: (Lög um einkaleyfi nr. 17, 1991)

Tilvísun í setningu: Samkvæmt Lögum um einkaleyfi nr. 17 (1991), eiga ...

Þegar um beina tilvísun er að ræða skal bæta við númer greinar og númer málsgreinar.

(Lög um einkaleyfi nr. 17, 1991, 3. gr., 1. mgr.)

Þegar lög hafa löng heiti má stytta þau í tilvísun niður í fyrstu 3-4 orðin ásamt því að skrá ártal svo lengi sem að það séu ekki fleiri en ein heimild með sama eða svipuðu heiti (sömu fyrstu orðin í titlinum).

Lög um afnám ákvæða í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenskra ríkisborgara við undanfarna búsetu eða dvöl hér á landi nr. 103. (1954).

<https://www.althingi.is/lagas/153c/1954103.html>

Tilvísun í sviga: (Lög um afnám ákvæða nr. 103, 1954)

Tilvísun í setningu: Samkvæmt Lögum um afnám ákvæða (nr. 103, 1954) ...

Þingskjöl, frumvörp og greinargerðir (úr A-deild Alþingistíðinda)

Þingskjal 732. (2022-2023). Frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971 (frídagur). <https://www.althingi.is/alttext/153/s/0732.html>

Tilvísun í sviga: (Þingskjal 732, 2022-2023).

Tilvísun í setningu: Í þingskjali 732 (2022-2023)

Ræður og umræður úr þingsölum (úr B-deild Alþingistíðinda)

Þegar vísað er í ræður og umræður úr þingsölum (sem birt er í B-deild Alþingistíðinda) kemur nafn ræðumanns í höfundarsæti. Að öðru leyti er heimildaskráningin eins og að ofan.

Steingrímur J. Sigfússon (2004-2005). Samkeppnislög.
<https://www.althingi.is/altext/raeda/131/rad20050509T105343.html>

Tilvísun í sviga: (Steingrímur J. Sigfússon, 2004-2005)
 Tilvísun í setningu: Steingrímur J. Sigfússon (2004-2005)

Dómar

Hæstaréttardómar

Nestak ehf. g. Húsasmiðjunni ehf. (2023, 18. ágúst). Hæstiréttur Íslands í máli nr. 38/2023.
https://www.haestirettur.is/domar/_domur/?id=aa0b5c16-abdd-40eb-bcc5-ce4f78669723

Tilvísun í sviga: (*Nestak ehf. g. Húsasmiðjunni ehf.*, 2023)
 Tilvísun í setningu: Í máli *Nestaks ehf. gegn Húsasmiðjunni ehf.* (2023)

ATH: Titill dóms er skáletraður í tilvísun en ekki í heimildaskrá.

Héraðsdómar

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu g. Jóhanni Þór Leifssyni (2023, 23. ágúst).
 Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. S-844/2023.

<https://www.heradsdomstolar.is/default.aspx?pageid=347c3bb1-8926-11e5-80c6-005056bc6a40&id=3eda2b4c-a772-47fb-b44a-8f06266c5232>

Tilvísun í sviga: (*Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu g. Jóhanni Þór Leifssyni*, 2023)
 Tilvísun í setningu: Í máli *Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu gegn Jóhanni Þór Leifssyni* (2023)

ATH: Titill dóms er skáletraður í tilvísun en ekki í heimildaskrá.

Efni kynnt á ráðstefnum

Kynningar á ráðstefnum geta verið í formi hefðbundinnar kynningar, veggspjaldasýningar, framsöguerinda ásamt framlögum á málþingum. Þegar efni sem kom fram á ráðstefnu er skráð er mikilvægt að gera grein fyrir í hornklofa á eftir titli um hvers konar efni er að ræða. Sú lýsing þarf að vera í samræmi við gerð kynningar eins og henni er lýst í dagskrá ráðstefnunnar. Skrá á alla höfunda sem lögðu eitthvað af mörkum við gerð efnisins, jafnvel þótt þeir voru ekki viðstaddir kynninguna. Skrá á þær dagsetningar sem ráðstefnan fór fram þó að kynningin hafi líklega farið fram á einum af þeim dögum sem ráðstefnan var haldin. Einnig á að skrá staðsetningu ráðstefnunnar. Efni sem gefið er út í tímariti eða bók í kjölfar ráðstefnu (e. conference proceedings) á að skrá sem tímarit, ritstýrða bók eða kafla í ritstýrðri bók, eftir tegund efnis. Með öðrum orðum, þá á bara að skrá efni sem kynnt er á ráðstefnum (eða annars konar framlög á ráðstefnum) samkvæmt neðangreindri uppsetningu.

Ráðstefnufundur (e. conference session)

Fistek, A., Jester, E. og Sonnenberg, K. (2017, 12.–15. júlí). *Everybody's got a little music in them: Using music therapy to connect, engage, and motivate* [ráðstefnufundur]. Autism Society National Conference, Milwaukee, WI, United States.
<https://asa.confex.com/asa/2017/webprogramarchives/Session9517.html>

Nöfn höfunda í sviga: (Fistek o.fl., 2017)
 Nöfn höfunda í setningu: Fistek o.fl. (2017)

Kynning á fræðigreini (e. paper presentation)

Maddox, S., Hurling, J., Stewart, E. og Edwards, A. (2016, 30. mars–2. apríl). *If mama ain't happy, nobody's happy: The effect of parental depression on mood dysregulation in children* [kynning á fræðigreini]. Southeastern Psychological Association 62nd Annual Meeting, New Orleans, LA, United States.

Nöfn höfunda í sviga: (Maddox o.fl., 2016)
 Nöfn höfunda í setningu: Maddox o.fl. (2016)

Veggspjaldakynning (e. poster presentation)

Pearson, J. (2018, 27.–30. september). *Fat talk and its effects on state-based body image in women* [veggspjaldakynning]. Australian Psychological Society Congress, Sydney, NSW, Australia. <http://bit.ly/2XGStHP>

Nafn höfunds í sviga: (Pearson, 2018)
 Nafn höfunds í setningu: Pearson (2018)

Framlag á málþingi (e. symposium contribution)

De Boer, D. og LaFavor, T. (2018, 26.–29. apríl). The art and significance of successfully identifying resilient individuals: A person- focused approach. Í A. M. Schmidt og A. Kryvanos (stjórar), *Perspectives on resilience: Conceptualization, measurement, and enhancement* [ráðstefnurit]. Western Psychological Association 98th Annual Convention, Portland, OR, United States.

Nöfn höfunda í sviga: (De Boer og LaFavor, 2018)
 Nöfn höfunda í setningu: De Boer og LaFavor (2018)

Lokaritgerðir

Heimildaskráning fyrir lokaritgerðir fer eftir því hvort þær séu útgefnar eða ekki. Hér skiptir máli hvort að lokaritgerðin sé aðgengileg rafrænt eða ekki. Fyrir þær lokaritgerðir sem eru óútgefnar (ekki aðgengilegar rafrænt) á heiti háskólans að koma í útgefandasæti (uppruni verks, e. source) en þegar þær hafa verið gefnar út (eru aðgengilegar rafrænt) á heiti háskólans að koma í hornklofa á eftir titli. Heiti á varðveislusafni er þá sett í útgefandasætið (uppruni verks).

Útgefin lokaritgerð (aðgengileg rafrænt t.d. á Skemmanni)

Jóhann Ingi Hafþórsson. (2023). *Verkferlar KSÍ í kjölfar krísu: Hvaða verkferlar eru til staðar hjá KSÍ þegar kemur að tilkynningum um kynferðisbrot og hafa þeir breyst í kjölfar krísu árið 2021?* [Bakkalárritgerð, Háskólinn á Bifröst]. Skemman. <https://skemman.is/handle/1946/43461>

Nafn höfunds í sviga: (Jóhann Ingi Hafþórsson, 2023)
 Nafn höfunds í setningu: Jóhann Ingi Hafþórsson (2023)

Útgefin lokaritgerð (aðgengileg rafrænt í erlendum gagnagrunni)

Hollander, M. M. (2017). *Resistance to authority: Methodological innovations and new lessons from the Milgram experiment* (útgáfunúmer 10289373) [doktorsritgerð, University of Wisconsin–Madison]. ProQuest Dissertations and Theses Global.

Nafn höfundar í sviga: (Hollander, 2017)

Nafn höfundar í setningu: Hollander (2017)

Útgefin lokaritgerð (aðgengileg rafrænt á netinu – ekki í gagnagrunni)

Hutcheson, V. H. (2012). *Dealing with dual differences: Social coping strategies of gifted and lesbian, gay, bisexual, transgender, and queer adolescents* [mastersritgerð, The College of William & Mary]. William & Mary Digital Archive.
<https://digitalarchive.wm.edu/bitstream/handle/10288/16594/HutchesonVirginia2012.pdf>

Nafn höfundar í sviga: (Hutcheson, 2012)

Nafn höfundar í setningu: Hutcheson (2012)

Óútgefin lokaritgerð (ekki aðgengileg rafrænt)

Harris, L. (2014). *Instructional leadership perceptions and practices of elementary school leaders* [óútgefin doktorsritgerð]. University of Virginia.

Nafn höfundar í sviga: (Harris, 2014)

Nafn höfundar í setningu: Harris (2014)

Gagnrýni

Gagnrýni á bækur, kvikmyndir, sjónvarpsþætti, tónlistaralbúm, og annað skemmtiefni. Slík gagnrýni kemur fram í margvíslegum miðlum svo sem í fræðilegum tímaritum, tímaritum (e. magazines), dagblöðum, vefsíðum og bloggum. Heimildaskráning á gagnrýni fer eftir því í hvaða miðli gagnrýnin er. Gefnar eru upplýsingar um það hvað er verið að gagnrýna í hornklofa á eftir titli gagnrýnnar.

Uppsetning:

Gagnrýnandi. (Ártal). Titill gagnrýnnar [gagnrýni um bókina/kvikmyndina *titill verks sem verið er að gagnrýna*, eftir höfund, hlutverk ef annað en höfundur]. Uppruni verks. Vefslóð.

Kvikmyndagagnrýni í fræðitímariti

Mirabito, L. A. og Heck, N. C. (2016). Bringing LGBTQ youth theater into the spotlight [gagnrýni um kvikmyndina *The year we thought about love*, eftir E. Brodsky, leikstj.]. *Psychology of Sexual Orientation and Gender Diversity*, 3(4), 499–500.
<https://doi.org/10.1037/sgd0000205>

- Ef ábyrgðaraðili fyrir verki er ekki höfundur þarf að skýra hlutverk hans á eftir nafni hans. Í þessu dæmi er bætt við leikstjóra á eftir nafni leikstjórans E. Brodsky.

Nöfn höfunda í sviga: (Mirabito og Heck, 2016)
 Nöfn höfunda í setningu: Mirabito og Heck (2016)

Bókagagnrýni í dagblaði

Santos, F. (2019, 11. janúar). Reframing refugee children's stories [gagnrýni um bókina *We are displaced: My journey and stories from refugee girls around the world*, eftir M. Yousafzai]. *The New York Times*. <https://nyti.ms/2Hlgjk3>

- Hér er M. Yousafzai höfundur bókarinnar og því þarf ekki að skýra hlutverk hans nánar eins og í dæminu að ofan þar sem hlutverk leikstjórans var skilgreint sérstaklega.

Nafn höfunds í sviga: (Santos, 2019)
 Nafn höfunds í setningu: Santos (2019)

Gagnrýni á sjónvarpsþátt birt á vefsíðu

Perkins, D. (2018, 1. febrúar). The good place *ends its remarkable second season with irrational hope, unexpected gifts, and a smile* [gagnrýni á þættinum "Somewhere else," úr sjónvarpsþáttaröðinni *The good place* eftir M. Schur, höfund og leikstjóra]. A.V. Club. <https://www.avclub.com/the-good-place-ends-its-remarkable-second-season-with-i-1822649316>

- Hér er um einstakt dæmi að ræða sem vert er að ræða sérstaklega. Titill vefsíðu, eins og í dæminu hér að ofan, er vanalega skáletraður eins og gert er hér að ofan. Titlar verka, t.d. bóka, kvikmynda og sjónvarpsþátta, eru vanalega líka skáletraðir. En þegar um skáletrun innan skáletrunar er að ræða verður það sem vanalega yrði skáletrað, í þessu tilfalli titill sjónvarpsþáttarins *The Good Place*, ekki lengur skáletrað. Á ensku er þetta kallað e. reverse Italics.
- Það sem er líka sérstakt hér er að í heimildaskrá (eins og í dæminu hér að ofan) er titill sjónvarpsþáttarins *The Good Place* ekki með hástöfum á hverju orði. En þegar talað er um sjónvarpsþáttinn (eða önnur e. stand-alone verk eins og kvikmyndi, bækur o.s.frv.) í texta eða tilvísunum eru hástafir á hverju orði. Í slíkum tilvikum þarf því að huga sérstaklega að smáatriðum.

Nafn höfunds í sviga: (Perkins, 2018)
 Nafn höfunds í setningu: Perkins (2018) gefur gagnrýni á sjónvarpsþáttinn *The Good Place* þar sem hann segir...

Óútgefin verk

Óútgefin verk eru verk sem eru í vinnslu, hefur verið lokið en ekki ennþá lögð fram til útgáfu (e. not submitted for publication) eða hafa verið lögð fram til útgáfu (e. submitted for publication), en ekki samþykkt. Óútgefin handrit (e. unpublished manuscripts) eru einungis í eigu höfundar, þau hafa ekki verið gefin út í ritrýndu fræðitímariti en geta verið aðgengileg t.d. á Academia.edu eða á persónulegri vefsíðu. Fyrir slík verk á að gefa það ártal sem verkinu var lokið eða drögin skrifuð. Ekki skal skrifa „í undirbúningi“ (e. in preparation) eða „lagt fram til útgáfu“ (e. submitted for publication) í stað ártals. Á eftir titlinum er lýst stöðu verksins (t.d. óútgefið, í undirbúningi, lagt fram til útgáfu) ásamt lýsingu á tegund verksins

t.d. „handrit (e. manuscript)“ eða skýrsla (e. report) í hornklofa. Þegar uppruni óútgefins verks er þekktur, t.d. sá háskóli eða sú háskóladeild þar sem verkið var unnið, á að setja þær upplýsingar í útgefandasætið. Setja á DOI eða vefslóð ef slíkt er til staðar.

Óútgefið handrit að rannsóknargrein (e. unpublished manuscript)

Yoo, J., Miyamoto, Y., Rigotti, A. og Ryff, C. (2016). *Linking positive affect to blood lipids: A cultural perspective* [óútgefið handrit]. Department of Psychology, University of Wisconsin–Madison.

Nöfn höfunda í sviga: (Yoo o.fl., 2016)

Nöfn höfunda í setningu: Yoo o.fl. (2016)

Handrit í undirbúningi (e. manuscript in preparation)

O’Shea, M. (2018). *Understanding proactive behavior in the workplace as a function of gender* [handrit í undirbúningi]. Department of Management, University of Kansas.

Nafn höfundis í sviga: (O’Shea, 2018)

Nafn höfundis í setningu: O’Shea (2018)

Handrit lagt fram til útgáfu (e. manuscript submitted for publication)

Lippincott, T. og Poindexter, E. K. (2019). *Emotion recognition as a function of facial cues: Implications for practice* [handrit lagt fram til útgáfu]. Department of Psychology, University of Washington.

- Ekki er sagt frá því í hvaða fræðitímarit handritið var lagt fram til útgáfu. Um leið og handritið hefur verið samþykkt þarf að uppfæra heimildaskráninguna og skrá hana á hefðbundinn hátt.

Nöfn höfunda í sviga: (Lippincott og Poindexter, 2019)

Nöfn höfunda í setningu: Lippincott og Poindexter (2019)

Gagnasett, hugbúnaðir, og mælitæki

Þegar notast er við fyrirliggjandi gögn (útgefin gagnasett með rannsóknargögnum sem hefur verið safnað af öðrum) er mælt með að vísa í þau gögn á formlegan hátt.

Fyrirliggjandi gögn eru þó ekki einungis gagnasett eða hrágögn heldur á þessi flokkur einnig við allskonar tölfræðiheimildir (m.a. frá Hagstofu Íslands, Eurostat, OECD) þar sem unnið hefur verið úr gögnunum – t.d. með töflum, línuritum og/eða myndum.

Ef gögnin hafa verið útgefin er notast við útgáfuár sem ártal en ef þau eru ekki útgefin er notast við ár gagnasöfnunar. Ef útgáfunúmer (e. version number) er til staðar á að gefa það í sviga á eftir titli. Gefa á lýsingu á efninu [í hornklofa] á eftir titli, t.d. gagnasett (e. data set), óútgefin hrágögn (e. unpublished raw data), kóðunarbók (e. code book), tafla, línurit, eða mynd o.s.frv. Fyrir útgefna gagnagrunna er útgefandinn, sá sem varðveitir gögnin, safnaði þeim eða deildi þeim – eftir því sem við á, settur í útgefandasætið (uppruni verks). Einungis á að bæta við dagsetningu þegar efnið var sótt ef það er líklegt til að breytast, t.d. ef það er ennþá verið að safna gögnum.

Uppsetning:

Höfundur. (Ártal). *Titill gagnasetts, töflu, línurits, myndar* [tegund gagna s.s. gagnasett, óútgefin hrágögn, kóðunarbók (e. code book), tafla, línurit, mynd o.s.frv.] Uppruni verks. DOI eða vefslóð

Gagnasett

D'Souza, A. og Wiseheart, M. (2018). *Cognitive effects of music and dance training in children* (ICPSR 37080; útgáfa V1) [gagnasett]. ICPSR.
<https://doi.org/10.3886/ICPSR37080.v1>

National Center for Education Statistics. (2016). *Fast Response Survey System (FRSS): Teachers' use of educational technology in U.S. public schools, 2009* (ICPSR 35531; útgáfa V3) [gagnasett og kóðunarbók]. National Archive of Data on Arts and Culture.
<https://doi.org/10.3886/ICPSR35531.v3>

Pew Research Center. (2018). *American trends panel Wave 26* [gagnasett].
<https://www.pewsocialtrends.org/dataset/american-trends-panel-wave-26/>

Nöfn höfunda í sviga: (D'Souza og Wiseheart, 2018; National Center for Education Statistics, 2016; Pew Research Center, 2018)

Nöfn höfunda í setningu: D'Souza og Wiseheart (2018), National Center for Education Statistics (2016) og Pew Research Center (2018)

Óútgefin hrá gögn**Dæmi á ensku:**

Baer, R. A. (2015). [Unpublished raw data on the correlations between the Five Facet Mindfulness Questionnaire and the Kentucky Inventory of Mindfulness Skills]. University of Kentucky.

- Hér er enginn titill á gögnunum og því er gefin ítarleg lýsing á efninu (í þessu dæmi á ensku en að sjálfsgöðu má gefa lýsingu á íslensku). Þegar uppruni verks er þekktur, þ.e.a.s. hvar gagna var aflað (t.d. háskóli eða háskóladeild) á að setja það með í lokin.

Oregon Youth Authority. (2011). *Recidivism outcomes* [óútgefin hrágögn].

Nöfn höfunda í sviga: (Baer, 2015; Oregon Youth Authority, 2011)

Nöfn höfunda í setningu: Baer (2015) og Oregon Youth Authority (2011)

Tölfræðiheimildir (grunnögn, töflur, línurit, myndrit)

Eurostat. (e.d.). Population by major age groups, observed data (2001-2022), and projected data (2023-2100) [línurit].

<https://ec.europa.eu/eurostat/documents/4187653/16179827/Pop+proj+2001-2100.jpg/6df67125-19f9-c02b-8122-4c0d26a056d7?t=1680163705960>

ATH: Það er líka hægt að vísa í greinina sem línuritið kemur fram í en þá þarf að vísa til þess í lesmáli að upplýsingarnar komi fram í línuriti eða myndriti.

Hagstofa Íslands. (e.d.-a). Fjárhagsstaða heimila: Hlutfall heimila sem eiga erfitt með að láta enda ná saman [línurit].

<https://www.hagstofa.is/talnaefni/samfelag/lifskjor/fjarhagsstada-heimila/>

Hagstofa Íslands. (e.d.-b). *Heimili í fjárhagsvandræðum eftir heimilisgerð 2004-2021* [grunn gögn].

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_lifskjor_3_fjarhagsstada_fjarhagsstada/VIN07221.px

OECD. (2023). Social institutions and gender index (SIGI) [mynd]. Í *Gender discrimination in social norms: Measuring the invisible*. <https://www.oecd.org/stories/gender/social-norms-and-gender-discrimination/>

Heiti höfunda í sviga: (Eurostat, e.d.; Hagstofa Íslands, e.d.-a; Hagstofa, e.d.-b; OECD, 2023)
Heiti höfunda í setningu: Eurostat (e.d.), Hagstofa Íslands (e.d.-a), Hagstofa Íslands (e.d.-b) og OECD (2023)

Hugbúnaður

Ekki þarf að vísa sérstaklega í hugbúnað eða öpp sem nefnd eru í textanum án óbeinna eða beinna tilvitnana í þau. Þetta á t.d. við vísanir í textanum í Microsoft Office (t.d. Word, Excel, PowerPoint), samfélagsmiðlaöpp (t.d. Facebook, Instagram, Twitter), hugbúnaði fyrir skoðanakannanir (Qualtrics, Survey Monkey), hugbúnaði á vegum Adobe (t.d. Adobe Reader, Photoshop, Adobe Acrobat), Java og tölfræðiforrit (t.d. R, SPSS, SAS). Ef við á, getur verið gott að setja númer útgáfu í sviga.

Dæmi:

Gögnin voru greint í IBM SPSS Statistics forritinu (útgáfu 25).
Þátttakendur voru beðnir um að hlaða niður TikTok forritinu.

Hins vegar þarf að skrá tilvísanir og í heimildaskrá fyrir hugbúnaði og öpp þegar notast var við óbeinar eða beinar tilvitnanir í efni þeirra. Einnig ef hugbúnaðurinn eða appið er fremur óþekkt (lítið dreift). Ártalið er útgáfuár þeirrar útgáfu sem notast var við. Titlar hugbúnaða og appa eru skáletraðir í heimildaskrá en ekki í tilvísunum.

Uppsetning:

Höfundur. (Ártal). *Titill hugbúnaðarins eða appsins* [tegund]. Útgefandi. Vefslóð

Hugbúnaður

Borenstein, M., Hedges, L., Higgins, J. og Rothstein, H. (2014). *Comprehensive meta-analysis* (útgáfa 3.3.070) [tölvuhugbúnaður]. Biostat. <https://www.meta-analysis.com/>

Nöfn höfunda í sviga: (Borenstein o.fl., 2014)

Nöfn höfunda í setningu: Borenstein o.fl. (2014)

App

Epocrates. (2019). *Epocrates medical references* (útgáfa 18.12) [app]. App Store.
<https://itunes.apple.com/us/app/epocrates/id281935788?mt=8>

Tilvísun í sviga: (Epocrates, 2019)

Tilvísun í setningu: Epocrates (2019)

Efni sem kemur fram í appi

Epocrates. (2019). Interaction check: Aspirin + sertraline. Í *Epocrates medical references* (útgáfa 18.12) [app]. Google Play Store.
https://play.google.com/store/apps/details?id=com.epocrates&hl=en_US

Tilvísun í sviga: (Epocrates, 2019)

Tilvísun í setningu: Epocrates (2019)

Mælitæki

Oftast þegar verið er að vísa í mælitæki – prófanir (e. test), mælikvarða (e. scale) eða skrár (e. inventory) á að gefa tilvísun í það rit sem mælitækið kemur fram í, t.d. þegar verið er að notast við mælikvarða sem notaður var í útgefinni tímaritsgrein. Ef mælitækið er hins vegar sér rit þarf að vísa í það sérstaklega. Enskt heiti mælitækisins er skrifað með hástöfum á hverju orði. Heitið er skáletrað í heimildaskránni en ekki í textanum.

Handbók fyrir próf (e. test), mælikvarða (e. scale) eða úttekt (e. inventory)

Tellegen, A. og Ben-Porath, Y. S. (2011). *Minnesota Multiphasic Personality Inventory–2 Restructured Form (MMPI-2-RF): Technical manual*. Pearson.

Tilvísun í sviga: (Tellegen og Ben-Porath, 2011)

Tilvísun í setningu: Tellegen og Ben-Porath (2011)

Próf, mælikvarði eða úttekt (án stuðningsrits)

Project Implicit. (e.d.). *Gender–Science IAT*.

<https://implicit.harvard.edu/implicit/takeatest.html>

- Það á einungis að vísa í próf, mælikvarða eða úttekt á þennan hátt ef að það er engin handbók eða stuðningsrit (þar sem prófið, mælikvarðinn eða úttektin kemur fram í).

Tilvísun í sviga: (Project Implicit, e.d.)

Tilvísun í setningu: Project Implicit (e.d.)

Hljóð- og myndefni

Undir þennan flokk fellur bæði hljóðefni (t.d. tónlist og upptökur af ræðum), myndefni (t.d. listaverk, PowerPoint glærur, og ljósmyndir), og bæði hljóð- og myndefni (t.d. kvikmyndir, sjónvarpsþættir, og myndbandsefni eins og YouTube myndbönd). Fyrir hljóð- og myndefni skiptir máli hvort að verkið standi sjálfstætt (t.d. kvikmynd, heil sjónvarpsþáttaröð, hlaðvörp, vefnámskeið, tónlistaralbúm, listaverk, YouTube myndbönd) eða hvort að efnið sé

hluti af stærri heild (t.d. einn þáttur úr sjónvarpsþáttaröð, einn hlaðvarpsþáttur, eitt lag úr tónlistaralbúmi). Tegund fjölmiðlaefnisins hefur áhrif á það hver er skráður sem höfundur, sjá töflu 3 hér að neðan.

Tafla 4: Aðili skráður í höfundarsæti eftir tegund fjölmiðlaefnis

Tegund fjölmiðlaefnis	Aðili skráður í höfundarsæti
Kvikmynd	Leikstjóri
Sjónvarpsþáttaröð	Framleiðandi (e. executive producer)
Þáttur úr sjónvarpsþáttaröð	Handritshöfundur og leikstjóri þáttarins (e. writer and director of episode)
Hlaðvarp	Þáttastjórnandi eða framleiðandi (e. executive producer)
Þáttur úr hlaðvarpi	Þáttastjórnandi þáttarins (e. host of episode)
Vefnámskeið	Leiðbeinandi (e. instructor)
Klassísk tónlistaralbúm eða lag	Tónskáld (e. composer)
Nútíma tónlistaralbúm eða lag	Listamaður (e. artist)
Listaverk	Listamaður (e. artist)
Streymt myndband á netinu	Einstaklingur eða hópur sem hlóð upp myndbandinu
Mynd	Ljósmyndari

Gera þarf grein fyrir tegund fjölmiðlaefnis í [hornklofa] á eftir titli. Í útgefandasæti (uppruni verks) er gefið heiti framleiðslufyrirtækis fyrir kvikmyndir, sjónvarpsþætti, eða hlaðvörp. Heiti útgáfufyrirtækis (e. label) fyrir tónlistarefni, heiti og staðsetning listasafns fyrir listaverk og heiti streymisveitu fyrir streymt efni. Þegar afrita á hljóð- og myndefni þarf að hafa í huga að það gæti þurft að fá leyfi þess aðila sem hefur höfundarrétt yfir efninu og/eða vísa á ákveðinn hátt í efnið samkvæmt skilmálum.

Uppsetning fyrir hljóð- og myndefni (sjálfstætt verk):

Höfundur	Ártal	Titill	Útgefandi	Vefslóð
Nafn leikstjóra (leikstjóri).	(2022).	Titill verks [lýsing á tegund fjölmiðlaefnis].	Nafn framleiðslufyrirtækis.	https://
Nafn framleiðanda (framleiðandi).	(1999-nú).		Nafn útgáfufyrirtækis.	
Nafn þáttastjórnanda (þáttastjórnandi).	(2011-2021).		Heiti listasafns, staðsetning listasafns.	
Nafn listamanns.	(2022, 7. júlí).		Heiti deildar, heiti háskóla.	
Nafn þess sem hleður upp efni.				

Uppsetning fyrir hljóð- og myndefni (partur af stærra heildarverki):

Höfundur	Ártal	Titill	Útgefandi	Vefslóð
Nafn handritshöfundur (handritshöfundur og nafn leikstjóra (leikstjóri).	(2021). (2020, 3. október).	Titill þáttar (númer seríu, númer þáttar) [lýsing].	Í P.P.* eftirnafn framleiðanda (framleiðandi), <i>Titill sjónvarpsþáttaraðar</i> . Framleiðslufyrirtæki.	https://
Nafn framleiðanda (framleiðandi).	(2012 til dagsins í dag)	Titill lags [lýsing].	*Upphafstafir erlendra höfunda koma á undan eftirnafni hér.	
Nafn þáttastjórnanda (þáttastjórnandi).				
Nafn tónskálds.				
Nafn listamanns.				
			Í <i>titill hlaðvarps</i> . Framleiðslufyrirtæki. Í <i>titill tónlistaralbúms</i> . Útgáfufyrirtæki.	

Kvikmynd

Forman, M. (leikstjóri). (1975). *One flew over the cuckoo's nest* [kvikmynd]. United Artists.

Fosha, D. (gestasérfræðingur) og Levenson, H. (þáttastjórnandi). (2017). *Accelerated experiential dynamic psychotherapy (AEDP) supervision* [kvikmynd; fræðiefni á DVD]. American Psychological Association.
<https://www.apa.org/pubs/videos/4310958.aspx>

- Hér er leikstjóri óþekktur og því eru aðrir í svipuðum hlutverkum skráðir í staðinn til að hjálpa lesendum að finna verkið. Lýsing á hlutverki þarf alltaf að vera í samræmi við það sem skráð er í verkinu.

Jackson, P. (leikstjóri). (2001). *The lord of the rings: The fellowship of the ring* [kvikmynd; fjögurra diska lengri útgáfa á DVD]. WingNut Films; The Saul Zaentz Company.

- Það er ekki nauðsynlegt að skrá hvernig horft var á verkið (t.d. í kvikmyndahúsi, á DVD eða streymisveitu) en slíkar upplýsingar geta skipt máli ef að um sérstaka útgáfu er að ræða sem hefur e.t.v. meira efni en aðrar útgáfur, eins og í dæminu hér að ofan. Þá eru slíkar upplýsingar gefnar innan [hornklofa] á eftir titli verksins. Sett er semíkomma á eftir tegund fjölmiðlaefnis og upplýsingum bætt þar við.

Tilvísanir í sviga: (Forman, 1975; Fosha og Levenson, 2017; Jackson, 2001)

Tilvísanir í setningu: Forman (1975), Fosha og Levenson (2017) og Jackson (2001)

Kvikmynd á öðru tungumáli

Í þeim tilfellum þar sem um erlenda kvikmynd er að ræða (á öðru tungumáli en ensku) þarf að setja þýddan titil í [hornklofa] á eftir titli og á undan hornklofanum með tegund fjölmiðlaefnis.

Malle, L. (leikstjóri). (1987). *Au revoir les enfants* [Bless börn] [kvikmynd]. Nouvelles Éditions de Films.

Tilvísun í sviga: (Malle, 1987)

Tilvísun í setningu: Malle (1987)

Sjónvarpsþáttasería

Simon, D., Colesberry, R. F. og Kostroff Noble, N. (framleiðendur). (2002–2008). *The wire* [sjónvarpsþáttaröð]. Blown Deadline Productions; HBO.

- Ef sjónvarpsþáttaröðin var gefin út í fleiri en eitt ár þarf að gefa allt útgáfutímabilið til kynna (t.d. 2001-2019). Ef það er ennþá verið að gefa sjónvarpsþáttaröðina út þá þarf að skrá: „til dagsins í dag“.

Tilvísun í sviga: (Simon o.fl., 2002–2008)

Tilvísun í setningu: Simon o.fl. (2002–2008)

Sjónvarps- eða vefþáttur

Barris, K. (handritshöfundur og leikstjóri). (2017, 11. janúar). Lemons (þáttaröð 3, þáttur 12) [þáttur úr sjónvarpsþáttaröð]. Í K. Barris, J. Groff, A. Anderson, E. B. Dobbins, L. Fishburne og H. Sugland (framleiðendur), *Black-ish*. Wilmore Films; Artists First; Cinema Gypsy Productions; ABC Studios.

Oakley, B. (handritshöfundur), Weinstein, J. (handritshöfundur) og Lynch, J. (leikstjóri). (1995, 21. maí). Who shot Mr. Burns? (fyrsti hluti) (þáttaröð 6, þáttur 25) [þáttur úr sjónvarpsþáttaröð]. Í D. Mirkin, J. L. Brooks, M. Groening og S. Simon (framleiðendur), *The Simpsons*. Gracie Films; Twentieth Century Fox Film Corporation.

- Skrá skal handritshöfunda og leikstjóra þáttarins. Skýra þarf hlutverk þeirra í sviga á eftir nafni hvers. Skrá þarf númer þáttaraðar (e. season) og númer þáttar (e. episode) í sviga á eftir titli.

Tilvísanir í sviga: (Barris, 2017; Oakley o.fl., 1995)

Tilvísanir í setningu: Barris (2017) og Oakley o.fl. (1995)

TED Talk

Giertz, S. (2018, apríl). *Why you should make useless things* [myndband]. TED Conferences. https://www.ted.com/talks/simone_giertz_why_you_should_make_useless_things

- Þegar TED Talk efni er fengið á vefsíðu TED, eins og í þessu dæmi, á að setja nafn ræðumannsins í höfundarsæti.

TED. (2012, 16. mars). *Brené Brown: Listening to shame* [myndband]. YouTube.

<https://www.youtube.com/watch?v=psN1DORYYV0>

- Ef vísað er í TED Talk myndband af YouTube þarf að setja eiganda YouTube aðgangins, í þessu tilviki TED, sem höfund til að hjálpa lesendum að finna myndbandið. Ef ræðumaðurinn er ekki nefndur í heimildaskráningunni er vert að nefna nafn hans í textanum sjálfum. Í þessu tilviki er nafn hans nefnt í titlinum en ef ekki væri hægt að skrifa: „Brown talar um skömm sem upplifun mannsins (TED, 2012).“

Tilvísanir í sviga: (Giertz, 2018; TED, 2012)

Tilvísanir í setningu: Giertz (2018) og TED (2012)

Upptaka af vefnámskeiði

Goldberg, J. F. (2018). *Evaluating adverse drug effects* [vefnámskeið]. American Psychiatric Association.

<https://education.psychiatry.org/Users/ProductDetails.aspx?ActivityID=6172>

- Það á einungis að skrá heimildina á þennan hátt ef hún er tekin upp og hægt er að nálgast hana. Ef ekki er þetta skráð sem munnleg heimild.

Tilvísun í sviga: (Goldberg, 2018)

Tilvísun í setningu: Goldberg (2018)

YouTube myndband eða annað streymt myndband

Cutts, S. (2017, 24. nóvember). *Happiness* [myndband]. Vimeo.

<https://vimeo.com/244405542>

Fogarty, M. [Grammar Girl]. (2016, 30. september). *How to diagram a sentence (absolute basics)* [myndband]. YouTube. <https://youtu.be/deiEY5Yq1qI>

- Hér er notendanafn á síðunni sett í hornklofa á eftir nafni höfunds.

University of Oxford. (2018, 6. december). *How do geckos walk on water?* [myndband].

YouTube. <https://www.youtube.com/watch?v=qm1xGfOZJc8>

- Einstaklingurinn eða hópurinn sem setti myndbandið á vefsíðuna er settur í höfundarsætið, jafnvel þótt viðkomandi hafi ekki framleitt efnið. Því er gott er að gefa til kynna í textanum sjálfum (utan tilvísunar) hverjir stóðu að framleiðslu myndbandsins eða koma fram í því (t.d. ræðumaður). Sjá dæmi um Ted Talk hér að ofan.

Tilvísanir í sviga: (Cutts, 2017; Fogarty, 2016; University of Oxford, 2018)

Tilvísanir í setningu: Cutts (2017), Fogarty (2016) og University of Oxford (2018)

Tónlistaralbúm

Bach, J. S. (2010). *The Brandenburg concertos: Concertos BWV 1043 & 1060* [tónlistaralbúm tekið upp af Academy of St Martin in the Fields]. Decca. (Frumútgáfa 1721)

Bowie, D. (2016). *Blackstar* [tónlistaralbúm]. Columbia.

Tilvísun í sviga: (Bach, 1721/2010; Bowie, 2016)

Tilvísun í setningu: Bach (1721/2010) og Bowie (2016)

Ef um klassískt verk er að ræða á að setja tónskáldið í höfundarsætið og gefa til kynna í sviga á eftir titli hvaða einstaklingur eða hópur tók upp þá útgáfu sem notuð var. Notast skal við útgáfuár þeirrar útgáfu sem notast var við en setja upprunalegt útgáfuár í sviga í lokin. Í tilvísun kemur bæði fram útgáfuár upprunalegrar útgáfu, sett skástrik og síðan útgáfuár útgáfunnar sem notast var við. Fyrir öll önnur verk en klassísk verk er nafn listamannsins skráð í höfundarsæti.

Vanalega er óparfi að skrá hvernig hlustað var á tónlistaralbúmið (t.d. með streymi á Spotify, iTunes, Amazon Music, Pandora, Tidal, á geisladiski o.s.frv.). Hins vegar getur verið að aukaupplýsingum sé bætt við í hornklofann þar sem skrifað er tegund verks [tónlistaralbúm]. Þá er bætt við semíkommu og þar á eftir aukaupplýsingum [tónlistaralbúm, aukaupplýsingar]. Þetta getur skipt máli ef um sérstaka útgáfu af tónlistaralbúminu er að ræða sem hefur eitthvað aukaefni sem aðrar útgáfur hafa ekki.

Setja á vefslóð með ef að það er eina leiðin til að nálgast efnið, t.d. ef að tónlistarmaður gefur efnið einungis út á SoundCloud eða eigin vefsíðu.

Eitt lag

Beethoven, L. van. (2012). *Symphony No. 3 in E-flat major* [lag tekið upp af Staatskapelle Dresden]. Í *Beethoven: Complete symphonies*. Brilliant Classics. (Frumútgáfa 1804)

Beyoncé. (2016). *Formation* [lag]. Í *Lemonade*. Parkwood; Columbia.

Childish Gambino. (2018). *This is America* [lag]. mcDJ; RCA.

- Hér er lagið ekki hluti af neinu tónlistaralbúmi og því er þeim hluta sleppt.

Lamar, K. (2017). *Humble* [lang]. Í *Damn*. Aftermath Entertainment; Interscope Records; Top Dawg Entertainment.

- Setja á vefslóð með ef að það er eina leiðin til að nálgast efnið, t.d. ef að tónlistarmaður gefur efnið einungis út á SoundCloud eða eigin vefsíðu.

Tilvísanir í sviga: (Beethoven, 1804/2012; Beyoncé, 2016; Childish Gambino, 2018; Lamar, 2017)

Tilvísanir í setningu: Beethoven (1804/2012), Beyoncé (2016), Childish Gambino (2018) og Lamar (2017)

Hlaðvarp

Vedantam, S. (þáttastjórnandi). (2015 til dagsins í dag). *Hidden brain* [hljóðupptaka af hlaðvarpi]. NPR. <https://www.npr.org/series/423302056/hidden-brain>

- Þáttastjórnandinn eða framleiðandinn er settur í höfundarsætið. Í báðum tilfellum þarf að skrá hlutverk þeirra innan sviga á eftir. Gera þarf greinarmun á því hvort að um hljóðupptöku eða myndbandsupptöku sé að ræða í hornklofa á eftir titli. Ef vefslóðin er ekki þekkt, t.d. ef hlustað er á hlaðvarpið í gegnum Spotify má sleppa því að setja vefslóð.

Tilvísun í sviga: (Vedantam, 2015 til dagsins í dag)

Tilvísun í setningu: Vedantam (2015 til dagsins í dag)

Einn þáttur í hlaðvarpi

Glass, I. (þáttastjórnandi). (2011, 12. ágúst). Amusement park (nr. 443) [þáttur í hlaðvarpi, hljóðupptaka]. Í *This American life*. WBEZ Chicago. <https://www.thisamericanlife.org/radio-archives/episode/443/amusement-park>

- Þáttastjórnandinn eða framleiðandinn er settur í höfundarsætið. Í báðum tilfellum þarf að skrá hlutverk þeirra innan sviga á eftir. Skrá skal númer þáttarins í sviga á eftir titlinum. Ef hlaðvarpið númerar ekki þættina á að sleppa því. Gera þarf greinarmun á því hvort að um hljóðupptöku eða myndbandsupptöku sé að ræða í hornklofa á eftir titli (á eftir númeri þáttar í sviga). Ef vefslóðin er ekki þekkt, t.d. ef hlustað er á hlaðvarpið í gegnum Spotify má sleppa því að setja vefslóð.

Tilvísun í sviga: (Glass, 2011)

Tilvísun í setningu: Glass (2011)

Upptaka af ræðu

King, M. L., Jr. (1963, 28. ágúst). *I have a dream* [hljóðupptaka af ræðu]. American Rhetoric. <https://www.americanrhetoric.com/speeches/mlkhaveadream.htm>

Tilvísun í sviga: (King, 1963)

Tilvísun í setningu: King (1963)

Listaverk á safni eða á vefsíðu safns

Delacroix, E. (1826–1827). *Faust attempts to seduce Marguerite* [steinþrykk]. The Louvre, París, Frakklandi.

Wood, G. (1930). *American gothic* [málverk]. Art Institute of Chicago, Chicago, IL, Bandaríkjunum. <https://www.artic.edu/aic/collections/artwork/6565>

- Þessi uppsetningu á að nota við skráningu allra tegunda safnlistaverka, þar á meðal fyrir málverk, skúlptúra, ljósmyndir, prentanir, teikningar og innsetningar. Það á alltaf

að gefa lýsingu á miðlinum eða sniðinu í hornklofa á eftir titlinum. Fyrir ónefnd verk á að skrá lýsingu á verkinu í hornklofa í stað titils.

Tilvísun í sviga: (Delacroix, 1826–1827; Wood, 1930)

Tilvísun í setningu: Delacroix (1826–1827) og Wood (1930)

Skýringagraf (e. Infographic)

Rossman, J. og Palmer, R. (2015). *Sorting through our space junk* [skýringagraf]. World Science Festival. <https://www.worldsciencefestival.com/2015/11/space-junk-infographic/>

Þegar verið er að afrita slíkt efni þarf að gæta varúðar varðandi höfundarrétt.

Tilvísun í sviga: (Rossman og Palmer, 2015)

Tilvísun í setningu: Rossman og Palmer (2015)

Kort

Cable, D. (2013). *The racial dot map* [kort]. University of Virginia, Weldon Cooper Center for Public Service. <https://demographics.coopercenter.org/Racial-Dot-Map>

Google. (e.d.). [Leiðbeiningar á Google Maps fyrir akstur frá La Paz, Bólivíu, til Lima, Perú]. Sótt 16. febrúar 2020, af <https://goo.gl/YYE3GR>

- Fyrir síbreytileg kort eins og Google Maps sem hafa ekki titil, á að lýsa kortinu í hornklofa, og gefa dagsetningu þegar efnið var sótt.

Tilvísanir í sviga: (Cable, 2013; Google, e.d.)

Tilvísanir í setningu: Cable (2013) og Google (e.d.)

Ljósmynd

McCurry, S. (1985). *Afghan girl* [ljósmynd]. National Geographic.

<https://www.nationalgeographic.com/magazine/national-geographic-magazine-50-years-of-covers/#/ngm-1985-jun-714.jpg>

Rinaldi, J. (2016). [Myndasýrpa af dreng sem nær sér á strik eftir misnotkun af hálfu þeirra sem hann treysti]. The Pulitzer Prizes. <https://www.pulitzer.org/winners/jessica-rinaldi>

- Þessa uppsetningu á að nota til að vísa í (en ekki afrita) ljósmyndir eða önnur listaverk sem ekki eru tengd listasöfnum. Til að nota ljósmynd þarf að fá leyfi (e. permission and/or a copyright attribution) auk þess að skrá heimildina. Útgefandi (uppruni verks) er nafn síðunnar þar sem ljósmyndin var fengin. Fyrir ljósmynd án titils á að gefa lýsingu í hornklofa í stað titils.

Tilvísanir í sviga: (McCurry, 1985; Rinaldi, 2016)

Tilvísun í setningu: McCurry (1985) og Rinaldi (2016)

PowerPoint glærur eða fyrirlestraglósur

Canan, E. og Vasilev, J. (2019, 22. maí). [Fyrirlestraglósur um auðlindaúthlutun]. Department of Management Control and Information Systems, University of Chile.

<https://uchilefau.academia.edu/ElseZCanan>

Housand, B. (2016). *Game on! Integrating games and simulations in the classroom* [PowerPoint glærur]. SlideShare. <https://www.slideshare.net/brianhousand/game-on-iagc-2016/>

Mack, R. og Spake, G. (2018). *Citing open source images and formatting references for presentations* [PowerPoint glærur]. Canvas@FNU. <https://fnu.onelogin.com/login>

- Ef PowerPoint glærur eru fengnar úr kennslukerfi (t.d. Canvas og Blackboard) eða innra neti og verið er að skrifa fyrir lesendur með aðgengi að því efni á að gefa heiti síðunnar og vefslóð (á upphafssíðuna þar sem þarf að skrá sig inn).

Tilvísanir í sviga: (Canan og Vasilev, 2019; Housand, 2016; Mack og Spake, 2018)

Tilvísanir í setningu: Canan og Vasilev (2019), Housand (2016) og Mack og Spake (2018)

Samfélagsmiðlaefni

Það á bara að vísa í samfélagsmiðla eins og Facebook, Instagram, LinkedIn, Pinterest, Reddit, Tumblr, Twitter o.s.frv. fyrir efni sem er hýst á þeim miðlum. Með þessu er átt við að þrátt fyrir að upprunalega sé nálgast annað efni (sem hýst er á öðrum miðli) í gegnum tengil (e. link) sem gefinn er á samfélagsmiðli þá á bara að vísa í miðilinn sem hýsir efnið, ekki miðilinn sem gaf tengilinn (e. link). Með öðrum orðum þá þarf ekki að gera grein fyrir því á hvaða samfélagsmiðli tengillinn var fenginn ef efnið er hýst á öðrum miðli. Sem dæmi, ef gefinn er tengill á Pinterest síðu í gegnum Instagram þá á bara að vísa í Pinterest þegar tilvísun í það efni er skráð.

Færslur (e. posts) á samfélagsmiðlum getur verið í formi texta, texta með hljóð- og/eða myndefni (t.d. myndir og myndbönd) eða einungis myndbönd.

Samfélagsmiðlafærslur (e. social media post) hafa yfirleitt engan titil. Þess í stað eru gefin upp fyrstu orðin í færslunni, allt að 20 orð. Gefa þarf til kynna [í hornklofa] á eftir textanum ef hljóð- og/eða myndefni er til staðar.

Samfélagsmiðlafærslur geta innihaldið óhefðbundið málfar, ranga notkun há- og lágstafa, myllumerki (e. hashtags), tengla, og ýmis tákni (e. emojis). Þegar gefin er tilvísun í slíkt efni á ekki að breyta textanum (jafnvel þótt um villur séu að ræða). Halda á myllumerkjum og tenglum inni. Einnig á að afrita tákni (e. emojis) ef mögulegt er. Ef það er ekki hægt þarf að geta nafn táknsins [í hornklofa]. Til dæmis [tákn af andliti með tárur af gleði, e. face with tears of joy emoji] fyrir 🥳. Hægt er að finna lista yfir nöfn tákna (e. emojis) á heimasíðu Unicode Consortium (<http://unicode.org/emoji/charts/index.html>). Tákn (e. emoji) er talið sem eitt orð.

Ef notendanafn á samfélagsmiðli er skráð með „hjá“ (e. at; @) er @notendanafnið sett í hornklofa.

Uppsetning:

Nafn einstaklings, hóps eða skipulagsheildar sem notast við notendanafnið [@notendanafnið].

Dæmi:

Kristin Mariella [@respectfulmom].

Uppsetning fyrir samfélagsmiðlaefni:

Höfundur	Ártal	Titill	Upptök (hýsill)	Vefslóð
Á Twitter og Instagram: Erlendur höfundur: Eftirnafn, Upphafsstafur. Upphafsstafur. [@notendanafn]. Íslenskur höfundur: Fornafn Eftirnafn. [@notendanafn]. Heiti hóps [@notendanafn].	(e.d.). (2020, 10. september).	Efni póstarins, allt að fyrstu 20 orðum Efni póstarins allt að fyrstu 20 orðum [lýsing á hljóð- og/eða myndefni]. [Lýsing á hljóð- og/eða myndefni].	Heiti samfélagsmiðilsins.	https://xxxx Sótt 25. apríl 2023, af https://xxxx
Facebook og aðrir samfélagsmiðlar: Eftirnafn, Upphafsstafur. Upphafsstafur. Heiti hóps. Heiti hóps [notendanafn]. Notendanafn.				

Tíst (e. Tweet)

Alþingi [@Althingi]. (2023, 31. mars). *Vinahópur Íslands í fulltrúadeild Bandaríkjaþings var stofnaður í gær að viðstaddri utanríkismálanefnd Alþingis sem er í heimsókn í Washington* [áföst mynd] [Tíst]. Twitter.

<https://twitter.com/Althingi/status/1641868923246202880?cxt=HHwWgMC-ncbFi8ktAAAA>

APA Education [@APAEducation]. (2018, 29. júní). *College students are forming mental-health clubs—and they're making a difference @washingtonpost* [með tengli] [Tíst]. Twitter. <https://twitter.com/apaeducation/status/1012810490530140161>

Badlands National Park [@BadlandsNPS]. (2018, 26. febrúar). *Biologists have identified more than 400 different plant species growing in @BadlandsNPS #DYK #biodiversity* [Tíst]. Twitter. <https://twitter.com/BadlandsNPS/status/968196500412133379>

- Fyrir tíst sem eru með myndum (þ.á.m. teiknimyndir, e. animated gifs), myndböndum, tenglum í utanaðkomandi efni, tenglum í önnur tíst (þegar um endurtíst e. retweet er að ræða), eða skoðanakönnun þarf að gefa það til kynna í [hornklofa] á eftir titli og áður en gefið er til kynna í hornklofa [tegund samfélagsmiðlaefnis].
- Ef tákn (e. emojis) koma fram í tístinu á að skrá þau. Sjá almenna umfjöllun um samfélagsmiðlaefni hér að ofan.

Tilvísanir í sviga: (Alþingi, 2023; APA Education, 2018; Badlands National Park, 2018)

Tilvísanir í setningu: Alþingi (2023), APA Education (2018) og Badlands National Park (2018)

Prófil á Twitter (e. Twitter profile)

Alþingi [@Althingi]. (e.d.). *Tweets* [Twitter prófil]. Twitter. Sótt 14. apríl 2022 af <https://twitter.com/Althingi>

- Hér er gefin „sótt af“ dagsetning þar sem efnið breytist yfir tíma. Á Twitter prófil eru nokkrir flipar (e. tweets, replies, media, likes). Tweets er sá flipi sem opnast sjálfkrafa og því er hann skráður hér í titilsæti.

Tilvísun í sviga: (Alþingi, e.d.)

Tilvísun í setningu Alþingi (e.d.)

Færsla á Facebook

Gaiman, N. (2018, 22. mars). *100,000+ Rohingya refugees could be at serious risk during Bangladesh's monsoon season. My fellow UNHCR Goodwill Ambassador Cate Blanchett is* [áföst mynd] [stöðuupp færsla]. Facebook. <http://bit.ly/2JQxPAD>

National Institute of Mental Health. (2018, 28. nóvember). *Suicide affects all ages, genders, races, and ethnicities. Check out these 5 Action Steps for Helping Someone in Emotional Pain* [skýringagraf]. Facebook. <http://bit.ly/321Qstq>

News From Science. (2018, 26. júní). *These frogs walk instead of hop:*

<https://scim.ag/2KlriwH> [myndband]. Facebook.

<https://www.facebook.com/ScienceNOW/videos/10155508587605108/>

- Þetta snið er einnig hægt að nota fyrir færslur á öðrum samfélagsmiðlum eins og Tumblr, LinkedIn o.s.frv.
- Ef færsla hefur einnig annars konar efni en texta, t.d. myndir, myndbönd, tengla í utanaðkomandi efni, eða efni úr annarri Facebook færslu (e. repost) á að gefa það til kynna [í hornklofa] á eftir titli og á undan hornklofanum með [tegund efnis].

Tilvísanir í sviga: (Gaiman, 2018; National Institute of Mental Health, 2018; News From Science, 2018)

Tilvísanir í setningu: Gaiman (2018), National Institute of Mental Health (2018) og News From Science (2018)

Facebook síða

Café Nomad (e.d.). *Posts* [Facebook síða]. Facebook. Sótt 6. apríl 2023, af <https://www.facebook.com/cafenomadfuengirola>

- Á Facebook eru nokkrar undirsíður (e. Posts, about, mentions, reviews, followers, photos, more). E. Posts er sú sem er valin sjálfkrafa og er því nefnd hér.

Tilvísun í sviga: (Café Nomad, e.d.)

Tilvísun í setningu: Café Nomad (e.d.)

Instagram mynd eða myndband

Viðskiptaráð [@vidskiptarad]. (2023, 28. febrúar). *Okkar árlega Viðskiptaþing fór fram fyrir stútfullum sal á @hiltonreykjaviknordica 9. febrúar 2023. Við erum enn í skýjunum með hvernig* [mynd]. Instagram. https://www.instagram.com/p/CpM_GdDsSf1/

Tilvísun í sviga: (Viðskiptaráð, 2023)

Tilvísun í setningu: Viðskiptaráð (2023)

Veffærsla (e. online forum post)

National Aeronautics and Space Administration [nasa]. (2018, 12. september). *I'm NASA astronaut Scott Tingle. Ask me anything about adjusting to being back on Earth after my first spaceflight!* [veffærsla]. Reddit.

https://www.reddit.com/r/IAmA/comments/9fagqy/im_nasa_astronaut_scott_tingle_ask_me_anything/

Tilvísun í sviga: (National Aeronautics and Space Administration, 2018)

Tilvísun í setningu: National Aeronautics and Space Administration (2018)

Vefsvæði og vefsíður

Einungis á að skrá heimild sem vefsvæði eða vefsíðu ef heimildin fellur ekki undir aðrar gerðir heimilda (t.d. tímarit eða blogg). Ef verið er að vísa í nokkrar undirsíður (e. webpages) á vefsvæði (e. website) þarf að skrá þær sérstaklega. Þegar verið er að vísa í vefsvæði í heild sinni, er það ekki skráð í tilvísun né heimildaskrá heldur er heiti vefsíðunnar skrifað í textann og vefslóðin sett í sviga á eftir.

Ef einstaklingur er ekki skráður sem höfundur efnis á vefsíðu er skráð heiti vefsvæðisins í höfundarsæti. Þá er heiti vefsvæðisins sleppt í útgefandasæti.

Best er að gefa eins nákvæma dagsetningu og hægt er fyrir efni á vefsíðum (t.d. skoða hvenær efnið var gefið út, eða uppfært). Bæta á við „sótt af“ dagsetningu á undan vefslóð ef efnið er líklegt til að breytast yfir tíma og þegar eldri útgáfur eru ekki í skjalasafni (e. archive).

Uppsetning fyrir vefsíður:

Höfundur.	(Ártal, dagsetning).	Titill.	Uppruni verks (e. source).	Vefslóð
Erlendur höfundur: Eftirnafn, Upphafsstafur. Upphafsstafur.	(2021). (2020, maí) (2022, 19. október) (e.d.)	<i>Titill vefsíðunnar.</i>	Heiti vefsvæðisins.	https://xxx Sótt 2. febrúar 2022, af https://
Íslenskur höfundur: Fornafn Eftirnafn. Heiti hóps				

Fréttagrein af fréttavef (e. webpage on a news website)

Avramova, N. (2019, 3. janúar). *The secret to a long, happy, healthy life? Think age-positive.* CNN. <https://www.cnn.com/2019/01/03/health/respect-toward-elderly-leads-to-long-life-intl/index.html>

Bologna, C. (2018, 27. júní). *What happens to your mind and body when you feel homesick?* HuffPost. https://www.huffingtonpost.com/entry/what-happens-mind-body-homesick_us_5b201ebde4b09d7a3d77eee1

- Þetta snið er notað fyrir fréttagreinar sem birtar eru á fréttavefum sem ekki eru í prentútgáfu (t.d. BBC News, Bloomberg, CNN, DV.is, HuffPost, MBL.is, MSNBC, Reuters, Salon, Vísir.is, Vox. Þegar verið er að vísa í greinar úr netútgáfu af tímariti eða dagblaði sem gefið er út í prentútgáfu (þar sem sniðið er eins og prentútgáfan), er titill miðilsins skáletraður í stað titils greinar.

Tilvísanir í sviga: (Avramova, 2019; Bologna, 2018)

Tilvísanir í setningu: Avramova (2019) og Bologna (2018)

ATH: Mikilvægt er að skrá fréttagreinar af rafrænum fréttavefjum (án prentútgáfu) undir Web Page í Zotero til að titill greinarinnar sé skáletraður, ekki miðillinn. Þegar um prentútgáfu eða netútgáfu af prentútgáfu er að ræða er fréttagreinin skráð undir Newspaper Article í Zotero en þá verður miðillinn skáletraður í stað titilsins.

Vefsíða með hóphöfundi

Centers for Disease Control and Prevention. (2018, 23. janúar). *People at high risk of developing flu-related complications.* https://www.cdc.gov/flu/about/disease/high_risk.htm

World Health Organization. (2018, mars). *Questions and answers on immunization and vaccine safety*. <https://www.who.int/features/qa/84/en/>

- Í þessum tilfellum er enginn einstaklingshöfundur skráður fyrir efni vefsíðanna og því er heiti vefsvæðanna sett í höfundarsætin. Athugið að hér er heiti vefsvæðanna ekki endurtekið sem uppruni verks (e. source).

Tilvísanir í sviga: (Centers for Disease Control and Prevention, 2018; World Health Organization, 2018)

Tilvísanir í setningu: Centers for Disease Control and Prevention (2018) og World Health Organization (2018)

Vefsíða með skilgreindum einstaklingshöfundi

Martin Lillie, C. M. (2016, 29. desember). *Be kind to yourself: How self-compassion can improve your resiliency*. Mayo Clinic.

<http://www.ethicsguidebook.ac.uk/EthicsPrinciples>

Tilvísun í sviga: (Martin Lillie, 2016)

Tilvísun í setningu: Martin Lillie (2016)

Vefsíða á vefsvæði með skráðri dagsetningu þegar efnið var sótt

U.S. Census Bureau. (e.d.). *U.S. and world population clock*. U.S. Department of Commerce. Sótt 3. júlí 2019 af <https://www.census.gov/popclock/>

- Hér er gefið bæði U.S. Census Bureau og U.S. Department of Commerce þar sem U.S. Census Bureau er undirstofnun U.S. Department of Commerce. Ef heiti móðurstofnunar (e. parent agency) kemur ekki fram í höfundarsæti er hún skráð í útgefandasæti.
- Hér er skráð dagsetning þegar efnið var sótt þar sem efnið er líklegt til að breytast og eldri útgáfur af vefsíðunni eru ekki varðveittar (e. archived).

Tilvísun í sviga: (U.S. Census Bureau, e.d.)

Tilvísun í setningu: U.S. Census Bureau (e.d.)

Reglur um rithátt og notkun á greinarmerkjum

APA reglurnar eru upprunalega fyrir texta sem ritaður er á ensku máli. Þegar verk er ritað á íslensku máli á hins vegar að nota íslensk orð við heimildaskráningu. Það eina sem á ekki að þýða eru heiti (titlar) verka og heiti þeirra rita sem vísað er í. Helsta ósamræmið á milli APA og íslenskra réttitunarreglna er notkun titils- og setningarítháttis, notkun greinarmerkja og skráning nafna.

- Kommur eru notaðar í meira mæli á ensku en í íslensku. Til dæmis er alltaf sett komma á undan „and/&“ á ensku en ekki á undan „og“ á íslensku.
- Hástafir eru notaðir í mun meira mæli á ensku. Sjá nánar um titil-rithátt (e. title case).
- Þegar nöfn erlendra höfunda eru skráð eru gefnir upphafsstafir fornafna þeirra á eftir eftirnafni en fyrir íslenska höfunda eru fornöfn þeirra skrifuð í heild sinni og fornafnið kemur á undan eftirnafninu. Dæmi: Adams, P. og Guðrún Einarsdóttir.
- Í tilvísunum eru bara eftirnöfn erlendra höfunda skráð en full nöfn íslenskra höfunda. Dæmi: (Adams, 2020). (Guðrún Einarsdóttir, 2017).

Eins og sjá má þarf að huga að ýmsum smáatriðum þegar verið er að íslenska APA staðalinn. Þýðingar fyrir mismunandi tegundir heimilda má finna í köflunum hér á undan en í töflu 5 hér að neðan má sjá þýðingar yfir algengustu orðin sem þarf að þýða.

ATH: Til að stilla Zotero á íslensku er farið í Edit – Preferences – Advanced – Language – „íslenska“.

Tafla 5: Íslenskun á algengustu hugtökum APA staðalsins

Það sem verið er að vísa í	Í tilvísunum og heimildaskrá þegar ritað er á íslensku	Í tilvísunum og heimildaskrá þegar ritað er á ensku
Árgangur tímarits	árg.	vol.
Blaðsíðutal	bls.	p. (ein bls.) eða pp. (fleiri en ein blaðsíða)
Bindi í ritverki	bindi	vol.
Engin dagsetning	e.d.	n.d.
Hluti	hl.	pt.
Kafla í bók	í	In
Milli nafna	og	and (utan sviga) og & (innan sviga og í heimildaskrá)
Númer	nr.	No.
Og fleiri	o.fl.	et al.
Ritstjóri/-ar	ritstj.	Ed. (einn ritstj.) eða Eds. (fleiri ritstjórar)
Hvenær verk er sótt og hvaðan	Sótt dagsetning. mánuður ártal af http://xxxxx	Retrieved Month Date, Year, from https://xxxxx
Útgáfa	útg. – 2. útg.	ed.
Þýðandi	þýð.	Transl.

Notkun á punkti

- Setja á punkt á eftir hverju grunnatriði heimildaskráningar – á eftir höfundi, ártali, titli, og uppruna verks (útgefanda, fræðilegu tímariti, fjölmiðli, vefsíðu o.s.frv.). Eina undantekningin er að ekki á að setja punkt á eftir DOI eða vefslóðum.
- Settur er punktur á eftir upphafsstöfum erlendra höfunda og á eftir fullu nafni íslenskra höfunda.

Dæmi:

Atkin, C. K. (2008).

Jón Leifsson. (2001).

- Setja á punkt á eftir tilvísunarsviga (ekki á undan honum) til að ljúka setningu. Sjá yfirstrikun í gulu til áherslu í dæmunum hér að neðan. Eina undantekningin er þegar um beina tilvitnun (fleiri en 40 orð) er að ræða en þá á að ljúka beinu tilvitnuninni með punkti á undan tilvísunarsviga. Þá er ekki settur punktur á eftir tilvísunarsviga. Í óbeinum tilvitnunum eða beinum tilvitnunum (færri en 40 orð) kemur punkturinn alltaf á eftir tilvísunarsviganum.

Rangt:

Effective teams can be difficult to describe because “high performance along one domain does not translate to high performance along another.” (Ervin et al., 2018, p. 470)

Rétt:

Effective teams can be difficult to describe because “high performance along one domain does not translate to high performance along another” (Ervin et al., 2018, p. 470).

Notkun á kommu

- Setja á kommu á milli eftirnafns og upphafsstafs fornafns erlendra höfunda

Uppsetning:

Eftirnafn, Upphafsstafur. Upphafsstafur.

Dæmi:

Brown, I. O.

- Þegar heimildir eru skráðar á ensku á að setja kommu á milli höfunda (líka þegar um tvo erlenda höfunda er að ræða) og einnig á undan „and“ og „&“.

Uppsetning þegar tveir höfundar eru skráðir á ensku:

Author A, and/& author B.

Dæmi:

Brown, I. O., and Wissinger, A.

Uppsetning þegar þrír eða fleiri höfundar eru skráðir á ensku:

Author A, Author B, and/& Author C.

Dæmi:

McDaniel, S. H., Salas, E., & Kazak, A. E.

- Þegar heimildir eru skráðar á íslensku er ekki sett komma á milli tveggja höfunda eða á undan „og“.

Uppsetning þegar tveir höfundar eru skráðir á íslensku:

Höfundur A og höfundur B.

Dæmi:

Hulda Einarsdóttir og Unnar Kristinsson.

Uppsetning þegar þrír eða fleiri höfundar eru skráðir á íslensku:

Höfundur A, höfundur B, höfundur C, höfundur D og höfundur E.

Dæmi:

Burin, D., Kilteni, K., Rabuffetti, M., Slater, M. og Pia, L.

- Setja á kommu á milli heiti tímarits og árgangs.

Dæmi:

New Media & Society, 20

ATH: Bæði heiti tímarits og númer árgangs er skáletrað. Sjá nánar um skáletrun hér að neðan.

- Setja á kommu á eftir sviga þar sem fram kemur tölublað, á undan blaðsíðutali:

Dæmi:

New Media & Society, 20(7), 729-747.

ATH: Tölublað í sviga er ekki skáletrað né blaðsíðutal. Sjá nánar um skáletrun hér að neðan.

Skáletrun

- Titill verks er skáletraður ef verkið er sjálfstætt (ekki hluti af stærra heildarverki).

Dæmi:

Burgess, R. (2019). *Rethinking global health: Frameworks of power*.
Routledge.

- Titill heildarverks (t.d. tímarits eða ritstýrðrar bókar eftir marga höfunda) er skáletrað ef notast er við verk (t.d. grein eða kafla) sem er hluti af heildarverkinu.

Dæmi:

Anderson, M. (2018). Getting consistent with consequences. *Educational Leadership*, 76(1), 26-33.

Gott að muna: Tímarit (greinasöfn) eru alltaf skáletruð.

- Ef titill bókar, skýrslu, vefsíðu eða annarra sjálfstæðra verka eru nefndur í texta er titillinn skáletraður. Einnig er notast við titil-rithátt (e. title case) í textanum sjálfum þó það sé ekki gert í heimildaskrá.

Dæmi:

Concise Guide to APA Style.

- Titill tímarits (greinasafns) er ávallt skáletraður, bæði í texta og heimildaskrá.

Dæmi:

Cultural Diversity & Ethnic Minority Psychology.

- Númer árgangs fyrir (fræðileg) tímarit er skáletrað í heimildaskrá.

Dæmi:

Neuropsychology, 30(50), 525-531

- Heiti á lífverum eru skáletruð.

Dæmi:

Cebus apella

- Tölfræðitákn eru skáletruð.

Dæmi:

Cohen's $d = 0.084$

$t(20) = 0.86$

$F(1, 27) = 0.57$

- Skáletra á heiti endapunkta á mælikvarða, en ekki númerin sjálf.

Dæmi:

Notast var við Likert kvarða á skalanum 1 (*mjög ósammála*) til 5 (*mjög sammála*). Í næstu spurningu var spurt um hversu líklegt er að... (1 = *mjög ólíklegt* til 5 = *mjög líklegt*).

- Skáletra skal greinarmerki (s.s. kommur, tvípunkta og spurningarmerki) sem koma fram innan þess texta sem á að skáletra (ef greinarmerki er hluti af titli).

Dæmi:

Í bókinni *Chicken or Egg: Who Comes First?* eftir Miles og Sweet (2017)...

- Hinsvegar á ekki að skáletra greinarmerki sem koma á eftir til aðgreiningar frá næstu setningu eða næstu heimild (greinarmerki sem eru ekki hluti af titli).

Dæmi:

#HashtagActivism: Networks of race and gender justice.

What is *plurality*?

- Notast skal sparlega við skáletrun í þeim tilgangi að *leggja áherslu á eitthvað*. Áhersla með skáletrun getur þó verið mikilvæg ef merkingin getur annars verið misskilin eða til að fá lesandann til að staldra aðeins lengur við orðið. Betra er að notast við syntax til að leggja áherslu á eitthvað. Í töflum með tölfræðilegum upplýsingum er í lagi að nota skáletrun eða feitletrun til að leggja áherslu á helstu niðurstöður.

Notkun gæsalappa

Þegar skrifað er á íslensku á alltaf að nota „íslenskar gæsalappir“ (niðri 99 og uppi 66) en þegar skrifað er á ensku eru notaðar „enskar gæsalappir“ (báðar uppi – 66 og 99).

Ef titill tímaritsgreinar eða bókakafli er nefndur í texta á að setja gæsalappir í kringum titilinn í textanum. Titlar á ensku eru skrifaðir með hástöfum (e. title case) í textanum sjálfum. Athugið að hvorki er notast við gæsalappir né hástafi í titlinum í heimildaskránni.

Dæmi þegar titill tímaritsgreinar er nefndur í texta:

Í tímaritsgreininni „Motivating Job Characteristics and Happiness at Work: A Multilevel perspective,“ lýsa Oerlemans og Bakker (2018) því hvernig...

Dæmi um það hvernig titill tímaritsgreinar er skráður í heimildaskrá:

Oerlemans, W. G. M. og Bakker, A. B. (2018). Motivating job characteristics and happiness at work: A multilevel perspective. *Journal of Applied Psychology*, 103(11), 1230–1241. <https://doi.org/10.1037/apl0000318>

Notkun á tvípunktum

- Þegar heimild er skráð í heimildaskrá er yfirtitill verks aðskilinn frá undirtitli með tvípunkti.

Uppsetning:

Yfirtitill: Undirtitill.

Dæmi:

Tufekci, Z. (2017). *Twitter and tear gas: The power and fragility of networked protests*. Yale University Press.

Arora, P. (2020, 11. maí). *Technology for a social cause: TikTok and Asia's mobile-first nations*. Friedrich Ebert Stiftung.

ATH: Það er bara settur hástafur á fyrsta staf í fyrsta orði nema þegar um sérnafn er að ræða sem ávallt er skrifað með hástafi. Þetta er kallað setninga-ritháttur (e. sentence case). Sjá nánar umfjöllun um hástafi og lágstafi hér að neðan.

Framsetning áherslupunkta (e. bulletpoints)

Þegar texti er settur upp sem áherslupunktur (e. bulletpoints) á að setja punkt á eftir hverjum áherslupunkti ef um heila setningu er að ræða. Þá á hver setning að byrja á hástaf og enda á punkti. Ef um upptalningu er að ræða, þar sem hver punktur er ekki heil setning, á að byrja hvern punkt á lágstaf (fyrir utan sérnöfn sem ávallt eru skrifuð með stórum staf). Þá er valkvætt að enda hvern punkt á engu greinarmerki, sem er algengt þegar hver punktur er stuttur, eða setja kommu eða semíkommu í lok hvers punkts. Slíkt er æskilegra þegar hver punktur er langur eða flókinn. Þegar þörf er á að setja tilvísun er hún sett í sviga fyrir aftan seinasta punktinn (í sömu línu).

Einn svigi í stað tveggja sviga á eftir hvor öðrum

Stundum eru gefnar upplýsingar í röð sem eiga báðar að koma innan sviga. Sem dæmi, enskt heiti á hugtaki (e. concept) og svo heimildatilvísun. Ekki á að setja tvo sviga í röð. Í staðinn á að notast við einn sviga og setja semíkommu á milli til aðgreiningar.

Rétt:

(e. flow; Csikszentmihalyi, 2014)

Rangt:

(e. flow) (Csikszentmihalyi, 2014)

Hástafir og lágstafir

Í APA er bæði notast við titil-rithátt (e. title case) og setninga-rithátt (e. sentence case) í enskum titlum. Þegar notast er við titil-rithátt (e. title case) hefjast öll meginorð (nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, atviksorð, fornöfn og öll orð með fjórum eða fleiri stöfum) með hástöfum. Í setninga-rithætti (e. sentence case) eru flest orð (fyrir utan sérheiti) skrifuð

með lágstöfum. Í íslenskum heimildaskráum þar sem titlar eru á íslensku er alltaf notaður setninga-ritháttur.

Titil-ritháttur (e. title case)

Titil-ritháttur gildir fyrir:

- Enska titla tímaritsgreina, bóka, skýrslna og annarra verka sem nefnd eru í textanum eða í tilvísunarsviga.

ATH: Ekki á að nota titil-rithátt þegar titillinn er skráður í heimildaskrá.

Dæmi um notkun á titil-rithætti þegar titill bókar er nefndur í texta:

Í bókinni *Bilingualism Across the Lifespan: Factors Moderating Language Proficiency* ræðir...

ATH: Hér er notuð skáletrun þar sem um bók er að ræða. Sjá nánar í kaflanum um skáletrun.

Dæmi um notkun á titil-rithætti þegar titill tímaritsgreinar er nefndur í texta:

Í greininni „Media Influences on Self-Stigma of Seeking Psychological Services: The Importance of Media Portrayals and Person Perception“ er talað um...

ATH: Hér eru hafðar gæsalappir þar sem titill greinar í tímariti er ekki skáletraður í heimildaskrá.

Nota á titil-rithátt þegar:

- Talað er um heiti enskra mælitækja (e. tests, measures, subscales).
- Í öllum fyrirsögnum á ensku (bæði í titli verks og kaflaheitum).
- Fyrir heiti enskra tímarita.
- Fyrir ensk heiti á töflum og myndritum. Heitin eru einnig skáletruð.

Í titil-rithætti eru eftirfarandi orð skrifuð með hástöfum:

- Fyrsta orð í titli, jafnvel þótt að orðið sé stutt (t.d. The).
- Fyrsta orð í undirtitli, jafnvel þótt að orðið sé stutt (t.d. The).
- Fyrsta orð á eftir tvípunkti, bandstriki og punkti, jafnvel þótt að orðið sé stutt (t.d. The). Ef orð er skrifað með bandstriki, t.d. Self-Report á einnig að setja hástaf á seinna orðið (ekki Self-report).
- Nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, atviksorð, fornöfn og öll orð með fjórum eða fleiri stöfum á að skrifa með hástöfum.

Eftirfarandi orð eru skrifuð með lágstöfum í titil-rithætti:

- Orð sem eru þrír stafir eða minna (nema orðið sé í byrjun setningar – sjá undantekningar hér að ofan).
- Öll ensk samtengingarorð: And, as, but, for, if, nor, or, so, yet.

- Öll ensk orð sem mynda greini: A, an, the.
- Allar stuttar forsetningar á ensku: As, at, by, for, in, of, off, on, per, to, up, via.

ATH: Ef að höfundur notar hástafi og lágstafi á óhefðbundinn hátt í nafni sínu (t.d. einungis lágstafi eða einungis hástafi) skal halda því.

Setninga-ritháttur (e. sentence case)

Þegar notaður er setninga-ritháttur eru lágstafir í flestum orðum. Í enskum titlum á einungis að nota hástafi í eftirfarandi orðum:

- Fyrsta orði í titli eða fyrirsögn.
- Fyrsta orði í undirfyrirsögn.
- Fyrsta orði á eftir tvípunkti, semíkommu, bandstriki eða punkti í fyrirsögn.
- Nafnorðum (sem ávallt eru skrifuð með hástaf s.s. nöfn eða heiti einhvers).
- Nafnorðum á undan tölum.

Dæmi:

Figure 3
Appendix A
Footnote 1
Grant AG11214
Table 1
Row 5
Column 4
Research Question 1
Days 3-5
Part 3
Chapter 2)

- Eina undantekningin er e. page og paragraph, en hefð er fyrir því að skrifa þau orð með lágstöfum (t.d. page, 1, paragraph 6)

ATH: Í íslenskum titlum er alltaf hástafur á eftir punkti, tvípunkti og í sérheitum. Annars ekki. Á eftir semíkommu kemur alltaf lítill stafur í íslensku.

Nota skal setninga-rithátt fyrir:

- Titla tímaritsgreina, bóka, skýrslna, vefsíða og annarra verka í heimildaskrá. Enskir titlar eru þó skrifaðir með titil-rithætti ef þeir eru nefndir í megintextanum sjálfum. Sjá nánar upplýsingar og dæmi um titil-rithátt hér að ofan.

ATH: Það á alltaf að skrifa titil verks með setninga-rithætti í heimildaskrá, jafnvel þótt að notast hafi verið við titil-rithátt í upprunalegu verki.

Dæmi um skráningu titla í heimildaskrá með setningarithætti:

Golden, A. R., Griffin, C. B., Metzger, I. W. og Cooper, S. M. (2018). School racial climate and academic outcomes in African American adolescents: The

protective role of peers. *Journal of Black Psychology*, 44(1), 47–73.
<https://doi.org/10.1177/0095798417736685>

Mena, J. A. og Quina, K. (ritstjórar). (2019). *Integrating multiculturalism and intersectionality into the psychology curriculum: Strategies for instructors*. American Psychological Association. <https://doi.org/10.1037/0000137-000>

- Notast á við setninga-rithátt fyrir heiti dálka og lína í töflum (e. table column headings, entries, and notes).
- Notast á við setninga-rithátt fyrir útskýringartexta í myndritum (e. figure notes).

ATH: Íslenskir titlar eru alltaf skrifaðir í setninga-rithætti.

Hvenær á að skrifa tölur með tölustöfum og bókstöfum

Samkvæmt APA er meginreglan sú að allar tölur frá og með 10 á að skrifa með tölustöfum á meðan tölur undir 10 (frá núll upp í níu) á að skrifa með bókstöfum. Á þessu eru þó þónokkrar undantekningar:

- Þegar verið er að ræða tölur frá núll upp í níu í tölfræði- eða stærðfræðilegum skilningi á að skrifa þær með tölustöfum.

Dæmi:

Margfaldað með 5
 3 sinnum fleiri
 Í hlutfallinu 4:1
 Einungis 5%
 Í 5. sæti
 7 cm

- Þegar talað er um tölur í samhengi við tímasetningar, dagsetningar, aldur, fjölda stiga, fjölda svarmöguleika og peningaupphæðir á að skrifa þær með tölustöfum.

Dæmi:

4 dagar
 2 aldir
 klukkan 8:30 að morgni
 2 ára
 9 mánaða
 4 stig
 númer 6 í röðinni
 fyrir um 3 árum
 að verðmæti 7 Bandaríkjadollara.

- Þegar vísað er í númer spurninga, númer á töflum, myndritum o.s.frv. og númer dálks eða línu í töflu skiptir máli hvort að númerið kemur á undan nafnorðinu eða á eftir. Ef tala (frá núll upp í níu) kemur á undan nafnorðinu á að skrifa hana með bókstöfum.

Dæmi:

Á fyrsta ári
 í fjórða bekk
 í 10. bekk (hér er talan komin yfir tíu og því skrifuð með tölustöfum)
 í þriðju spurningunni
 í fyrstu töflunni
 í öðrum dálki
 í fjórðu línu
 í öðrum kafla
 í 12. kafla (hér er talan komin yfir 10 og því skrifuð með tölustöfum).

Ef talan kemur hins vegar á eftir nafnorðinu á að skrifa töluna með tölustöfum.

Dæmi:

Á ári 2
 spurning 3
 tafla 1
 dálkur 8
 lína 3
 kafli 1
 kafli 12.

- Þegar setning, titill eða fyrirsögn byrjar á tölu á að skrifa töluna með bókstöfum. Ef talan er flókin getur verið betra að endurorða setninguna þannig að hún hefjist ekki á tölu.

Dæmi:

Fjörutíu og átta prósent þátttakenda...

- Þegar notast er við algengt hlutfall er betra að skrifa það með bókstöfum.

Dæmi:

Um helmingur
 einn þriðji þátttakenda.

- Þegar tölur koma fram í heitum á að skrifa þær með bókstöfum.

Dæmi:

Twelve Apostles
 Five Pillars of Islam.

ATH: Í rafræna ritinu *Íslensk réttitun* (Jóhannes B. Sigtryggsson, 2021) sem gefið er út af Árnastofnun er meðal annars rætt um það hvort skrifa eigi tölur og tölustafi með bókstöfum eða tölustöfum. Reglurnar samræmast að vissu leyti APA reglunum en þó með nokkrum undantekningum. Notast á við íslenskar réttitunarreglur þegar ritað er texta á íslensku. Sjá nánar hér: [11 Tölur og tölustafir - Íslensk réttitun \(arnastofnun.is\)](https://arnastofnun.is)

Tíð sagna í mismunandi köflum rannsóknarritgerða

APA mælir með notkun á eftirfarandi tíðum í mismunandi köflum rannsóknarritgerða.

Tafla 6: Tíð sagna í mismunandi köflum rannsóknarritgerða

Kafli	Tíð sem mælt er með að nota	Dæmi
Fræðikafli	Nútíð	Samkvæmt Quinn (2020) er
	Núliðin tíð (e. present perfect)	Síðan þá hafa margir rannsakendur notað
Aðferðafræðikafli	Þátíð	Þátttakendur svöruðu spurningakönnun
	Núliðin tíð (e. present perfect)	Aðrir hafa notast við svipaða nálgun
Niðurstöður	Þátíð	Niðurstöður voru þátttakendur svöruðu
Umræða (ályktanir, samantekt, takmarkanir, áframhaldandi rannsóknir)	Nútíð	Niðurstöðurnar gefa til kynna þetta sýnir að Takmarkanir rannsóknarinnar eru

Viðmið um uppsetningu skjala samkvæmt APA

Í *Publication Manual of the American Psychological Association* eru ákveðnar leiðbeiningar varðandi uppsetningu ritgerða. Þær eru sérstaklega ætlaðar fyrir tímaritsgreinar sem birtar eru í APA tímaritum en einnig eru gefnar upplýsingar um uppsetningu nemendaritgerða. Hér á eftir er farið yfir helstu atriðin varðandi uppsetningu nemendaritgerða samkvæmt APA.

Athugið að uppsetning skjala getur verið smekkatríði. T.d. leggur APA til tvöfalt línubil í öllu skjalinu en algengt er að í háskólum sé notast sé við eitt og hálf línubil. Aðrir leggja til 1,15 línubil (Jóhannes B. Sigtryggsson, 2021). Einnig á inndráttur efnisgreina að vera 1,27 cm samkvæmt APA á meðan Árnastofnun leggur til 0,5 cm fyrir 12 punkta letur (Jóhannes B. Sigtryggsson, 2021). Bæði APA og Árnastofnun leggja þó til að notast sé við vinstrijöfnun (e. align left) þar sem hver lína hefst á sama stað vinstra megin en línurnar eru ójafnar hægra megin, í stað þess að heiljafna textann (e. justify) svo allar línur byrji og endi á sama stað báðum megin. Ástæðan er sú að með því að heiljafna textann, sem getur litið út fyrir að vera fjarska fallegt, myndast ójöfn bil á milli orða til að gera allar línur jafnar en með vinstrijöfnun er komist hjá því.

Við uppsetningu skjala er mikilvægast að nemendur notist við einfalt letur í leturstærð 11 eða 12. Einnig þarf að passa samræmi í útliti til að efnið sé auðlesanlegt. Það þarf að passa samræmi í leturgerð, leturstærð, fyrirsögnum, línubilum, bilum, inndrætti og jöfnun texta (e. alignment).

Ef kennari eða leiðbeinandi leggur ekki til ákveðna uppsetningu á ritgerðum og verkefnum er hægt að fylgja viðmiðum APA sem útlistað er hér að neðan eða viðmiðum Árnastofnunar, sjá nánar hér: [2 Útlit texta - Íslensk réttitun \(arnastofnun.is\)](https://arnastofnun.is/utlit-texta-islensk-rettritun) Mikilvægt er þó að fylgja APA þegar kemur að því að setja upp heimildaskrá þar sem línurnar á eftir þeirri fyrstu eru dregnar inn (Paragraph – Indentation – Special: Hanging – By 1,27 cm) fyrir hverja heimild.

Hér má finna sýnidæmi (á ensku) um nemendaritgerð sem sett er upp samkvæmt APA: <https://apastyle.apa.org/style-grammar-guidelines/paper-format/student-annotated.pdf>

Blaðsíðutal

Setja á blaðsíðutal í efra hornið hægra megin (e. page header) á hverri blaðsíðu. Titilsíðan telst vera fyrsta síðan.

Línubil

Samkvæmt APA á að notast við tvöfalt línubil í öllu skjalinu – á titilsíðu, í útdrætti, megintexta, fyrirsögnum, tilvitnunum, heimildaskrá, töflum og myndritum, og viðaukum. Þó eru sérstök tilfelli sem ber að hafa í huga:

- **Titilsíða:** Texti á titilsíðu er með tvöföldu línubili, auk þess sem sett er auð lína á milli fyrirsagnar og undirfyrirsagnar.
- **Texti í töflu eða myndriti:** Allur texti sem kemur fram í töflu eða myndriti má vera með einföldu línubili, einu og hálfu línubili eða tvöföldu línubili, eftir því hvaða framsetning hentar best. Ef tafla eða myndrit kemur í framhaldi af texta (á sömu blaðsíðu) skal setja auka línubil á milli textans og töflunnar eða myndritsins.
- **Neðanmálsgreinar (e. footnotes):** Notast skal við einfalt línubil í neðanmálsgreinum. Notast skal við sjálfgefna stillingar forritsins.

- **Fyrirsagnir:** Ekki er þörf á að bæta við auðum línunum fyrir og á eftir fyrirsögnum, jafnvel þótt að fyrirsögnin sé neðst á blaðsíðu.

Spássíur

Spássíur (vinstra megin, hægra megin, uppi og niðri) á blaðsíðu eiga að vera 2,54 cm (1 inch). Þetta er vanalega sjálfgefin stilling.

Jöfnun efnisgreina

Efnisgreinar eiga að vera til vinstrijafrá (e. aligned to left) þar sem textinn er ójafn hægra megin á blaðsíðunni. Textinn á ekki að vera jafn á báðum hliðum (e. justified) þar sem það eykur bil á milli orða mismikið til að gera allar línur jafnar. Ekki á að skipta orðum upp á milli setninga með bandstriki. Ekki á að skipta DOI eða vefslóðum upp á milli lína nema forritið geri það sjálfkrafa.

ATH: Ekki á að setja auðar línar á milli efnisgreina undir sama (undir)kaflaheiti.

Inndráttur efnisgreina (e. indentation)

Samkvæmt APA á fyrsta lína í hverri efnisgrein að vera dregin inn um 1,27 cm (0.5 inch), eins og gert er í þessu skjali. Best er að notast við „tab“ hnappinn á lyklaborðinu. Notast má við sjálfgefna stillingu á „tab“. Undantekningar á þessu eru þó nokkrar:

- Fyrirsagnir. Sjá uppsetningu á fyrirsögnum hér að ofan.
- Fyrsta lína í útdrætti á ekki að vera dregin inn.
- Beinir tilvitnanir (fleiri en 40 orð) eiga að vera dregnar inn um 1,27 cm (0.5 inch) í heild sinni (allar línur eiga að vera dregnar inn). Ef bein tilvitnun er fleiri en ein málsgrein þarf að draga næstu málsgrein inn um auka 1,27 cm og svo koll af kolli. Önnur málsgrein er þá dregin inn um 2,54 cm (1 inch) og þriðja málsgrein 3,81 cm (1,5 inch).
- Töfluheiti/númer eru ekki dregin inn.
- Hver heimild í heimildaskrá á að vera e. hanging um 1,27 cm (0.5 inch). Þetta er gert í Microsoft Word með því að fara í Paragraph – Indentation og undir Special: er valið hanging og bilið stillt í glugganum til hliðar.

Fyrirsagnir

Fyrirsagnir (e. headings) hjálpa lesendum að skilja hvernig skjalið er uppsett og við að finna upplýsingar. Fyrirsagnir þurfa að vera hnitmiðaðar en nógu langar til að gefa nógu vel til kynna efni kaflans. Þær eiga helst að geta gefið til kynna lykilpunkta í rökfærslu og hjálpað til við uppbyggingu á rökfærslu. Með öðrum orðum, þá eiga fyrirsagnir að gefa til kynna hinn rauða þráð í gegnum ritgerðina.

Samkvæmt APA eru fimm gerðir af fyrirsögnum sem aðgreindar eru með númerum (e. Heading 1-5). Fyrsta fyrirsögn (e. Heading 1) er notuð fyrir aðalkaflaheiti. Notast er við hinar fjórar gerðirnar af fyrirsögnum fyrir undirkaflaheiti. Fyrirsögn 2 er notuð sem undirfyrirsögn undir fyrstu fyrirsögn, fyrirsögn 3 er notuð sem undirfyrirsögn undir fyrirsögn 2 o.s.frv. Allar fyrirsagnir af svipuðum toga eða með svipað mikilvægi eiga að vera af sömu gerð. Ef notast er við undirfyrirsagnir í kafla þurfa þær að vera a.m.k. tvær – forðast skal að nota eina undirfyrirsögn í kafla.

Fyrirsagnir fyrir öll helstu kaflaheiti – útdrátt, formála, efnisyfirlit, titil verks á fyrstu blaðsíðu textans (í stað þess að skrifa „Inngangur“), fræðiyfirlit, aðferðafræði, niðurstöður,

umræðu, heimildaskrá og viðauka – eiga að vera efst á blaðsíðu fyrir miðju (e. centre text) með feitletrun (e. bold).

ATH: Ekki er þörf á að skrifa „Inngangur“ sem fyrirsögn þar sem verk hefjast alltaf á inngangi. Samkvæmt APA á að setja titil verksins í staðinn efst fyrir miðju (e. center text). Titillinn er feitletraður (e. bold). Þó má notast við undirfyrirsagnir í inngangi sem hefjast þá á annarri fyrirsögn (e. Heading 2).

Tafla 7: Fyrirsagnir

Númer fyrirsagnar	Snið
1	Texti fyrir miðju (e. centre text), feitletraður (e. bold) og með hástöfum (e. title case) fyrir enska titla Hér hefst ný efnisgrein.
2	Texti til vinstri (e. align to left), feitletraður (e. bold) og með hástöfum (e. title case) Hér hefst ný efnisgrein.
3	<i>Texti til vinstri (e. align to left), feitletraður (e. bold), skáletraður, hástafir (e. title case)</i> Hér hefst ný efnisgrein.
4	Textinn er inndreginn á fyrstu línu (indented), feitletraður (e. bold), hástafir (e. title case), titillinn endar á punkti. Nýja efnisgreinin byrjar í sömu línu og fyrirsögnin og heldur áfram.
5	<i>Textinn er inndreginn á fyrstu línu (indented), feitletraður (e. bold), skáletraður (e. italic), hástafir (e. title case), titillinn endar á punkti.</i> Nýja efnisgreinin byrjar í sömu línu og fyrirsögnin og heldur áfram.

Á næstu blaðsíðu má sjá dæmi um uppsetningu fyrirsagna.

Munur á sjálfstrausti eftir aldri og kyni

Titill verks

Munur eftir kyni og aldri

Fyrirsögn 2

Menningarlegur munur

Fyrirsögn 2

Aðferðafræði

Fyrirsögn 1

Þátttakendur

Fyrirsögn 2

Mælingar

Fyrirsögn 2

Sjálfstraust

Fyrirsögn 3

Félagshagfræðilegir mælikvarðar á sjálfstrausti.

Fyrirsögn 4

Verg landsframleiðsla á mann.

Fyrirsögn 5

Mannþróunarvísitalan.

Fyrirsögn 5

Jafnrétti

Fyrirsögn 3

Gender Gap Index.

Fyrirsögn 4

Kosningaréttur kvenna.

Fyrirsögn 4

Framkvæmd

Fyrirsögn 2

Niðurstöður

Fyrirsögn 1

Munur eftir kyni og aldri í mismunandi menningum

Fyrirsögn 2

Tengsl við menningu

Fyrirsögn 2

Umræða

Fyrirsögn 1

Takmarkanir og áframhaldandi rannsóknir

Fyrirsögn 2

Samantekt

Fyrirsögn 2